UNNUR MARÍA BERGSVEINSDÓTTIR

*Mikilvægt að fá bæði hollan og góðan mat*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




HREFNA RÓSA JÓHANNSDÓTTIR SÆTRAN

*Eina stelpan í hópnum*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. október 2008 — 298. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR



### Öflug höfundasmiðja

Hugleikur fagnar 25 ára starfsafmæli með stuttverka-dagskrá og leiksýningu.

TÍMAMÓT 20



### Átaka-hljómsveit

Jón Egill Bergþórsson frumsýnir heimildarmynd um Sálina hans Jóns míns.

FÓLK 28

### Jafnvægið raskast

„Deila má um, hvort skipan peningamála á Íslandi hin síðari ár hafi verið heppileg. En henni er ekki um að kenna“, skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 18



### Minnsta kaffihús Íslands

Íslendingar kunna vel að meta sterkan og góðan kaffisopa á Café D'Haiti.

TILVERA 12

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝNAR** Í dag verða suðvestan 10-20 m/s á Vestfjörðum og norðan til, hvassast með ströndinni, en 5-10 m/s víðast annars staðar. Fer að rigna vestan til nálægt hádegi. Hiti víðast 5-10 stig síðdegis.

VEÐUR 4




# Álver í Helguvík í fjórum áföngum

**Hugmyndir um álver Norðuráls í Helguvík eru í endurskoðun. Stjórnvöldum hafa verið kynntar hugmyndir um fjóra nítíu þúsund tonna áfanga. Gangur er í framkvæmdum og engum hefur verið sagt upp. Óvissa er þó um framhaldið.**

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnendur Norðuráls hafa nýverið kynnt stjórnvöldum hugmyndir um að álver í Helguvík verði reist í fjórum áföngum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er gert ráð fyrir 90 þúsund tonna ársframleiðslu í hverjum áfanga. Því verði í heild framleidd 360 þúsund tonn af áli árlega, þegar upp er staðið.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, vildi aðeins segja að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um framhaldið.

Upphaflega var gert ráð fyrir 150 þúsund tonna ársframleiðslu í fyrsta áfanga, stækkun í 250 þúsund tonna framleiðslu í öðrum áfanga og svo hugsanlega frekari stækkun. Framleiðsla átti að hefjast árið 2010.

Mat á umhverfisáhrifum gerir ráð fyrir allt að 250 þúsund tonna framleiðslu. Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, hefur sagt að yrði álverið stærra, þá þyrfti nýtt umhverfismat og leyfi.

Vinna við bygginguálversins hófst í haust. Margir hafa áhyggjur af framhaldinu. Forsvarsmenn Íslenskra aðalverktaka sem starfa í Helguvík bíða ákvarðana Norðuráls.

Yfir 200 manns hefur verið sagt upp í byggingariðnaði á Suðurnesjum undanfarið. Engir starfsmenn í Helguvík hafa misst vinnuna. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis segir Fréttablaðinu frá einum verktaka í Helguvík, sem hefur ákveðið að fella niður yfirvinnu. Að öðru leyti sé vinna í fullum gangi.

Engar breytingar hafa verið gerðar á tekjuáætlunum hjá Reykjaneshöfn. Efnissala til framkvæmdanna mun þó vera í endurskoðun.

Eftir því sem næst verður komist eru opinberir aðilar bjartsýnir á að fjármögnun framkvæmdanna í Helguvík gangi vel. - ikh



**TIL HAMINGJU!** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra faðmar hér Margréti Láru Viðarsdóttur eftir að sætið á EM var í höfn. Margrét Lára skoraði tólfta mark sitt í undankeppninni í leiknum á móti Írum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Kvennalandsliðið vann öruggan 3-0 sigur á liði Íra á Laugardalsvellinum í gær:

# Stelpurnar okkar spila á EM 2009

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið varð í gær fyrsta A-landsliðið í knattspyrnu sem tryggir sér sæti í úrslitakeppni á stórmóti þegar liðið vann Írland 2-0 á gaddfreðnum Laugardalsvellinum. Stelpurnar okkar verða því meðal tólf þjóða sem taka þátt í EM í Finnlandi sem fram fer 23. ágúst til 10. september á næsta ári.

„Ég táraðist bara úr gleði þegar leikurinn var flautaður af. Ég er búin að vera í þessu lengi og þetta er einfaldlega toppurinn og við munum njóta sigursins í botn,“ segir Katrín Jónsdóttir fyrirliði.

„Við erum búnar að bæta okkur ótrúlega upp á síðkastið og hópurinn er frábær. Við misstum heldur aldrei trúna á þessu markmiði okkar. Stuðningurinn skipti öllu máli. Að fá svona marga á völlinn í þessum kulda var stórkostlegt,“ segir Katrín. - óój, óþ /sjá síðu 30



**ARNALDUR INDRIÐASON** Þrjár milljónir eintaka bóka hans hafa selst í Þýskalandi.

Enn eitt met Arnaldar:

# Fimm milljóna múrinn rofinn

**MENNING** „Já, það hlýtur að vera mikið gleðiefni hvernig gengið hefur með þessar bækur mínar um allan heim; í Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Noregi, Hollandi og svo í 36 útgáfulöndum öðrum,“ segir Arnaldur Indriðason metsöluhöfundur.

Arnaldur hefur nú náð þeim einstæða áfanga að rjúfa fimm milljóna múrinn. Það er, hann hefur selt fleiri eintök bóka sinna en fimm milljónir á heimsvísu. Mest er salan í Þýskalandi, eða þrjá milljónir eintaka seld. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, segir ekki nákvæmar tölur til um sölu eintaka á Íslandi en það láti nærri að eitt eintak sé til á hvern íbúa í bókahillum landsmanna. - jbg / sjá síðu 34

Ólafsfell í vanda:

# Óvissa með sjónvarpsþætti

**MENNING Óvissa ríkir um hvort fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar, Ólafsfell, geti staðið við samning sem það gerði á síðasta ári um að styrkja framleiðslu leikins innlends efnis hjá Ríkissjónvarpinu. Sá samningur hljóðaði upp á 100 til 150 milljónir en RÚV átti að láta jafn háa upphæð af hendi. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur 45 milljónum af þessum samningi þegar verið ráðstafað.**

**„Við vorum búnir að fá átta milljónir af 25 og því vantar enn sautján milljónir upp á,“ segir Snorri Þórisson hjá Pegasus, sem framleiðir spennuþættina Hamarinn.** - fgg / sjá síðu 8





Jólatilboðs-bæklingur Betra Bak fylgir blaðinu í dag.



## SPURNING DAGSINS



*Tómas, óttast þú ekki að fá hníf Abrahams í bakið?*

„Nei, það eina sem ég óttast er að fá fljúgandi Hollending í bakið.“

Tómas Hermannsson er útgefandi hjá forlaginu Sögum sem gefur út skáldsöguna Hnífur Abrahams eftir Óttar M. Norðfjörð. Útgáfuréttur sögunnar hefur nú verið seldur til Hollands.

Frábært skíðafæri er víða um land og mörg skíðasvæði opin:

# Allt á syngjandi kafi í snjó

**ÚTIVIST** „Hér er allt á syngjandi kafi í æðislegum snjó. Þetta er meiri snjór en nokkurn tímann var hérna allt árið í fyrra. Svæðið er ísbjarnarfrítt og gæti ekki verið betra,“ segir Viggó Jónsson, umsjónarmaður skíðasvæðisins í Tindastól við Sauðárkrók, sem verður opnað í dag klukkan tólf í fyrsta sinn í vetur.

Skíðasvæðið á Ólafsfirði er líka opið og færðin góð. Þar hefur ekki sést eins gott færi í mörg ár. Þykkur og jafnfallinn snjór yfir öllu.

Á Ísafirði er gert ráð fyrir að allt verði komið á fullt í dag og allar brekkur opnar.

Dalvíkingar voru fyrstir til þennan veturinn og opnuðu sitt skíðasvæði í Böggvisstaðafjalli um síðustu helgi. Þar hefur verið opið síðan og ekkert sem bendir til þess að lokað verði í bráð.

Akureyringar opna sín svæði um helgina. Gert er ráð fyrir að Andrésarbrekka og barnabrekkan Töfrateppið í Hlíðarfjalli verði opnaðar á laugardaginn.

Ekki geta þó allir landsmenn skellt sér á skíði um helgina. Lítið hefur snjóað á Austurlandi í vetur og lítil von til að skíðasvæðin í Oddsskarði og Stafdal verði opnuð í bráð. Í Bláfjöllum hafa brekkur ekki enn verið opnaðar. **- hhs**



**LYFTURNAR Í BÖGGVISSTAÐAFJALLI** Góð skíðastemning var á Dalvík um liðna helgi enda snjórinn nægur.

Lögregluárásin í miðbænum:

## Árásarmaður enn í farbanni

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms um áframhaldandi farbann yfir Litháa sem dæmdur hefur verið fyrir árás á lögreglumenn í miðborg Reykjavíkur í janúar. Maðurinn var í héraðsdómi dæmdur í 60 daga fangelsi, skilorðsbundið. Ríkissaksóknari áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar, til refsiþyngingar, þar sem málið er nú.**

**Um var að ræða árás á fjóra óeinkennisklædda lögreglumenn sem voru við fíkniefnaeftirlit á Laugaveginum.Tveir þeirra voru fluttir á sjúkrahús, annar með heilahristing. - jss**

Nýr þjóðarpúls Gallup:

## VG upp fyrir Sjálfstæðisflokk

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi við Vinstrihreyfinguna grænt framboð mælist meira en fylgi Sjálfstæðisflokksins í nýjum þjóðarpúlsi Gallups sem ríkisútvarpið birti í gær.

Vinstri grænir eru samkvæmt könnuninni næststærsti stjórnmálaflokkurinn, með 27 prósenta fylgi en fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist 26 prósent og minnkar fylgi hans um 5 prósent frá síðustu könnun. Samfylkingin nýtur mests fylgis íslenskra stjórnmálaflokka en 31 prósent sögðust myndu kjósa þann flokk ef gengið yrði til kosninga nú. Þá mælist Framsóknarflokkurinn með 10 prósenta fylgi og Frjálslyndi flokkurinn með 3 prósent. Könnunin var gerð 29. september til 26. október síðastliðinn og var úrtakið tæplega 6.000 manns. **- ovd**

Mörg spennandi verkefni:

## Magnús ríkissáttasemjari

**VINNUMARKAÐUR Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur skipað Magnús Pétursson, fyrrum forstjóra Landspítala, til þess að gegna embætti ríkissáttasemjara til næstu fimm ára.**



**MAGNÚS PÉTURSSON**

**Magnús tekur við starfinu á morgun, 1. nóvember, af Ásmundi Stefánssyni sem í haust ákvað að hætta sem ríkissáttasemjari. Ásmundur vinnur nú fyrir forsætisráðuneytið við samræmingu aðgerða vegna kreppunnar.**

**„Þetta starf leggst ljómandi vel í mig,“ segir Magnús og bætir við að nóg sé af viðfangsefnum fram undan þótt menn séu að hugsa um aðra hluti þessa dagana. - ovd**



**GREIÐSLUBYRÐI** Hætt er við að margir lendi í erfiðleikum nú um mánaðamótin vegna efnahagsástandsins. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur boðað almenningi til aðstoðar eru fæstar komnar í gagnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fá úrræði eru komin til framkvæmda

**Ýmis úrræði sem ráðherrar hafa nefnt sem lausnir vegna kreppunnar eru ekki enn komin til framkvæmda og nýtast almenningi ekki um þessi mánaðamót. Stýrivaxtahækkun í 18 prósent hefur hins vegar strax áhrif.**

**EFNAHAGSMÁL** Síðan efnahagskreppan skall á þjóðinni hafa ráðherrar þjóðarinnar nefnt ýmsar mögulegar leiðir til að koma til móts við almenning. Ljóst er að fáar þeirra verða færar fyrir þessi mánaðamót og munu því ekki koma fólki til góða strax.

Í neyðarlögum sem samþykkt voru 6. október kvað á um að Íbúðalánasjóður gæti tekið yfir húsnæðislán hjá fjármálastofnunum. Reglugerð um málið hefur ekki verið gefin út enn og þetta er því ekki orðið að veruleika. Sú ráðstöfun var ekki síst hugsuð til að verða fjármálastofnunum úti um lausafé og breytir hag almennings ekki mikið. Um þau lán gilda þó reglur sjóðsins eftir að hann hefur tekið þau yfir.

Viðskiptaráðherra hefur gefið út tilmæli til ríkisbankanna um að þeir beiti sömu úrræðum og Íbúðalánasjóður fyrir þá sem lenda í greiðsluerfiðleikum. Bönkunum er hins vegar í sjálfsvald sett hvort þeir fara eftir þeim. Tilmæli ráðamanna hafa áður verið hunsuð, til að mynda innheimta sumir bankarnir enn seðilgjöld þrátt fyrir áeggjan viðskiptaráðherra um að leggja þau af í byrjun þessa árs.

Frysting myntkörfulána er komin í gagnið og þurfa menn að semja við banka sína þar um, gegn gjaldi.

Í umræðum um efnahagsmál á Alþingi 15. október sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra að leiðir yrðu skoðaðar til að koma til móts við þá sem hafa verðtryggð lán. Um það hefur verið skipaður starfshópur sem á að skila af sér 15. nóvember. Allsendis er óvíst hver niðurstaðan er; hvort verðtrygging verður afnumin eða vaxtabætur hækkaðar, svo dæmi séu nefnd. Ljóst er að það snertir almenning ekki um þessi mánaðamót.

Ríkisstjórnin hefur, að frumkvæði félagsmálaráðherra, samþykkt tillögu til lagabreytingar á atvinnuleysistryggingalöggjöf. Þær gera fyrirtækjum kleift að lækka starfshlutfall starfsmanna og er hugsað til að sporna gegn uppsögnum. Viðkomandi fær þá tekjutengdar atvinnuleysisbætur fyrir það starfshlutfall sem skerðist. Þessar breytingar bíða samþykktar Alþingis og munu því ekki koma til framkvæmda fyrir þessi mánaðamót. Kjördæmavika var á þinginu í síðustu viku og því engir þingfundir.

Aðrar breytingar, líkt og hækkun stýrivaxta í 18 prósent, virka hins vegar af fullum þunga þessi mánaðamót. **kolbeinn@frettabladid.is**

Bandaríkjaher í Írak:

## Íraka vilja ekki semja við Bush

**BANDARÍKIN, AP** Vonir bandarískra stjórnvalda, um að samningur við Íraksstjórn um áframhaldandi dvöl bandaríska herliðsins takist áður en stjórnarskipti verða í Bandaríkjunum, hafa dvínað mjög.

Írakar vilja að gerðar verði breytingar á samningsdrögum, sem Bandaríkjastjórn getur ekki fallist á. Írakar vilja fá víðtækari völd yfir bandaríska herliðinu í Írak, auk þess sem Írakar vilja ekki ákveði um að bandarískt herlið geti verið áfram í Írak til bráðabirgða eftir að samningstími rennur út í árslok 2011. **- gb**

Óvenjuleg kjaradeila:

## Blindir nuddarar fagna sigri

**SUÐUR-KÓREA, AP Blindir nuddarar í Suður-Kóreu fögnuðu sigri þegar dómstóll úrskurðaði þeim í vil í óvenjulegri kjaradeilu.**

**Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að lög, sem banna öðrum en blindu fólki að fá starfsleyfi sem nuddarar, brjóti ekki í bága við stjórnarskrá landsins.**

**Í nærri heila öld hafa nuddarar í Suður-Kóreu flestir verið blindir og segja þeir þessa starfsgrein nánast þá einu sem þeir geta stundað í landinu.**

**Árið 2006 voru sett lög sem staðfesta þetta skipulag, en þau lög voru kærð til stjórnarskrárdómstóls sem nú hefur hafnað kærunni. - gb**

### DÓMSTÓLAR

**Amfetamínmenn áfram inni**

Þrír karlar voru í dag úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 13. nóvember að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eru grunaðir um aðild að ætlaðri framleiðslu fíkniefna í Hafnarfirði.




Uppreisnarforingi í Kongó sakar stjórnvöld um að berjast með tútsum:

# Vill viðræður um vopnahlé

**KONGÓ, AP** Uppreisnarherforinginn Laurent Nkunda, sem situr um borgina Goma í austanverðu Kongó, vill nú viðræður við ríkisstjórn landsins um vopnahlé í héraðinu.

Nkunda segir að stjórnarhermenn hafi barist við hlið hútúa frá Rúanda gegn tútsum í héraðinu. Hann krefst þess að hútúarnir afvopnist og láti af ofsóknum gegn tútsum, sem eru þar í minnihluta.

Hútúarnir flúðu til Kongó frá Rúanda árið 1994 í kjölfar þjóðarmorðsins, þar sem hútúar myrtu um hálfa milljón tútsa.

„Það er óviðunandi að stjórnarhermenn berjist við hlið þjóðarmorðingja,“ segir Nkunda.

Stjórnin í Kongó neitar þó öllum ásökunum um að hafa stutt tútsa í þessum átökum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hvetur Nkunda til að virða vopnahlé sem gert var í ársbyrjun. Óttast er að borgarastyrjöld brjótist út á ný á þessu svæði, eins og var á árunum 1996 til 2002 þegar nokkur nágrannaríki flæktust inn í átökin.

Nkunda barðist á sínum tíma með tútsum í Rúanda sem stöðvuðu þjóðarmorðið og náðu völdum í Rúanda. Nkunda gekk síðan til liðs við uppreisnarmenn í Kongó sem steyptu af stóli Mobutu Sese Seko einræðisherra árið 1997. **- gb**



**ÖNGÞVEITI** Sameinuðu þjóðirnar eru með herlið í Goma, en uppreisnarmenn sitja um borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BYLGJAN 989 KYNNIR:

*Íslensku dívurnar*

# FROSTRÓSIR

*Tenorarnir & góðir gestir* 2008



MARGRÉT EIR, EIVØR, HERA BJÖRK, DÍSELLA, GARÐAR THOR CORTES, JÓHANN FRIÐGEIR, EDGAR SMÁRI OG GUÐRÚN ÁRNÝ

## STÓR-JÓLATÓNLEIKAR Í LAUGARDALSHÖLL 13. DES.

30 MANNA STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, SKÓLAKÓR KÁRSNESS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN. TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON - HLJÓMSVEITARSTJÓRI: ÁRNI HARÐARSON

ALLS KOMA FRAM YFIR 200 MANNS Á RISASVIÐI Í JÓLASKREYTTRI LAUGARDALSHÖLLINNI.

JÓLATÓNLEIKAR FROSTRÓSA HAFA TVÍVEGIS SLEGIÐ ÍSLANDSMET Í AÐSÓKN, NÚ SÍÐAST Í FYRRA ÞEGAR UM 12.000 GESTIR SÓTTU TÓNLEIKANA SEM HLUTU EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA.

EKKI MISSA AF EINUM GLÆSILEGUSTU TÓNLEIKUM SÍÐARI ÁRA - KOMUM SAMAN, GLEÐJUMST OG UPPLIFUM TÖFRASTUNDIR FROSTRÓSA





SKRÁÐU ÞIG Á FROSTROSIR.IS

Miðasala hefst miðvikudaginn 5. nóvember kl. 10:00 á **midi.is**

Forsala fyrir meðlimi í vefsamfélagi Frostrósa verður þriðjud. 4. nóv. kl. 12:00



## FROSTRÓSIR UM ALLT LAND

Frostrósir fóru um landið í fyrsta skiptið í fyrra og var alls bætt við 5 aukatónleikum á þeim 4 stöðum sem heimsóttir voru.

Nú verður þremur stöðum bætt við auk þess sem tónleikarnir verða enn glæsilegri en í fyrra. Stór hópur aðalflytjenda Frostrósa, þ.e. þau Margrét Eir, Hera Björk, Guðrún Árný, Jóhann Friðgeir og Edgar Smári, munu því færa landsmönnum jólin dagana 4.-12. desember. Verður með í för fjöldi hljóðfæraleikara og barnakór.

**Fylgist með um helgina...**

JÓLAGJÖF FROSTRÓSA

*Gleðjumst og gefum með Frostrósum*

Fyrir hvern seldan miða gefum við eina jólagjöf til þeirra er minna mega sín. Fjölmennum á Frostrósir og gleðjum þannig þúsundir fjölskyldna fyrir jólin

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

FROSTRÓSIR

...FÆRA ÞÉR JÓLIN

www.frostrosir.is

## GENGIÐ 30.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,14 | 116,7 |
| Sterlingspund | 193,04 | 193,98 |
| Evra | 152,57 | 153,43 |
| Dönsk króna | 20,481 | 20,601 |
| Norsk króna | 17,702 | 17,806 |
| Sænsk króna | 15,502 | 15,592 |
| Japanskt jen | 1,1775 | 1,1843 |
| SDR | 174,99 | 176,03 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,1982

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Danskur íþróttaháskóli safnar fyrir Íslendinga á Facebook:

# Dani styður fjóra Íslendinga

**DANMÖRK** Danskur atvinnurekandi hefur aumkað sig yfir hóp íslenskra stúdenta við íþróttaháskólann í Árósum og gefið 150 þúsund danskar krónur, eða jafnvirði um þriggja milljóna íslenskra króna, að sögn danska ríkisútvarpsins DR, til að styðja þá til áframhaldandi náms í vetur. Vonast er til að gjafmildin smiti út frá sér.

Sjö íslenskir nemendur voru á mörkum þess að halda heim vegna þess að þróunin á fjármálamörkuðum hefur gert þeim ókleift að greiða fyrir mat og uppihald í Danmörku. Atvinnurekandinn hefur sambönd til Íslands og hefur nú tryggt áframhaldandi dvöl þeirra í Danmörku með gjöf sinni og hafa fjórir þeirra þegið stuðninginn.



**SÖFNUN Á FACEBOOK** Íslendingar í íþróttanámi í Danmörku hafa fengið óvæntan stuðning. Söfnun er hafin á Facebook.

Gjöf atvinnurekandans hefur einnig orðið til þess að íþróttaháskólinn hefur opnað síðu á Facebook undir yfirskriftinni „Because we care“ til að safna peningum fyrir Íslendinga sem eru í peningavandræðum í Danmörku. Á síðunni geta allir þeir Íslendingar sem eru í fjárhagsvandræðum í Danmörku, hvort sem það eru íþróttamenn, stúdentar eða listamenn, sótt um fjárhagsstyrk.

„Við höfum fengið vísbendingar um að aðrir vilji fylgja fordæminu og hjálpa til. Og svo verðum við líka sjálf með uppákomur til að safna peningum,“ segir rektor háskólans, Henrik Løvschall við dönsku fréttastofuna Ritzau. - ghs

Dómur í þvagleggsmáli:

# 30 daga skilorð staðfest

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Suðurlands í þvagleggsmálinu svokallaða. Þar var kona dæmd í 30 daga skilorðsbundið fangelsi. Að auki var hún dæmd til að greiða 160 þúsund krónur í sekt til ríkissjóðs, auk sviptingar ökuréttar í eitt ár.**

**Málið var mikið til umfjöllunar á sínum tíma þar sem þvagsýni hafði verið tekið með þvaglegg úr konunni nauðugri á lögreglustöðinni á Selfossi. Hún var ákærð fyrir ölvunarakstur og hótanir og ofbeldi í garð lögreglumanna á lögreglustöð eftir að hún var tekin.** - jss



**ELDUR LOGAR Á INDLANDI** Sprengjur sprungu nánast samtímis á þrettán stöðum. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengingar á Indlandi:

# Tugir manna létu lífið

**INDLAND, AP Að minnsta kosti 60 manns létu lífið og meira en 300 særðust þegar sprengjur sprungu á þrettán stöðum í norðausturhluta Indlands í gær.**

**Þetta er með verstu sprengjuárásum í þessum landshluta, þar sem aðskilnaðarstefna og þjóðernisátök eru algeng.**

**Stærsta árásin var gerð skammt frá stjórnarbyggingu í Assam, og mátti sjá lík, bifreiðar og vélhjól liggja eins og hráviði á götunni eftir árásina. Nærri helmingur þeirra sem fórust voru í Gauhati, höfuðborg Assam-héraðs.**

**Sprengjurnar voru í bílum eða hjólavögnum og sprungu allar nánast samtímis.** - gb

## ÁRÉTTING

Vegna fréttar af væntanlegri komu Dalai Lama til Íslands vill Kristrún Heimisdóttir, aðstoðarkona utanríkisráðherra, koma eftirfarandi á framfæri: „Fréttablaðið hafði samband við mig fyrir rúmum tveimur vikum og vildi grennslast fyrir um mögulega aðkomu utanríkisráðuneytisins að mögulegri heimsókn Dalai Lama til landsins. Undirrituð sagði að hún gæti ekki staðfest neitt um þetta mál en myndi athuga það. Ekkert frekar heyrðist frá Fréttablaðinu. Hinn 30. október birtist hins vegar frétt sem er því miður röng að því er varðar utanríkisráðuneytið eins og ég hefði sagt blaðinu hefði það haft samband, eins og um var rætt.“

# Hundruð fá uppsagnarbréf

**Íslendingar hafa hundruðum saman fengið uppsagnarbréf fyrir mánaðamót og fjölmargir hafa neyðst til að minnka við sig vinnu eða lækka í launum. Atvinnulausir eru sárir og segja enga vinnu að hafa.**

**VINNUMARKAÐUR** Hundruð uppsagnarbréfa hafa streymt til landsmanna nú fyrir mánaðamótin. Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að uppsagnirnar í lok þessarar viku skipti nú þegar nokkur hundruðum. Hann á von á því að uppsagnir iðnaðarmanna geti farið upp í samtals 600-700 í október. Inni í þessum tölum eru uppsagnir hjá verktakafyrirtækjum á borð við BYGG, Ístak og Klæðningu en síðastnefnda fyrirtækið hefur sagt upp rúmlega fimmtíu starfsmönnum.

Fjölmörg fyrirtæki hafa tilkynnt starfsmönnum sínum um hagræðingaraðgerðir, styttra starfshlutfall, launalækkun og niðurfellingu allrar eftirvinnu. Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir eitthvað um uppsagnir í verslunargeiranum en VR hafi ekki nákvæmar tölur um það. „Það er ljóst að það er þó nokkuð um uppsagnir. Víða er verið að bjóða minnkað starfshlutfall og það verður hver og einn að gera upp við sig,“ segir hann.

Þjónustu Vinnumálastofnunar hefur verið breytt til að auka skilvirkni við móttöku, skráningu og ráðgjöf við atvinnulausa. Vefskráning verður tekin í gagnið í dag. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að með henni eigi skráning að ganga hraðar, vera nákvæmari og minna álag á starfsfólki. „Fólk getur með þessu fyllt út umsókn um atvinnuleysisbætur á netinu heima hjá sér og sent til okkar,“ segir hann.

Unnið er að fjölgun starfsfólks við móttöku og grunnráðgjöf með opnun sérstakrar móttökumiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu auk þess sem teknir verða upp kynningarfundir fyrir stærri hópa í stað einstaklingsviðtala. Ráðgjafarþjónustan verður endurskipulögð. Teknir verða hópfundir með fólki með líkan bakgrunn í menntun eða störfum. Þá verða settar upp miðstöðvar til að veita fólki ráðgjöf og stuðning.

Stefnt er að því að móta tillögur um vinnumarkaðsúrræði. Áhersla er lögð á að greina þann hóp sem er á atvinnuleysisskrá og afla upplýsinga til að meta hvaða hópar þurfi líklegast þjónustu á næstunni.

ghs@frettabladid.is

## HEFUR LEITAÐ AÐ VINNU EN ÞAÐ ER ENGA AÐ FÁ

Hjörtur Elíasson kom í fyrsta skipti í gær inn í Vinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins til að skrá sig atvinnulausan. Hann hefur starfað í byggingariðnaði frá því hann man eftir sér, nú síðast sem byggingastjóri. Hjörtur er trésmiður að mennt, lauk á sínum tíma meistaraskólanum og hefur undanfarið ár verið byggingastjóri hjá verktakafyrirtæki sem varð að segja öllum upp.



**EINS OG AÐ SNÍKJA** „Mér fannst eins og ég væri að koma þarna að sníkja,“ segir Hjörtur Elíasson byggingastjóri sem í gær skráði sig atvinnulausan í fyrsta skipti á ævinni.

„Þetta var ótrúleg reynsla. Mér fannst eins og ég væri að koma þarna að sníkja eitthvað. Ég er miður mín,“ segir Hjörtur um leið og hann horfir á strauminn af fólki fara inn og út um anddyri þjónustuskrifstofunnar.

„Ég er orðinn atvinnulaus og búinn að vera það í mánuð. Ég hef verið að leita mér að vinnu en það er ekkert að fá og það þýðir ekkert að leita. Ég þekki flest byggingafyrirtækin og það er búið að segja upp nánast öllum mannskapnum. Það er sorglegt að sjá byggingar og framkvæmdasvæði standa auð, það er ekkert fólk að vinna,“ segir hann.

Hjörtur segir að atvinnuleysið hafi komið mjög skyndilega og því hafi hann ekki haft tíma til að átta sig á því. Hann segist hafa talað við bankastjórann til að kanna hvort hægt sé að fá fjármögnun og hefja framkvæmdir en nú séu allir að skila lóðum, ekki sé lánað til neinna framkvæmda og útboðum frestað. „Það er sama hvað maður reynir, það er bara allt frosið í þjóðfélaginu.“

Hjörtur keypti bíl með bílaláni fyrir ári síðan. Mánaðarleg afborgun hefur hækkað úr 15 þúsundum í 42 þúsund í dag. „Núna lifir maður bara á yfirdrætti,“ segir hann. - ghs

## SLÆMT FYRIR ALLA AÐ VERÐA ATVINNULAUS

Mikael Ágúst Guðmundsson hefur starfað á vinnuvélum, nú síðast á Egilsstöðum. Fyrirtækið á Egilsstöðum varð að hætta með jarðvinnudeildina og því er hann kominn aftur til Reykjavíkur og búinn að skrá sig atvinnulausan enda búsettur í Reykjavík. Mikael Ágúst var að vinna hjá öðrum vinnuveitanda á höfuðborgarsvæðinu áður en hann fór austur en þar var líka sagt upp vegna samdráttar.



**ELTIR VINNUNA** „Ég fer bara þangað sem vinnan er,“ segir Mikael Ágúst Guðmundsson sem starfað hefur á vinnuvélum, síðast á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Ég flutti bara út á land til að fá vinnu en er búsettur hérna í Reykjavík. Ég fer bara þangað sem vinnan er,“ segir hann. „Það er engin vinna núna neins staðar eða ég held ekki. Ég er búinn að sækja um á nokkrum stöðum en það er ekkert að hafa þannig að maður verður bara að skrá sig atvinnulausan.“

Mikael Ágúst hefur einu sinni áður skráð sig atvinnulausan og það var í niðursveiflunni árið 1992. „Það er slæmt fyrir alla að vera atvinnulausir,“ segir hann og telur forystumenn þjóðarinnar ekkert gera til að laga ástandið. Hann segir að þeir eigi að byrja á því að hætta að ljúga að fólki. Þeir segist alltaf ætla að redda fólki en geri svo ekkert í því. „Ég hef allavega ekki orðið var við það.“

Mikael Ágúst rífjar upp að þingmenn og ráðherrar tali um að fólki þurfi að taka á sig ákveðinn skell í þjóðfélaginu og spyr hvort þeir taki ekki á sig skell. „Ég heyri ekki minnst á að þeir ætli að lækka launin hjá sér meðan flestir aðrir sætta sig við lægri laun eða minnkað starfshlutfall. Ég kalla það ekki skerðingu að bankastjóri lækki í launum niður í 1.700 þúsund,“ segir hann. - ghs




Nostrum DESIGN
Skólavörðustíg 1a • S. 534 5286

Nostrum eins árs!

Í tilefni af eins árs afmæli okkar bjóðum við 10% – 20% afslátt í dag og á morgun laugardag.

*Verið velkomin*

Íslensk hönnun og framleiðsla.


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VINDUR MEÐ HLÝINDUM**

Í dag verður vindasamt af suðvestri á landinu. Hvassast verður á Vestfjörðum og á landinu norðanverðu og gæti vindhraði slegið í 20 m/s við ströndina auk þess sem hviðukennt kann að verða í námunda við fjöll. Sunnan til og austan verður vindur nokkuð hægari. Hlýindi ganga inn á landið í dag fyrst vestan til og norðan.



**Á MORGUN** 8-18 m/s hvassast norðan til

**SUNNUDAGUR** Fremur hvöss sunnan átt, einkum vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 8° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 9° |
| New York | 16° |
| Orlando | 24° |
| Osló | 2° |
| París | 6° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Ódýrt í Hagkaup

OPIÐ til 20 alla daga

## Nú birgjum við okkur upp!

Í kjötborðum Hagkaups í Kringlu og Garðabæ bjóðum við uppá kjöt af ½ ungnautaskrokkum, vacum pakkað og frosið, tilbúið í frystikistuna.

**½ Skrokkur af Ungnautakjöt inniheldur:**
ca. 65-70 kg
1 stk. nautalundir
2 bitar ungnautafile
2 bitar ungnautainnralæri
2 stk. ungnauta roast beef
2 stk. ungnauta ofnsteikur
Gúllas (ca. 5-600 gr. einingum)
Hakk (ca. 5-600 gr. einingum)

1.499 kr/kg

Skrokkurinn er pantaður í kjötborðum Hagkaups í Kringlu eða Garðabæ, og er síðan afhentur á sama stað á föstudegi næstu viku á eftir.



40% afsláttur við kassa

SVÍNALUNDIR FRÁ ÍSLANDSGRÍS
1.439 kr/kg.
Merkt verð 2.399.-



40% afsláttur við kassa
1.121 kr/kg
Merkt verð 1.869.-

**Svínagúllas**
- frá Íslandsgrís



40% afsláttur við kassa
1.121 kr/kg
Merkt verð 1.869.-

**Svínasnitsel**
- frá Íslandsgrís



40% afsláttur við kassa
1.079 kr/kg
Merkt verð 1.798.-

**Svínahnakki** úrbeinaður
- frá Íslandsgrís



45% afsláttur við kassa
989 kr/kg
Merkt verð 1.798.-

**Svínakótilettur**
- frá Íslandsgrís



AÐEINS 80 kr/kg.

RAUÐAR ÍSL. KARTÖFLUR
199 kr/pk.
TILBOÐSVERÐ
2.5 kg



30% afsláttur

NÚÐLUR
19 kr/pk.
Verð áður 27.-



PEPSI 2 LÍTRA
99 kr/stk.
Verð áður 166.-



55% afsláttur

NÝBAKAÐ

PARÍSARBRAUÐ
199 kr/stk.
Verð áður 466.-



45% afsláttur

NÝBAKAÐ

EPLAPÆ MEÐ HNETUM
699 kr/stk.
Verð áður 1.278.-



37% afsláttur

ÞVOTTAEFNI
999 kr/pk.
Verð áður 1.599.-

Gildir til 2. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

KJÖRKASSINN



*Ert þú með yfirdrátt í banka eða sparisjóði?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 52,8% |
| NEI | 47,2% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Þekkir þú einhvern sem hefur misst vinnuna í þessum mánuði?*

Segðu skoðun þína á vísir.is vísir

Skjárinn vill láta endurskoða samkeppnisumhverfi fjölmiðla:

# Öllu starfsfólki Skjásins sagt upp

**EFNAHAGSMÁL** Öllum starfsmönnum Skjásins, sem sér um rekstur Skjáseins, var í gær sagt upp. Uppsagnirnar taka gildi 1. nóvember. Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Skjásins, segir þó enn mikinn hug í fólki og vilja til að róa lífróður fyrir fyrirtækinu áður en uppsagnarfresturinn rennur út en hann er að jafnaði þrír mánuðir að lengd. Fjörutíu fastráðnir starfsmenn hafa starfað hjá fyrirtækinu auk fimm verktaka.

Sigríður segir tvennt þurfa að gerast til að grundvöllur sé fyrir áframhaldandi starfsemi Skjásins. Í fyrsta lagi þurfi stjórnvöld að koma á eðlilegu samkeppnisumhverfi í líkingu við það sem gerist annars staðar á Norðurlöndum og hins vegar koma gjaldeyrisviðskiptum í lag svo kaupa megi efni frá erlendum birgjum.



SIGRÍÐUR MARGRÉT ODDSDÓTTIR

Sigríður telur undarlegt að á meðan gríðarlegur samdráttur hafi orðið á auglýsingamarkaði sem reyni mjög á sjálfstæða sjónvarpsstöð sem byggi tekjur sínar einvörðungu á auglýsingum þurfi þær einnig að keppa við ríkisrekna sjónvarpstöð um þær reytur sem eftir séu.

Þorsteinn Þorsteinsson, markaðsstjóri RÚV, segir illt í ári alls staðar í samfélaginu og samdráttur á auglýsingamarkaði reyni á alla fjölmiðla, ekki bara Skjáinn. Honum þyki leitt að Skjárinn hafi þurft að grípa til uppsagna. Hann telji hins vegar ómögulegt fyrir þá sem þar stjórna að varpa sökinni yfir á RÚV. „Þar fyrir utan er ég ekki viss um að rekstrargrundvöllur fyrir Skjáeinum hafi nokkurn tímann verið fyrir hendi,“ segir hann. **- kdk**

Uppsagnir og lækkun launa:

# 365 hf. segir upp starfsfólki

**ATVINNA Fjölmiðlafyrirtækið 365 hf., sem meðal annars gefur út Fréttablaðið, hefur ákveðið að segja yfir tuttugu manns upp störfum nú um mánaðamótin. Fyrirtækið grípur einnig til launalækkana til að bregðast við breyttu efnahagsástandi.**

**Í bréfi Ara Edwald, forstjóra 365, til starfsmanna kemur fram að mikill samdráttur sé á auglýsingamarkaði eins og víða í efnahagslífinu. Ekki verði lagðar niður einingar innan fyrirtækisins og fyrirtækið ætli sér að komast í gegnum erfiðleikana, sem geti tekið mánuði eða jafnvel ár.** **- shá**

ÞORLÁKSHÖFN

## Frítt í sund í Þorlákshöfn

Öll börn og ungmenni á leik- og grunnskólaaldri frá frítt í sund í Þorlákshöfn frá og með 1. janúar næstkomandi. Bæjaryfirvöld í Sveitarfélaginu Ölfusi ákváðu þetta nýlega en með þessu vilja þau leggja sitt af mörkum til að standa vörð um velferð barna í sveitarfélaginu og milda áhrif sem slæmt efnahagsástand getur haft á börnin.

PATREKSFJÖRÐUR

## Gott veganesti

„Það er afar gott að fá svona veganesti fyrir daginn,“ segir Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, en á Patreksfirði beið falleg orðsending og konfektmoli undir rúðuþurrkum bíla bæjarbúa í gærmorgun frá leynihópi sem kallar sig F.f. Ragnar sagði ekki veita af smá hvatningu þar enda efnahagsástandið í þjóðfélaginu erfitt nú um stundir.



STÝRIVEXTIR HÆKKAÐIR Davíð Oddsson, formaður stjórnar Seðlabankans, tilkynnti um umdeilda stýrivaxtahækkun á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Óljóst hver ákvað stýrivaxtahækkun

**Seðlabankinn gefur í skyn að hann hafi ekki komið að stýrivaxtahækkun; það hafi verið bundið í samkomulag ríkisstjórnar og IMF. Ráðherrar segja bankann hafa verið með í ráðum enda sé annað brot á sjálfstæði hans samkvæmt lögum.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands sendi frá sér athugasemd í gær í tengslum við hækkun stýrivaxta úr tólf í átján prósent. Kemur þar fram árétting um að hækkunin sé hluti af samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF). Í athugasemdinni og rökstuðningi bankans á þriðjudag er látið að því liggja að bankinn hafi ekki komið að ákvörðuninni, þvert á fullyrðingar ráðherra í ríkisstjórninni. Hafi bankinn ekki komið að vaxtaákvörðuninni hafa lög um Seðlabanka Íslands verið brotin.

Davíð Oddsson, formaður stjórnar Seðlabankans, tilkynnti stýrivaxtahækkun á þriðjudag. Í rökstuðningi bankans kom fram að ríkisstjórnin hefði gert samkomulag við sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í síðustu viku. Þar komi fram að Seðlabankinn skuli þá hafa hækkað stýrivexti í 18 prósent. Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra höfðu, þegar tilkynnt var um að formlega yrði óskað eftir aðstoð IMF, sagt að skilyrði um vaxtahækkun væri ekki að finna í samkomulagi við IMF.

Hafi ákvörðun um stýrivaxtahækkun verið tekin án vitundar Seðlabanka gengur það þvert á grundvöll laga um Seðlabankann sem sjálfstæðrar stofnunar í eigu ríkisins, samkvæmt 1. og 10. grein. Ingibjörg hefur sagt í fjölmiðlum að Seðlabankinn hafi komið að þeirri ákvörðun að hækka vextina.

Forsætisráðherra sagði í viðtali við Fréttablaðið á miðvikudag að ríkisstjórnin, Seðlabankinn og IMF kæmu að efnahagsáætluninni á bak við aðstoð frá sjóðnum „og það er þá undirliggjandi í henni að það þurfi að hækka vextina“. Hann sagði jafnframt að Seðlabankinn myndi einn sjá um næstu stýrivaxtaákvörðun.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir hækkunina hafa verið gerða með vitund og vilja Seðlabankans en ríkisstjórnin beri ábyrgð á samkomulaginu við IMF. „Seðlabankinn leikur stórt hlutverk í að fylgja eftir samkomulaginu og það skiptir máli að hann sé vel upplýstur. Þorgerður hafnar því að lög um bankann hafi verið brotin með því að vaxtaákvörðunin hafi verið tekin úr höndum bankans. „Nei, þess vegna varð Seðlabankinn að vera með í þessu. Þótt Seðlabankinn taki ákvörðunina þá er hún í samræmi við það samkomulag sem liggur fyrir og Seðlabankinn vissi það.“

Fréttablaðið óskaði í gær eftir svörum frá Seðlabanka við spurningum varðandi stýrivaxtahækkunina. Svara var óskað samdægurs. Við því var ekki orðið.

svavar@frettabladid.is
kolbeinn@frettabladid.is

## SPURNINGAR FRÉTTABLAÐSINS TIL SEÐLABANKA

**I.** Var ákvörðun sú um vexti, sem kynnt var 28. október sl., tekin skv. 10 gr. laga um Seðlabanka Íslands, sbr. 1. gr. um sjálfstæði hans?

**II.** Var við undirbúning þeirrar ákvörðunar farið eftir starfsreglum um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum?

**III.** Hafi verið vikið frá þeim reglum, í hvaða greinum var það?
**IV.** Byggir ákvæðið í 19. tl. samkomulags ríkisstjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (letter of intent), á ákvörðun Seðlabankans eða lítur bankastjórnin svo á að nefnt ákvæði feli í sér fyrirmæli frá ríkisstjórn um vaxtaákvarðanir?

**V.** Til hvaða yfirlýsinga ráðherra í ríkisstjórn Íslands er vísað í athugasemd bankans frá í dag?

## ATHUGASEMD FRÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS

Eins og kunnugt er hefur verið litið svo á að samningsgerð (Letter of Intent) á milli ríkisstjórnar Íslands og sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé enn trúnaðarmál. 19. tl. samningssgerðarinnar er þó eðli málsins samkvæmt ekki lengur trúnaðarmál.
Ráðherrar úr ríkisstjórn hafa undrast vaxtahækkun í 18% og hafa jafnframt sagt að ekkert ákvæði um slíka gjörð sé í samningsgerðinni. Í samningsgerðinni segir í 19. tl: „To raise the policy interest rate to 18 percent.“

**Lög um Seðlabanka Íslands:**
1. gr. Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.
10. gr. Seðlabanki Íslands ákveður vexti af innlánum við bankann, af lánum sem hann veitir og af verðbréfum sem hann gefur út.

TAKTU Í TAUMANA!
Ekki láta depurðina íþyngja þér – fáðu aukinn kraft og endurheimtu lífsorkuna!




Veröld
DYNAMO REYKJAVIK

## Auglýsing um álagningu opinberra gjalda á lögaðila árið 2008

Hér með er auglýst að álagningu opinberra gjalda á árinu 2008 er lokið á alla lögaðila sem skattskyldir eru samkvæmt I. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, með síðari breytingum, sem og aðra sem lagt er á í samræmi við VIII. – XIV. kafla tilvitnaðra laga. Jafnframt er lokið álagningu á lögaðila, sem skattskyldir eru af fjármagnstekjum samkvæmt ákvæði 4. mgr. 71. gr. laganna.

**Álagningarskrár** með gjöldum lögaðila verða lagðar fram í öllum skattumdæmum í dag, föstudaginn 31. október 2008. Skrárnar liggja frammi til sýnis á skattstofu hvers skattumdæmis og hjá umboðsmönnum skattstjóra eða á sérstaklega auglýstum stöðum í hverju sveitarfélagi dagana 31. október til 14. nóvember nk. að báðum dögum meðtöldum.

**Álagningarseðlar**, er sýna álögð opinber gjöld lögaðila, hafa verið póstlagðir.

**Kærur** vegna allra álagðra opinberra gjalda 2008 samkvæmt ofangreindu skulu hafa borist skattstjóra eigi síðar en mánudaginn 1. desember 2008.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt ákvæði 1. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

**31. október 2008.**

**Skattstjórinn í Reykjavík**, Gestur Steinþórsson
**Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi**, Stefán Skjaldarson
**Skattstjórinn í Vestfjarðaumdæmi**, Rósa Helga Ingólfsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi vestra**, Hanna Björnsdóttir
**Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra**, Gunnar Karlsson
**Skattstjórinn í Austurlandsumdæmi**, Karl S. Lauritzson
**Skattstjórinn í Suðurlandsumdæmi**, Steinþór Haraldsson
**Skattstjórinn í Vestmannaeyjum**, Ingi T. Björnsson
**Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi**, Sigmundur Stefánsson


TIL HAMINGJU
STELPUR!
Stelpurnar okkar hafa tryggt sér sæti á EM í Finnlandi árið 2009, sem er stórkostlegur árangur. Aldrei áður hefur A-landslið Íslands í knattspyrnu komist í lokakeppni stórmóts.
Landsbankinn óskar stelpunum innilega til hamingju.
Árangur ykkar og dugnaður er okkur öllum mikil hvatning.
Landsbankinn

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvaðan eru sjómennirnir sem eru strandaglópar í Hafnarfirði?

2 Hvað heita tveir eigendur eignarhaldsfélagsins Fons?

3 Hver rauf þúsund marka múrinn með landsliðinu í handknattleik gegn Belgum í vikunni?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um helstu vinaþjóð Íslands:

# Norðmenn okkar helstu vinir

**SKOÐANAKÖNNUN** Flestir líta til Noregs, spurðir að því hvaða þjóð sé helsta vinaþjóð Íslands, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Tæplega 85 prósent nefna eitthvert Norðurlandanna sem Íslands helstu vinaþjóð. Langflestir nefna þó Noreg, 57,2 prósent. Ekki er ólíklegt að þar komi til mikill fréttaflutningur um velvild Norðmanna í efnahagsþrengingum Íslendinga.

Í öðru sæti yfir okkar helstu vini situr svo Danmörk, en 13,1 prósent telja Dani vera okkar bestu vini.

Þá horfir 9,1 prósent til litlu nágranna okkar, Færeyinga, og segir þá þjóð vera okkar bestu vini. Ekki er ólíklegt að hefði könnunin verið gerð eftir að fréttir bárust um sex milljarða lánsloforð Færeyinga, hefðu fleiri talið þá til landsins bestu vina.

Í fjórða sæti yfir helstu vini er svo Rússland, og segja 7,8 prósent Rússa vera okkar helstu vini. Þar kemur eflaust til umræða um mögulegt lán frá Rússlandi. Rúm þrjú prósent nefna Bandaríkin og 2,6 prósent nefna Norðurlöndin öll og 1,5 prósent nefna Svíþjóð.

Önnur lönd eru svo nefnd í undir einu prósenti tilfella. Má þar nefna Bretland, Frakkland, Japan, Kanada og Þýskaland.

Hringt var í 800 manns laugardaginn 25. október og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var; Hvaða erlenda þjóð telur þú að sé helsta vinaþjóð Íslands? Afstöðu til spurningarinnar tóku 82,1 prósent. **- ss**

**HVER ER HELSTA VINAÞJÓÐ ÍSLANDS?**

| | |
|---|---|
| Noregur | 57,2% |
| Danmörk | 13,1% |
| Færeyjar | 9,1% |
| Rússland | 7,8% |
| Bandaríkin | 3,2% |

*Skv. könnun Fréttablaðsins 25. 10 ´08*

Bílsprengja á Spáni:

## Öflug sprengja á háskólalóð

**SPÁNN, AP Sautján manns særðust og eldur braust út í húsum og bifreiðum þegar öflug bílsprengja sprakk við háskóla í borginni Pamploma á norðanverðum Spáni í gær.**

**Stjórnvöld telja víst að aðskilnaðarsinnaðir Baskar beri ábyrgð á sprengingunni. Þau sögðu að sprengingin hefði hæglega getað kostað fjölda manns lífið vegna þess að hún var sprengd án viðvörunar á fjölförnu svæði á skólalóðinni.**

**Enginn hinna sautján slösuðu voru alvarlega slasaðir. Margir höfðu fengið í sig glerbrot þegar rúður brotnuðu. - gb**



**FLUGVÉL ICELAND EXPRESS** Níu af þrjátíu flugfreyjum hefur verið sagt upp.

Uppsagnir Iceland Express:

## Þriðjungi flugfreyja sagt upp

**KJARAMÁL** Níu flugfreyjum hjá Iceland Express hefur verið sagt upp. Þrjátíu flugfreyjur störfuðu hjá félaginu fyrir uppsagnirnar. Félagið fór ekki að óskum Flugfreyjufélags Íslands um að reynt yrði að minnka starfshlutfall eða bjóða launalaust leyfi í stað uppsagna.

Frá Icelandair berast þær fregnir að 61 flugfreyja hafi tekið launalaust leyfi eða minnkað við sig starfshlutfall. **- hhs**

Átta af 36 starfsmönnum Eyrarodds eru Íslendingar:

## Óttast ekki að Pólverjarnir fari

**ATVINNUMÁL** „Ég held að fólkið sé ekkert að fara,“ segir Vigdís Erlingsdóttir, fjármálastjóri fiskvinnslunnar Eyrarodds á Flateyri, um erlenda starfsmenn fyrirtækisins sem eru í miklum meirihluta. Hjá Eyraroddi starfa 36 manns og þar af eru átta Íslendingar; fimm þeirra eru í yfirstjórn og þrír vinna við vinnslu. Af útlendingunum eru langflestir pólskir.

„Ég er svo heppin að Pólverjarnir sem eru í vinnu hjá mér eiga allir fasteignir hérna og margir þeirra eru orðnir íslenskir ríkisborgarar,“ segir hún. „Og þetta er stór og góður kjarni, margir þeirra hafa búið hérna á Flateyri í tíu til fimmtán ár. Svo ég held að fólkið sé ekkert á förum í bráð.“

Nýlega fjallaði BBC á vefsíðu sinni um innflytjendamál á Íslandi og kom þar fram að á Flateyri búa 200 manns og helmingurinn eru innflytjendur. Blaðamaður gerði því skóna að flestir þessara innflytjenda myndu yfirgefa landið í kjölfar efnahagsþrenginga sem hér ríkja.

Hjá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu Kambi, sem hætti starfsemi í fyrra, störfuðu 120 manns. Vigdís segir að þegar að Eyraroddi hóf starfsemi sína í fyrrahaust sem nokkurs konar arftaki Kambs hafi verið leitast við að ráða starfsmenn sem ættu fasteignir á svæðinu. **- jse**



**Í UPPNÁMI** Samningnum sem Björgólfur Guðmundsson og RÚV gerðu var fagnað af sjálfstæðum sjónvarpsframleiðendum. Sá samningur er nú í hættu vegna fjárhagslegrar óvissu Björgólfs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spennuþáttaröð í uppnámi

**Framleiðslufyrirtækið Pegasus á enn eftir að fá sautján milljónir af 25 vegna samnings við Ólafsfell um gerð sjónvarpsþáttaraðarinnar Hamarinn. Óþægileg staða, segir framkvæmdastjóri Pegasus.**

**MENNING** „Þetta er óneitanlega mjög óþægileg staða. Við vorum búnir að fá átta milljónir af 25 og því vantar enn sautján milljónir upp á. Þetta gæti auðvitað frestað afhendingu þáttanna en þeir verða kláraðir með einum eða öðrum hætti,“ segir Snorri Þórisson, framkvæmdastjóri Pegasus. Fyrirtækið hefur að undanförnu unnið að gerð spennuþáttaraðarinnar Hamarinn sem taka átti til sýninga á RÚV eftir áramót.

Óvissa ríkir nú um hvort fyrirtæki Björgólfs Guðmundssonar, Ólafsfell, geti staðið við samning sem það gerði á síðasta ári um að styrkja framleiðslu leikins innlends efnis hjá Ríkissjónvarpinu. Sá samningur hljóðaði uppá 100-150 milljónir en RÚV átti að láta jafn háa upphæð af hendi. Og átti að styrkja fjögur til sex verkefni.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur 45 milljónum af þessum samningi þegar verið ráðstafað. Áðurnefndar átta í Hamarinn, 22 milljónum í Svarta engla og fimmtán milljónum í Mannaveiðar. Eftir standa því 50-100 milljónir af þessum samningi.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Guðmundssonar, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að Ólafsfell gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Pegasusi. Ekki eins og málin standu í dag. „Á meðan það ríkir óvissa um fjárhagslega framtíð Björgólfs Guðmundssonar getur fyrirtækið ekki staðið við skuldbindingar sínar. Framtíðin verður ur síðan að skera úr um hvað verður. Ef allt fer á versta veg er ólíklegt að hægt verði að efna þær skuldbindingar sem fyrirtækið hefur gert gagnvart Pegasusi. Þessir ágætu kvikmyndagerðarmenn verða því miður fyrir barðinu á þessu efnahagslega fárviðri eins og þjóðfélagið allt,“ segir Ásgeir.

> Á meðan það ríkir óvissa um fjárhagslega framtíð Björgólfs Guðmundssonar getur fyrirtækið ekki staðið við skuldbindingar sínar.
>
> **ÁSGEIR FRIÐGEIRSSON** TALSMAÐUR BJÖRGÓLFS GUÐMUNDSSONAR

Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, vildi sem minnst tjá sig um málið. Sagðist bara vera að heyra af þessu núna og taldi að þetta væri áfall fyrir sjálfstæða framleiðendur og ekki síst fyrir Pegasus sem hefði gert samning við Ólafsfell gæti nú ekki staðið við sínar skuldbindingar. „Mér þykir þetta leitt,“ segir Þórhallur. Hann vildi ekkert tjá sig um hvort RÚV myndi hlaupa undir bagga með Pegasusi við að klára framleiðsluna.

**freyrgigja@frettabladid.is**





BAÐ
INNRÉTTINGAR
Getum aðalagað innréttingarnar að flestu óskum kaupenda
30% AFSLÁTTUR!
AF VÖLDUM INNRÉTTINGUM!
til afgreiðslu af lager
Hnota 120x48
Ölur 180x48
Hnota 120x48
Epli 151x48
Hvítt háglans 142x48
Hvítt háglans 121x48
Hvítur fulningur 120x48
Hlynur 121x48
Askur hvíttaður 122x48
ÚRVAL AF GRANÍT- OG MARMARA- BORÐPLÖTUM
30% AFSLÁTTUR!
til afgreiðslu af lager
Eik 121 x 48
Kirsuber 161x48
Black Galaxy
Imperial Brown
Blue Pearl
Black Absolute
East White
Mocca Crema
Fáanlegar á ákveðnar stærðir innréttinga
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is







Tap Árborgar vegna eignar í peningamarkaðssjóði Landsbankans 110 milljónir:

# Kanna rétt Árborgar til bóta

**SVEITARSTJÓRNIR** Árborg tapar 110 milljónum króna vegna 350 milljóna inneignar sinnar í peningamarkaðssjóði hjá Landsbankanum. Bæjarráðið samþykkti í gær að fela lögmannsstofu að kanna lagalega stöðu sveitarfélagsins með tilliti til skaðabóta.

„Þessi bréf voru alltaf almennt kynnt sem mjög örugg,“ segir Ragnheiður Hergeirsdóttir bæjarstjóri. Aðspurð kveður hún enn ekki ljóst hvort skrifleg gögn í fórum bæjarfélagsins styðji þá fullyrðingu að peningamarkaðssjóðir hafi verið kynntir bænum sem örugg fjárfesting þegar bærinn setti 730 milljónir króna í sjóð hjá Landsbankanum eftir sölu á hlut í Hitaveitu Suðurnesja í fyrrasumar. „Það er hluti af þeirri vinnu sem nú er að fara í gang að fara ofan í gögn frá því sumarið 2007.“



**RAGNHEIÐUR HERGEIRSDÓTTIR** Bæjarstjórinn í Árborg er reiðubúin að lækka í launum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu lagði Eyþór Arnalds, fulltrúi minnihluta sjálfstæðismanna, það til á bæjarráðsfundi í síðustu viku að laun bæjarstjóra og bæjarfulltrúa yrðu lækkuð. Einnig að bæjarstjórinn þyrfti að sjá af því að þiggja bæði laun sem slíkur og sem bæjarfulltrúi. Ragnheiður segir þetta í samræmi við það sem meirihlutinn sé að skoða. „Það þarf að velta við hverjum steini og ég er að sjálfsögðu ekki undanskilin þar,“ svarar Ragnheiður sem kveður áríðandi sem aldrei fyrr að minnihluti og meirihluti starfi saman og að það verði gert í sambandi við fjárhagsáætlun næsta árs. **- gar**

Hafrannsóknastofnun:

# Meiri rækja í Arnarfirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun hefur lagt til að heimiluð verði veiði á 500 tonnum af rækju í Arnarfirði. Síðasta vetur var heimilt að veiða 150 tonn en tvo vetur þar á undan var engin veiði í firðinum. Ragnar Jörundsson, bæjarstjóri Vesturbyggðar, segist nú vona að vinnsla hefjist aftur í rækjuverksmiðjunni á Bíldudal en hingað til hefur mest verið sent til vinnslu til Grundarfjarðar.

Unnur Skúladóttir hjá Hafrannsóknastofnun segist vongóð um að rækjuveiði geti hafist á öðrum svæðum á næstu árum. Til dæmis virðist stofninn í Skjálfandaflóa vera á nokkurri uppleið. **- jse**

HVERAGERÐI

## Byggt við kirkjuna

Sóknarnefnd Hveragerðissóknar vill byggja við kirkjuna vegna fjölgunar sóknarbarna og breytinga á starfsháttum og helgihaldi. Farið er fram á að Hveragerðisbær stækki lóð kirkjunnar til vesturs fyrir ný bílastæði. Ekki á að stækka kirkjuskipið heldur bæta aðstöðu fyrir safnaðarstarf og starfsfólk.

EFNAHAGSMÁL

## Stýrivextir lækka í Noregi

Seðlabanki Noregs lækkaði í gær stýrivexti sína um hálft prósentustig í tilraun sinni til að örva efnahagslíf landins en lækkandi olíuverð hefur haft veruleg áhrif í Noregi. Stýrivextir í Noregi eru eftir lækkunina 4,75 prósent en lækkunin í gær er önnur hálfs prósentustiga lækkunin á einum mánuði.

LÖGREGLUFRÉTTIR

## Ammóníakleki á Óðinsvéum

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað að Hótel Óðinsvéum um klukkan tvö í gær vegna ammóníakslyktar í einu herberginu. Í ljós kom að ammóníak hafði lekið úr mínibar. Var hann fluttur á slysadeild og loftað út úr herberginu.

# Geir spáir allt að 130 milljarða hallarekstri

**Reikna má með þreföldun skulda ríkissjóðs vegna fjármálakreppunnar segir forsætisráðherra. Utanríkisráðherra segir að styrkja verði stöðu heimila og fyrirtækja. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu stjórnvöld fyrir misvísandi ummæli.**

**EFNAHAGSMÁL** Halli á fjárlögum ríkisins gæti á næsta ári náð tíunda hluta af vergri landsframleiðslu, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra þegar hann flutti Alþingi skýrslu um efnahagsmál í gær.

Miðað við landsframleiðslu síðasta árs gæti halli á fjárlögum því numið um 130 milljörðum króna. Geir sagði að í langtímaáætlun sé reiknað sé með því að hallinn verði lækkaður frá árinu 2010 um tvö til þrjú prósent á ári.

Geir sagði að reikna megi með því að skuldir ríkissjóðs muni hækka úr 29 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 2007 í rúm 100 prósent í lok árs 2009.

Uppgjörið á þroti viðskiptabankanna gæti numið allt að 85 prósentum af vergri landsframleiðslu, sagði Geir. Það nemur um það bil 1.100 milljörðum króna, miðað við landsframleiðslu á síðasta ári. Geir sagði að hafa verði í huga að ekki sé ætlun ríkisins að eiga bankana til langframa. Hlutafé verði vonandi selt með ávinningi þegar fram líði stundir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra lagði áherslu á að styrkja verði stöðu heimila og fyrirtækja. Leita verði leiða til að draga úr gjaldþrotum einstaklinga, og breyta lögum svo þeir sem fari í þrot komist sem allra fyrst á réttan kjöl á ný.

Þá verði að gefa fólki kost á léttari greiðslubyrði af lánum, fjölga leiguíbúðum, og gefa þeim sem eru að missa húsnæði sitt kost á að leigja það, með það fyrir augum að eignast það á ný síðar. Þá verði að leita leiða til að draga úr atvinnuleysi og fjölga störfum.

Þá sagði Ingibjörg að gera verði upp við þá atburði sem leiddu til kollsteypu íslenska fjármálakerfisins. „Óhófleg launakjör æðstu stjórnenda verða að heyra sögunni til, sömuleiðis himinháar starfslokagreiðslur og bónusgreiðslur sem byggðar eru á skammtímagróða,“ sagði hún.



**FORSENDA AÐSTOÐAR** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði ríkisstjórnina verða að ganga á undan með góðu fordæmi og gera nauðsynlegar breytingar á eftirlaunum ráðherra fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Óhófleg launakjör æðstu stjórnenda verða að heyra sögunni til, sömuleiðis himinháar starfslokagreiðslur og bónusgreiðslur sem byggðar eru á skammtímagróða.
>
> **INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**
> UTANRÍKISRÁÐHERRA

Þingmenn stjórnarandstöðunnar gagnrýndu harkalega að efnahagsspá sem fylgja mun erindi Íslands til stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sé ekki gerð opinber. Þá gagnrýndu þeir misvísandi orð ráðamanna um skilyrði sjóðsins og stýrivaxtahækkun.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, benti á að ef vextir af fyrirhuguðu láni verði tæp fimm prósent verði vaxtagreiðslurnar einar um 13 milljarðar króna á ári.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, kallaði eftir því að forsendur fjárlaga verði gerðar opinberar sem fyrst. Hann spurði hvort til standi að setja aukið fé í tækniþróunarsjóð, nýsköpunarsjóð og byggðastofnun, og kallaði eftir aðgerðum vegna vanda sveitarfélaganna. **brjann@frettabladid.is**







Áform Tómasar í Hamborgarabúllunni um breytingar í Ofanleiti mæta andstöðu:

# Vilja ekki íbúðir í stað sjoppu

**SKIPULAGSMÁL** Nágrannar sætta sig ekki við að þriggja hæða tvíbýlishús rísi á lóð við Ofanleiti þar sem nú stendur söluturn.

Hamborgarabúllan, sem er félag í eigu Tómasar Tómassonar veitingamanns, hefur óskað eftir heimild til að rífa núverandi hús í Ofanleiti 14 og byggja íbúðarhús. Söluturn sem þar var rekinn hafi verið lokaður í nokkur ár.

Mótmælabréf með undirskriftum 48 íbúa í nágrenni barst borgaryfirvöldum þegar tillaga um breytingarnar var auglýst. Segjast þeir eiga kröfu á að fullbyggðu hverfi sé ekki raskað. Nýja húsið muni þrengja mjög að mörgum og valda lakari lífsgæðum. Útsýni verði heft og sömuleiðis dragi úr sólarljósi á mörgum svölum og lóðum.

„Miðað við stærð kynntrar byggingar og smæðar lóðar verður nálægðin þrúgandi í mörgum íbúðum í nágrenninu,“ segir í mótmælabréfi íbúanna sem kveðast ennfremur óttast að verðmæti eigna þeirra falli verulega.

Málinu hefur nú verið vísað til umsagnar verkefnisstjóra hjá skipulagsstjóra. **- gar**



**NÚVERANDI SÖLUTURN** Hefur verið lokaður síðustu árin.



**TVÍBÝLISHÚS Í OFANLEITI** Nágrannar óttast að nálægðin við nýtt íbúðarhús verði þrúgandi.

Birgðastaða verslana:

# Fólk kaupir ódýrari vörur

**VERSLUN „Fólk er að kaupa ódýrari vörur, það er alveg ljóst. Hins vegar er ég ekki viss um að salan væri jafn mikil á sviðum og slátri og fleiru í þeim dúr ef kreppan hefði til dæmis komið upp í júní," segir Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss.**

**Guðmundur segir birgðastöðu verslana í ágætis málum. „Einhverjir vöruflokkar detta út, en það er tímabundið. Miðað við óbreytt ástand hef ég ekki áhyggjur. Það er þó aldrei að vita hvað gerist ef ástandið versnar mikið," segir Guðmundur, og bætir við að Bónus auglýsi mikið íslenskt, það er allra hagur."** - kg

Leiðtogar Pakistans og Afganistans að loknum öldungafundi:

# Bjóða talibönum til viðræðna

**PAKISTAN, AP** Leiðtogar Afganistans og Pakistans hafa ákveðið að bjóða uppreisnarleiðtogum talibanahreyfingarinnar til viðræðna, í þeirri von að binda megi enda á átök með þeim hætti.

Abdullah Abdullah, utanríkisráðherra Afganistans, og Shah Mahmoud Qureshi, utanríkisráðherra Pakistans, komust að þessari niðurstöðu eftir að hafa setið öldungaþing ættbálka frá Afganistan og Pakistan, sem haldið var í borginni Islamabad í Pakistan.

Fulltrúar á þinginu hafa skipað nefndir, sem fá nú það hlutverk að setja sig í samband við leiðtoga uppreisnarmanna. Annað öldungaþing verður svo haldið eftir tvo mánuði, þar sem þessar nefndir skýra frá árangri sínum.



**Á ÖLDUNGAÞINGINU Í ISLAMABAD** Owis Ahmed Ghani, héraðsstjóri Norðvesturlandamærahéraðsins í Pakistan, ásamt utanríkisráðherrunum Shah Mahmoud Qureshi frá Pakistan og Abdullah Abdullah frá Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átök hafa aukist og versnað síðustu misserin, bæði í Pakistan og Afganistan. Uppreisnarmenn gegn stjórn Afganistans og erlenda herliðinu þar hafa margir hverjir flúið yfir landamærin til Pakistans, þar sem þeir hafa bækistöðvar í skjóli vinveittra ættbálka og gera þaðan árásir yfir landamærin til Afganistans.

Abdullah sagði að einungis verði rætt við þá uppreisnarhópa sem fallast á stjórnarskrár beggja landanna. Hann tók ekki fram hvort kröfur væru um að þeir afvopnist áður en af viðræðum yrði. - gb

Skaðabótamál:

# Landspítalinn var sýknaður

**DÓMSMÁL** Landpítalinn hefur verið sýknaður í skaðabótamáli sem hjúkrunarfræðingur, er þar starfaði, höfðaði gegn honum.

Hjúkrunarfræðingurinn var að aðstoða sjúkling úr rúmi í hjólastól, þegar sá fyrrnefndi féll við og fékk slink á bakið.

Var örorka metin 12 prósent í kjölfarið.

Niðurstaða dómsins var sú að hjúkrunarfræðingurinn hefði getað nálgast nauðsynleg hjálpartæki við að koma sjúklingnum í hjólastólinn. Hafi hún sjálf kosið að haga verkum sínum með þeim hætti sem hún gerði og beri því fulla ábyrgð. - jss

**VIKA 38**

## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:

### Matur kostar miklu meira



„Mér finnst Íslendingar almennt jákvæðir, þrátt fyrir fjármálakreppuna," segir Charlotte sem er nýkomin heim úr starfsnámi í Lundúnum. Hún segir fátt hafa breyst á meðan hún var erlendis, „fyrir utan hvað verð á vörum hefur hækkað stórkostlega. Ég hef eytt meira í matvöru síðastliðnar tvær vikur en ég myndi annars eyða á tveimur mánuðum. Samt hef ég bara keypt það sem mig vantar og sleppt öllu kjöti. Mér finnst þetta framtak, indefence.is alveg frábært. Ég hef fylgst með heimasíðunni og tel líklegt að þeim takist að safna að minnsta kosti 100 þúsund undirskriftum. Mér finnst mjög mikilvægt að koma réttum skilaboðum til bresku þjóðarinnar, að þetta bankahrun sé nú ekki íslensku þjóðinni að kenna."

Filipe Figueiredo:

### Mamma spyr um ástandið



„Þetta ástand hér á landi getur ekki farið fram hjá manni. Ég tek eftir því að verð hækkar og svo eru vinnufélagarnir mikið að tala um það og ekki nóg með það heldur er móðir mín í Portúgal að spyrja um þetta en Ísland er mikið í fréttum þar úti þessa dagana.

Ég er hérna áfram í Reykjavík en vonast til að komast vestur á Ísafjörð fljótlega. Ég kann betur við mig í norðrinu, ég var til dæmis fyrir stuttu á Sauðárkróki og það var verulega gaman. En svo er ég að fara til Amsterdam eftir tvær vikur og þar mun ég hitta kærustuna. Síðan þegar ég kem aftur líður aðeins einn mánuður þar til ég sé hana aftur; í jólafríinu í Portúgal."

Junphen Sriyoha:

### Farin að prjóna



„Nú er kominn vetur svo það er voða notalegt að leggjast í prjónaskapinn," segir Junphen sem sagði okkur meðal annars frá því síðasta vetur að hún hefði hannað og saumað á sig kjól sem hún fór í á áramótagleði Taílendinga hér á landi. „Nú er ég að sauma húfu og vettlinga, ekki veitir af í kuldanum og þegar ég er orðin nógu fær þá ætla ég að gera peysu.

En það er ekki síður upplagt að fara í Bláa lónið í kuldanum sem ég og gerði um síðustu helgi með nokkrum vinum. Það var síðan afar gott að fá sér heitt kaffi á eftir."




KAUPÞING
Hugsum lengra

ÓVERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

**M2**
Vextir eru stighækkandi eftir tíma og innstæðu. Tilvalinn fyrir þá sem eru með háar fjárhæðir og vilja skamman binditíma. Lágmarksinnstæða við stofnun er 1 milljón kr.

VERÐTRYGGÐIR REIKNINGAR

**Mx12 verðtryggður**
Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu. Vextir eru greiddir mánaðarlega. Hægt er að ráðstafa vöxtunum að vild inn á hvaða reikning sem er. Reikningurinn er bundinn í 36 mánuði. Lágmarksinnborgun við stofnun er 1 milljón kr.

**Bústólpi**
Verðtryggður reikningur með háa ávöxtun. Vextir eru greiddir um áramót og lausir til útborgunar. Hver innborgun er bundin í 48 eða 60 mánuði.

Nánari upplýsingar í síma **444 7000**, í næsta útibúi Kaupþings eða á **kaupthing.is**

ENNEMM / SÍA / NM35940

LAUGARDAGUR 1. NÓVEMBER 2008

LESBÓK

Magnaður laugardagur framundan



Myrká, ný glæpasaga

Morð á ungum manni í Þingholtunum

Lestu fyrsta kaflann í nýjustu bók Arnaldar Indriðasonar

W.

Við fjöllum um W, kvikmynd Oliver Stone um George W. Bush

Lifandi?

Umræða um dauða krúttsins heldur áfram






Njóttu laugardagsins til fulls. Tryggðu þér áskrift á **mbl.is** eða í síma **569 1100**

Morgunblaðið

„ORÐRÉTT“

*Bjánagangur*

**„Frá mínum bæjardyrum er þetta bara hugsanalaus bjánagangur.“**

DÓRA ÍSLEIFSDÓTTIR, FAGSTJÓRI Í LHÍ, UM FÁNA SAMTAKANNA NÝRRA TÍMA, SEM HÚN TELUR MINNA Á MYNDMÁL FASISTA.
**Fréttablaðið, 30. október.**

*Glimrandi gangur*

**„Hins vegar er glimrandi gangur hjá okkur og ekkert gjaldþrot í spilunum.“**

HANS ANDREASEN, VERT Á VEITINGA- OG SKEMMTISTAÐNUM GLITNI Í FÆREYJUM.
**Fréttablaðið, 30. október.**

## HÖRMUNGAR

### GJAFAKORN HANDA SOLTNUM ÍSLENDINGUM



■ Mikil harðindi sem geisuðu á Íslandi á árunum 1881-1887 komu einna verst við bændur í Vestur-Skaftafellssýslu. Þetta kemur fram í samantekt Sigrúnar Lilju Einarsdóttur á heimasíðu Mýrdalshrepps, vik.is:

■ Kuldakast og með afbrigðum slæmt árferði árið 1881 átti eftir að hafa örlagaríkar afleiðingar fyrir þetta litla hérað. Grasbrestur var mikill, forðaheimtur brugðust þar eð engin spretta var á túnum sökum kulda, fjárfellir var mikill og klaki fór ekki úr jörðu. Hafísinn hjúfraði sig upp að landi, ísbirnir ráfuðu um bæi og gerðu mikinn usla og jökulfljótin börðust við að éta af ræktuðu landi austan Mýrdalssands.“ Þá kemur fram að í nágrannalöndunum hafi verið safnað gjafakorni fyrir sveltandi Íslendinga.

**tilveran**
*nær og fjær*

# Minnsta kaffihús Íslands

**Hjónin Elda og Methúsalem reka minnsta kaffihús landsins, Café D'Haiti, við Tryggvagötu. Þau segja Íslendinga kunna vel að meta sterkan og góðan kaffisopa.**



**HÁTT TIL LOFTS OG ÞRÖNGT TIL VEGGJA** Elbu og Methúsalem segja Café D´Haiti búa yfir nægu plássi, sérstaklega ef einhverjir láta sér nægja að standa meðan bragðmikill sopinn er sötraður. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Við erum nýbúin að stækka við okkur og finnst kaffihúsið bara frekar stórt núna,“ segir Elda Þórisson Faurelien, sem ásamt eiginmanni sínum, Methúsalem Þórissyni, rekur Café D'Haiti á Tryggvagötu 16. Kaffihúsið tekur sex manns í sæti og telst því að öllum líkindum minnsta kaffihús á Íslandi og þó víðar væri leitað. Samt rúmar húsnæðið talsvert fleiri ef einhverjir sætta sig við að standa og sötra bragðgóðan kaffisopann í verstu vetrarhörkunum.

Elda og Methúsalem kynntust í sveitinni Nippes á Makaya-svæðinu á suðurhluta Haítí, þar sem Methúsalem starfaði á vegum Húmanistahreyfingarinnar. Eftir að hafa gift sig á Haítí fluttu þau til Íslands árið 2006 með soninn Þóri Guðmund sem nú er átta ára. Elda hóf fljótlega að reyna fyrir sér í kaffigerð og -sölu. „Ég er sveitakona, hef unnið mörg sveitastörf og meðal annars starfað við kaffirræktun. Ég er því vel kunnug öllu ferlinu, frá því að fræjunum er sáð og þar til kaffið er komið heitt ofan í bollann. Þetta er mín reynsla og mitt upplag,“ segir Elda. Hún hóf að búa til kaffi úr baunum sem hún fékk beint frá bændum á Haítí og seldi afurðirnar víða, meðal annars á föstudagsmörkuðum í Mjóddinni, í Mosfellsbæ og fyrir jólin á Smáratorgi. „Við urðum vör við að fólki líkaði kaffið vel og upp úr því fórum við að framleiða í meira magni. Kaffihúsið hóf svo göngu sína á Skólavörðustíg áður en það flutti á Tryggvagötuna í apríl síðastliðnum,“ bætir Methúsalem við.

Hjónin segja rekstur kaffihússins hafa gengið vel, og að Íslendingar séu þakklátir fyrir gott kaffi. „Það er kannski orðum aukið að tala um aðdáendahóp, en margir koma aftur og aftur til okkar,“ segir Methúsalem, en auk þess að bjóða upp á kaffi til að drekka á staðnum og taka með selja þau einnig kaffi í pokum og kruðerí víðs vegar að úr heiminum, meðal annars frá Damaskus í Sýrlandi. „Flestar vörurnar okkar eru vottaðar sem sanngjörn viðskipti (fair trade), og við borgum bændunum á Haítí meira en heimsmarkaðsverð fyrir kaffið,“ segir Elba.

Spurð um væntingar fyrir veturinn eru hjónin bjartsýn. „Við höldum að þetta verði allt í góðu lagi, en að efnahagsástandinu undanskildu hefur veðrið líka áhrif á starfsemina hjá okkur. Færri koma og fá sér kaffi í miklum kulda, sem er í raun skrýtið því góður, heitur kaffibolli er það besta í heimi þegar kalt er í veðri,“ segir Methúsalem og hefst því næst handa við að undirbúa málverkasýningu sem haldin verður á Café D-Haiti um helgina, þar sem verk Þórs Magnúsar listamanns og annars listamanns frá Haítí verða hengd upp á háa veggi kaffihússins.

**kjartan@frettabladid.is**

Heklumót norðlenskra karlakóra verður haldið á Húsavík á morgun:

# Veisla fyrir kóraunnendur

**MANNAMÓT** Vel á þriðja hundrað karla í átta karlakórum munu sameinast á Heklumóti 2008 í Íþróttahöllinni á Húsavík á morgun, laugardaginn 1. nóvember. Það er Hekla, samband norðlenskra karlakóra, sem stendur fyrir mótinu, en Heklumót eiga sér ríflega sjö áratuga sögu. Fullyrða aðstandendur mótsins að um sé að ræða veislu fyrir áhugafólk um kórsöng, sem enginn unnandi megi láta fram hjá sér fara.

Undirbúningsnefnd mótsins fékk Guðmund Óla Gunnarsson, tónlistarkennara og stjórnanda, til að semja nýtt lag sérstaklega fyrir mótið. Verkið ber heitið „Þú, sem eldinn átt í hjarta,“ og er samið við texta Davíðs Stefánssonar. Þarna verður því um frumflutning að ræða á nýju íslensku tónverki, sem samið er fyrir karlakóra.

Kórarnir sem taka þátt í mótinu að þessu sinni eru Karlakór Akureyrar-Geysir, Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps, Karlakór Dalvíkur, Karlakórinn Drífandi á Fljótsdalshéraði, Karlakórinn Ernir á norðanverðum Vestfjörðum, Karlakór Eyjafjarðar, Karlakórinn Heimir í Skagafirði og sjálfir gestgjafarnir, Karlakórinn Hreimur á Húsavík.

Fjörið hefst klukkan 14.00 í Íþróttahöllinni á Húsavík. **- kg**



**KÓRRÉTT** Frá Heklumóti 2004.



# LAGERÚTSALA







Heilsudýnur
Stillanleg rúm
Náttborð
Gaflar
Kommóður
Og vörur úr

HÚSGÖGNIN
HEIM

Smávara
Jólavara
Skápar/Skenkar
Borð
Ljós og fleira

## Allt að 80% afsláttur

Takmarkað magn







Kletthálsi 13
opið 10-18 virka daga
12-15 á laugardögum
Sími 660 0035




Svefn & heilsa
★★★★★


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAKÓTILETTUR
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSAGÚLLAS OG GRÍSASNITSEL 1127 kr./kg. MERKT VERÐ 1878 KR./KG.
499
ALI GRISABÓGUR 499 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
ALI GRÍSA HELGARSTEIK
1139 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
698
ALI GRÍSABÓGUR REYKTUR 698 kr./kg.
683
KS FROSINN LAMBABÓGUR
683 kr./kg.
NÝSLÁTRAÐ
35% AFSLÁTTUR
KS FROSIN LAMBASVIÐ
194 kr./kg. MERKT VERÐ 299 KR./KG
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU NAUTAGÚLLAS
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG
30% AFSLÁTTUR
NAUTAVEISLU-NAUTASNITSEL
1498 kr./kg.
MERKT VERÐ 2140 KR./KG.
498
NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI
498 kr.
98
MYLLU
FJÖLKORNABRAUÐ
375g 98 kr.
898
ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
898 kr./kg.
798
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR
798 kr./kg.
898
BLEIKJUBITAR
BEINHREINSAÐIR
898 kr./kg.
798
HARÐFISKUR
200g 798 kr.
ÍSLENSK PRÓTEINBOMBA.
359
BÓNUS LÝSI
500 ml 359 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30.TUD12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
HOLTA FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR
Ferskur Holtakjúklingur
Bringur með Piri Piri sósu.
50%
AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚLINGABRINGUR MEÐ PÍRI-PÍRI KRYDDPOKA
1699 kr./kg. MERKT VERÐ 3398 KR./KG.
40%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
599 kr./kg. MERKT VERÐ 998 KR./KG
KJARNAFÆÐI
25%
AFSLÁTTUR
KF KOFAREYKT HANGILÆRI M/BEINI
1424 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR./KG.
EGILS
KRISTALL +
1 ltr 89 kr.
COKE ZERO
2 ltr. 98 kr.
PEPSI MAX
1 ltr. 89 kr.
198
BÓNUS SPELT PIZZADEIG
400g 198 kr.
Brazzi
hreinn appelsínusafi
Brazzi
hreinn eplasafi
98
89
98
89
Kristall plús
Coca-Cola zero
PEPSI MAX
18
BÓNUS
498
BÓNUS WC PAPPÍR 18
RÚLLUR 498 kr.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BRAZZI
APPELSÍNU & EPLA
1 ltr 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGA 10.00-19.30.TUD12.00-18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
639 **-0,55%**

**Fjöldi viðskipta:** 45
**Velta:** 58 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATORKA** | 8,33% | **ALFESKA** | 21,05% |
| **ÖSSUR** | 4,87% | **BAKKAVÖR** | 5,00% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 2,31% | | |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR:** 205,9 +0,93%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,00 -21,05% ... Atorka 0,65 +8,33% ... Bakkavör 4,75 -5,00% ... Eimskipafélagið 1,33 +2,31% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,43 +0,37% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 71,00 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 90,50 +4,87%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ungverjar skeri niður



**FERENC GYURCSANY**

„Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir Ungverjum ekki fyrir verkum,“ segir Ferenc Gyurcsány, forsætisráðherra Ungverjalands. Á þriðjudag tilkynnti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) um 12,5 milljarða evra lán til landsins.

Gyurcsány segir sjóðinn hafa sett „tvö mjög skynsamleg skilyrði“. Annars vegar megi fjárlagahalli ekki fara fram úr 2,6 prósentum af landsframleiðslu og hins vegar að stjórnvöld skuldbindi sig til að lækka ekki skatta. Seðlabankastjóri Ungverjalands staðhæfir að í samkomulaginu séu engin skilyrði umfram þau markmið sem bankinn hefur þegar sett sér í peningamálum.

Ungverskir fjölmiðlar hafa greint frá því að Alþjóða Gjaldeyrissjóðurinn hafi farið fram á að ríkisútgjöld yrðu skorin niður um 1,2 milljarða evra, eða nærri 13 prósent. Niðurskurðinum verði náð með lækkun launa- og lífeyrisuppbóta opinberra starfsmanna.

Þá hefur Gyurcsány lýst því yfir að stjórnendur allra ríkisfyrirtækja muni missa launauppbætur í ár og á næsta ári. Árlega nema þær margra mánaða launum, en að auki verði laun þeirra lækkuð um 10 prósent. Áætlað er að æðstu stjórnendur ríkisfyrirtækja taki þannig á sig allt að 30 prósenta launalækkun.

Aðrar heimildir herma að stjórnvöld hyggist mæta skilyrðum IMF með því að skera niður í velferðarmálum, meðal annars verði húsnæðisbætur skertar. Forsætisráðherra landsins hefur borið þær fréttir til baka. **- msh**

# Fylgjast grannt með þróun mála

**Fjallað er ítarlega um viðræður íslenskra stjórnvalda og breskra um Icesave reikninga Landsbankans í viðskiptablaðinu Het Financiele Dagblad síðasta þriðjudag.**

**Rætt er við bæði forsætis- og utanríkisráðherra, sem lýsa stöðu landsins sem smáþjóðar sem reiði sig á alþjóðalög í deilunni.**

**Daginn áður fjallaði blaðið í stórri grein um hvernig mótlæti síðustu daga „efldi fyrirtæki hér til dáða“. Var þar rætt við Hörð Arnarsson fostjóra Marel Food Systems, Jón Sigurðsson forstjóra Össurar, Gylfa Arnbjörnsson hjá Alþýðsambandinu og Vilhjálm Egilsson hjá Samtökum atvinnulífsins.** **- óká**

# Bakkavör skilar tapi

„Uppgjörið er í takt við aðstæður,“ segir Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar.

Félagið tapaði 19,5 milljónum punda, jafnvirði tæpra 3,8 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi, samanborið við 11,3 milljóna punda hagnað á sama tíma í fyrra. Þetta er 273 prósenta samdráttur á milli ára. Þá dróst rekstrarhagnaður saman um 26 prósent. Svipuðu máli gegnir um aðrar afkomutölur að veltu undanskilinni.

Félagið lokaði skiptasamningi upp á 10,9 prósenta hlut í írska samlokurisanum Greencore Group í mánuðinum og nam tapið af honum 10,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins, þar af 2,2 á þriðja ársfjóðungi. Í ofanálag tapaði félagið 700 milljónum króna vegna framvirks samnings á 6,1 prósents hlut í grænmetisframleiðandanum Camposol í Perú. Bakkavör keypti hlutinn áður en Camposol var skráð á markað á fyrri hluta árs.

Bakkavör hefur flaggað kaupum á hlut í nýju fyrirtæki svo til í hverju uppgjör síðustu misseri. Því er ekki að skipta nú.

„Við horfum nú til hagræðingar,“ segir Ágúst og vísar til þess að fyrirtækið sé að loka verksmiðjum í Bretlandi með tilheyrandi uppsögnum. **- jab**



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON** Forstjóri Bakkavarar segir fyrirtækið hagræða í rekstrinum um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**LYKILTÖLUR BAKKAVARAR***

| Liður | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Sala | 402,8 | 375,7 |
| Rekstrarhagnaður/-tap | 18,2 | 30,1 |
| Hagnaður/-tap | -19,5 | 11,3 |
| Eignir | 1.716,7 | 1.482,8 |
| Eigið fé | 205,2 | 278,7 |
| Skuldir | 1.511,2 | 1.204,1 |
| Handbært fé frá rekstri | 44,3 | 81,3 |
| Hagnaður/-tap | -0,2 | 0,5** |

* Á þriðja ársfjórðungi. Allar upphæðir í milljónum punda.
** Leiðréttur hagnaður á hlut í pensum.

# Exista tekið af markaði

**Samþykkt var í gær að taka Existu af markaði. Stjórnarformaður félagsins segir mikla óvissu um framtíð Existu en mistök hafi verið að flytja ekki höfuðstöðvar Kaupþings úr landi í fyrra.**




**LÝÐUR GUÐMUNDSSON** Stjórnarformaður Existu sér eftir því að hafa ekki beitt sér fyrir því að flytja höfuðstöðvar Kaupþings úr landi á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég vil ekki fegra myndina. Exista er í erfiðri stöðu og framtíðin óviss,“ segir Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Existu. Félagið hélt sérstakan hluthafafund í gær vegna þeirrar stöðu sem komin er upp eftir fall bankanna.

Á fundinum var samþykkt að taka félagið af markaði og veita stjórninni heimild til að sigla í gegnum ólgusjó á fjármálamörkuðum, svo sem með ótakmarkaðri sölu eigna. Leitað verður eftir því að skrá félagið aftur á markað þegar íslenskur hlutabréfamarkaður jafnar sig.

Exista var stærsti hluthafi Kaupþings með 24,7 prósenta hlut. Við fall bankans fyrir um þremur vikum varð eignin að engu og hurfu á annað hundrað milljarða króna úr bókum félagsins.

Þá átti Exista hundruð milljarða króna inni í bönkunum þremur, þegar þeir féllu, í formi inneigna og óuppgerðra samninga auk þess sem bankarnir áttu kröfur á hendur Existu. Óljóst er um lyktir málsins og skýrir það að miklu leyti óvissuna um framtíð Existu.

Stjórnendur félagsins eru nú að skoða möguleikann á lögsókn gegn breskum yfirvöldum, sem réðust til inngöngu í dótturfélag Kaupþings í Bretlandi með þeim afleiðingum að bankinn fór á hliðina. Megi reikna með niðurstöðu af forkönnun á því máli innan skamms. Bauð Lýður smærri hluthöfum að fylgja með í þeim málarekstri.

Lýður sagði Existu þrátt fyrir allt hafa gert nokkur mistök upp á síðkastið. Muni mest um að hafa ekki flutt höfuðstöðvar Kaupþings úr landi þegar lá fyrir að bankinn fengi ekki að gera upp í annarri mynt en krónu í fyrra. Þá falli stuðningur við hlutafjáraukningu norska fjármálafyrirtækisins Storebrand í tengslum við kaup á sænska líftryggingafélaginu SPP síðastliðið haust og kaup á 14 prósenta hlut í bresku íþróttavöruversluninni JJB Sports upp á tólf milljarða króna fyrir rúmu ári í sama flokk. Eignarhluturinn er nú næstum að engu orðinn. „Við vorum með áætlun um breytingu á félaginu en náðum því ekki áður en fjármálakreppan reið yfir,“ segir Lýður.

**jonab@markadurinn.is**

# Samdráttur í Bandaríkjunum er undir spám

Landsframleiðsla Bandaríkjanna dróst saman á þriðja ársfjórðungi um 0,3 prósent. Hagfræðingar höfðu spáð 0,5 prósenta samdrætti. Samdrátturinn hefði verið meiri ef ekki hefði komið til stóraukning í ríkisútgjöldum. Þessar tölur eru taldar auka líkur á að bandarísk stjórnvöld lýsi formlega yfir að efnahagskreppa sé hafin.

Þyngst vó samdráttur í einkaneyslu, sem dróst saman um 3,1 prósent. Einkaneysla hefur ekki dregist jafn mikið saman síðan 1980. Bloomberg fréttastofan bendir á að samdráttur útgjalda neytenda til fatnaðar og matvæla , 6,4 prósent, sé hinn mesti í meira en hálfa öld. Fara þyrfti allt aftur til 1950 til að finna sambærilegar tölur. Ein af ástæðum samdráttar í einkaneyslu er 8,7 prósenta samdráttur í ráðstöfunartekjum launafólks.

Hagfræðingar sem Wall Street Journal ræddi við voru flestir þeirrar skoðunar að samdrátturinn nú væri ávísun á hvað koma skyldi. Sérstaklega væri hrun einkaneyslu alvarlegt vandamál. **- msh**

# Auglýst eftir kröfum

Skilanefndir Kaupþings, Landsbanka Íslands og Glitnis hafa nú allar auglýst eftir erlendum kröfum í þrotabú bankanna.

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte & Touche í Bretlandi hefur verið ráðið til að eiga samskipti við erlenda skuldunauta gömlu bankanna þriggja, og safna saman kröfum þeirra á þrotabúin. Þá mun Deloitte setja upp nefndir þessara erlendu kröfuhafa, sem munu semja við þrotabú bankanna um ráðstöfun eigna og greiðslur upp í skuldir þegar þar að kemur. **- msh**

# Breytingar hjá Icelandair

Icelandair tilkynnti á fimmtudag að félagið hygðist fækka framkvæmdastjórum úr sex í þrjá. Um leið voru kynntar skipulagsbreytingar á félaginu, sem hafa að sögn Birkis Hólms Guðnasonar, forstjóra Icelandair, að markmiði að auka „hraða ákvarðanatöku og færa stjórnendur nær daglegum rekstri.“ Í vor var kynnt um fækkun millistjórnenda.

Eftir breytingarnar verður Andri Áss Grétarsson framkvæmdastjóri framleiðslusviðs, sem sér um flugrekstur, Helgi Már Björgvinsson framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs og Hlynur Elísson verður framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Þeir munu, ásamt Birki, skipa framkvæmdastjórn félagsins. **- msh**

# Birta stöðu bótasjóða

**Forstjórar tryggingafélaganna þriggja segja mikilvægt að upplýsa um stöðu bótasjóða félaganna. TM, VÍS og Sjóvá hyggjast öll á næstunni gera grein fyrir stöðu sinni. Fjármálaeftirlitið segir félögin nú grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana vegna erfiðleika á fjármagnsmarkaði.**



**GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON** forstjóri VÍS.



**SIGURÐUR VIÐARSSON** forstjóri TM.



**ÞÓR SIGFÚSSON** forstjóri Sjóvár.

„Það kemur sterklega til greina að birta níu mánaða uppgjörið fljótlega. Við íhugum einnig að birta sérstaklega upplýsingar um eignir sem eru á bak við bótasjóðinn. Það þarf að eyða allri óvissu,“ segir Sigurður Viðarsson, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar.

Fjármálaeftirlitið kannar nú stöðu bótasjóða tryggingafélaganna, í ljósi hruns bankakerfsins og hefur kallað eftir upplýsingum frá VÍS TM og Sjóvá. Heimildir Morgunblaðsins herma að umtalsvert fé vanti í sjóðina, sem eigi að nema um 48 milljörðum króna.

Fjármálaeftirlitið segir í yfirlýsingu að það afli nú upplýsinga um fjárhagsstöðu tryggingafélaganna. „Fjárhagsstaða félaganna er mismunandi, en að öllu óbreyttu er ekkert sem bendir til annars en að þau geti staðið við fjárskuldbindingar sínar gagnvart vátryggingatökum og vátryggðum. Vátryggingafélög, líkt og önnur fjármálaþjónustufyrirtæki, eru að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana í tengslum við þá erfiðleika sem fyrir hendi eru á fjármálamarkaði,“ segir í yfirlýsingunni.

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, segir undirliggjandi rekstur félagsins ekki hafa verið betri um árabil. „Auðvitað verður félagið vart við það öldurót sem nú er á fjármálamarkaði. Við teljum að félagið eigi ágætar eignir á móti tjónaskuld. Við munum kynna 9 mánaða uppgjörið okkar innan skamms þegar uppgjör Moderna liggur fyrir. Með ágætar eignir og traustan bakhjarl í sænska móðurfélaginu okkar, Moderna, þá teljum við stöðu félagsins vel ásættanlega,“ segir Þór.

Guðmundur Örn Gunnarsson, forstjóri Vátryggingafélags Íslands, segir að bótasjóðir félagsins séu tryggðir með góðum eignum. Hann tekur undir það að eyða þurfi óvissu. Hann geri ráð fyrir því að tölur um stöðu félagsins fyrstu tíu mánuði ársins liggi fyrir eftir helgina og verði birtar fljótlega.

**ingimar@markadurinn.is**

# Skóaðu þig upp!

## skór á alla fjölskylduna



# Afnemum VSK af öllum skóm

Vincent™ a big step for small feet www.vincentshoestore.com SWEDEN

BE WILD! FOOTWEAR

VAGABOND

Clarks Shoes designed for living

ecco

aze

Trigger

STUDIO London

FILANTO

bullboxer

viking Guaranteed waterproof footwear

true

DreamTeam

Reebok

grisport

LATIBÆR

Barbie

DORA

melania

Sanita

Waterland

SPIDERMAN

Gildir til 2. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Deilt er um ákvörðun um hækkun stýrivaxta.

## Voru lög brotin?

**BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR**

Óhætt er að fullyrða að ekki hafi allir fagnað ákaft þegar Seðlabanki Íslands tilkynnti óvænt um helmingshækkun stýrivaxta sinna. Margir höfðu átt von á auknu aðhaldi í peningamálastefnunni í kjölfar tilkynningar um formlegar viðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), en svo rosaleg hækkun kom illa við íslenskt viðskipta- og athafnalíf, sem hefur mátt þola svo mörg áföll síðustu daga og vikur. Auk þess var stutt síðan Seðlabankinn hafði lækkað vextina nokkuð ríflega, einkum með þeim augljósu rökum að aðstæður í þjóðarbúskapnum væru gjörbreyttar, samdráttur væri þegar orðinn nokkur og eftirspurn og væntingar hefðu hríðfallið.

Nokkuð almennur stuðningur hefur verið hér á landi við þá ákvörðun að leita á náðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Flestum ber saman um að aðrir kostir hafi tæpast verið fyrir hendi. Í rökstuðningi fyrir vaxtahækkuninni vísaði bankastjórn Seðlabankans til samkomulagsins við IMF og sagði að í því fælist beinlínis að fyrir staðfestingu þess skuli Seðlabankinn hafa hækkað stýrivexti í 18 prósent. Enn fremur var vísað til þess að við hrun bankakerfisins og harkalegar ytri aðgerðir sem í kjölfarið fylgdu hafi gjaldeyrismarkaður þjóðarinnar lamast á svipstundu. Frekari takmarkanir á gjaldeyrisviðskiptum væru því óhjákvæmilegar og aðhaldssamt vaxtastig sömuleiðis.

Formaður bankastjórnar Seðlabankans lagði áherslu á samstöðu í máli sínu á blaðamannafundi þegar ákvörðunin var kynnt. Að allir yrðu að róa í sömu átt. Hann neitaði að upplýsa um sína persónulegu skoðun á vaxtahækkuninni, en vísaði þess í stað til samkomulags IMF og ríkisstjórnarinnar. Það sjónarmið var svo ítrekað með afgerandi hætti með sögulegri yfirlýsingu bankans í gær, þar sem trúnaði var beinlínis aflétt í þeim tilgangi að sýna fram á að samkomulag hafi orðið um slíka vaxtahækkun, jafnframt sem því var vísað á bug að ráðherrar í ríkisstjórn gætu hafa undrast vaxtahækkunina á þeim forsendum að ekkert slíkt ákvæði væri í samningsgerðinni.

Hvernig ber að túlka slíkar skeytasendingar milli Seðlabanka og ríkisstjórnar? Sýna þær ekki ágreining milli aðila sem ávallt eiga að standa saman, einkum við þær aðstæður sem nú eru uppi? Er hafið ímyndarstríð um það hverjir beri ábyrgð á óvinsælum ákvörðunum? Eru einhver fordæmi fyrir slíkum yfirlýsingum af hálfu Seðlabanka, þar sem beinlínis er sett ofan í við ráðherra í ríkisstjórn?

Málið á sér aukinheldur fleiri hliðar. Svo vill til að Seðlabankinn er sjálfstæður samkvæmt lögum. Hann fer með ákvörðunarvald í peningamálum og á hvorki að taka við fyrirskipunum frá alþjóðastofnunum né stjórnmálamönnum. Í samþykkt bankastjórnar er skýrt kveðið á um starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu ákvarðana í peningamálum. Er yfirlýsing Seðlabankans til marks um að farið hafi verið á svig við þau lög? Telur bankinn að hann hafi fengið bein tilmæli frá ríkisstjórn eða alþjóðastofnun? Til yfirlýsinga hvaða ráðherra er hann að vísa með yfirlýsingu sinni?

Svara við þessum spurningum og fleirum hlýtur að vera að vænta á næstu dögum. Ef það er rétt, sem margt bendir til, að bankastjórar Seðlabankans fari ekki lengur með stjórn peningamála, væri hyggilegt að fá það formlega á hreint sem allra fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fáðu ráðgjöf um tímareimaskipti

**Er tímareimin komin á tíma?**

Fast verð hjá Vélalandi

Skoðaðu fast verð hjá Vélalandi. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.

**Verðdæmi um tímareimaskipti:**

**Nissan Patrol 2,8 dísil** Árgerð 1992-2000
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.606 kr.

**Toyota Land Cruiser 90 3,0D** Árgerð 1997-2002
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.427 kr.

**Toyota Corolla 1,6 bensín** Árgerð 1997-2001
Heildarverð, varahlutur og vinna: 34.212 kr.

**VW Golf 1,6AEE bensín** Árgerð 1997-2006
Heildarverð, varahlutur og vinna: 36.213 kr.

**Ford Focus 1,6 bensín** Árgerð 1998-2005
Heildarverð, varahlutur og vinna: 39.958 kr.

**Opið virka daga kl. 8:00 til 18:00**
**www.velaland.is**

Vélaland sérhæfir sig í tímareimum. Komdu í Vélaland og fáðu ráðgjöf um skiptingu á tímareim. Vélaland skiptir fljótt og vel um tímareimina fyrir þig, á föstu verði.

**Sjáðu hvar við erum. Hringdu núna í síma 577-4500 og pantaðu tíma.**




VÉLALAND

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvenær drepur maður mann?

Vísir segir frá því að skólameistari Flensborgarskóla, Einar Birgir Steinþórsson, hafi sent starfsmönnum skólans bréf fyrr í þessum mánuði þar sem hann hvetur þá til að fara sér að engu óðslega í umræðum um efnahagsástand þjóðarinnar. Freyja Auðunsdóttir íslenskukennari, sem hefur meðal annars það verk með höndum að kynna nemendum Íslandsklukkuna sagði að í bréfinu væru viðtakendur sérlega hvattir til að hafa varann á ef vangaveltur um sökudólga fara að ná flugi. Freyja sem segist ekki hika við að nota dæmi úr bókinni til að skoða atburði líðandi stundar ætti að staldra við í 17. kafla ef nemendur fara að tala um orðaskak Björgólfs Thors og Seðlabankans. Þar segir Jón Hreggviðsson meðal annars „hvenær drepur maður mann og hvenær drepur maður ekki mann?“



### Gat til helvítis veldur misskilningi

Síðan mættu þeir sem eru að hjóla í bresk yfirvöld læra ýmislegt af Jóni þessum en hann dó ekki ráðalaus þegar útlendingar reyndu að gera lítið úr honum. Danir komu fram við hann af bölvaðri óvirðingu, meðal annars vegna þjóðernis kappans. Sögðu þeir Íslendinga alla vera litla djöfla. Jón kvað það mikinn misskilning sem líklegast væri tilkominn af því að það væri gat til helvítis á landinu, uppi á Heklu. Og ef menn legðu eyrun við gatið mætti jafnvel heyra dönsku upp um það.

### Ekki hægt með þessa hraðbanka

Starfsmönnum í Ráðhúsi Reykjavíkur hefur borist tilkynnt um að hraðbanka SPRON í ráðhúsinu hefði verið lokað. Ástæðan ku vera sú að hann hefur verið rekinn með tapi í nokkur ár. Mikið agalega er orðið erfitt í bankageiranum, meira að segja hraðbankarnir lognast út af.



**jse@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ




# Jafnvægið raskaðist



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**

**Í DAG** | Fjármálakreppan

Margir kasta grímunni í kreppunni. Sjónvarpsstöð Baugsfeðga gerði þriðjudaginn 28. október skoðanakönnun um Davíð Oddsson. Niðurstöður voru kynntar svo, að 90% vildu Davíð burt. Þegar að var gáð, höfðu aðeins 40%, 800 af 2.000, svarað, svo að könnunin var ómarktæk vegna lágs svarhlutfalls. Í raun var niðurstaðan, að 36% (90% af 40%) vildu Davíð burt. Það er minna en búast mátti við eftir látlausar árásir Baugsmiðla á Davíð. Útrásarmenn reyna að kenna Davíð um eigið verk: Þeir stofnuðu til óhóflegra skulda.

Að sjálfsögðu er meginskýringin á ástandinu hér hin alþjóðlega lánsfjárkreppa, sem á upptök sín í ríkisafskiptum af bandarískum húsnæðismarkaði. En kreppan skellur af þunga á Íslendingum, af því að bankarnir hér uxu hraðar og söfnuðu meiri skuldum en svo, að ríkissjóður og seðlabanki fengju að gert. Deila má um, hvort skipan peningamála á Íslandi hin síðari ár hafi verið heppileg. En henni er ekki um að kenna. Nýsjálendingar búa við sömu skipan peningamála. Bankar þeirra hafa ekki steypst um koll. Yfirtöku Glitnis er ekki heldur um að kenna. Óðs manns æði hefði verið að lána Glitni stóran hluta gjaldeyrisforða Seðlabankans gegn lökum veðum og engri tryggingu fyrir framtíðarlausn. Ákvörðun ríkisstjórninnar reyndist rétt: Næstu daga eftir yfirtökuna snarversnaði ástandið erlendis. Ekki má heldur gleyma því, að skuldatryggingarálag á íslensku bankana var löngu fyrir fall þeirra orðið svo hátt, að hinn alþjóðlegi lánsfjármarkaður taldi þá bersýnilega gjaldþrota.

Tveir menn bera mesta sök. Gordon Brown fór ruddalega fram, þegar hann beitti lögum um hryðjuverkavarnir gegn íslenskum bönkum. Sérstakur tryggingasjóður ábyrgist innstæður í þeim eftir samevrópskum reglum. Ef sjóðurinn nægir ekki ásamt erlendum eigum bankanna til að gera upp við erlenda innstæðueigendur, þá ber íslenska ríkinu engin lagaleg skylda til að bæta við hann og skuldsetja með því komandi kynslóðir. Jón Ásgeir Jóhannesson er síðan sá útrásarmaður, sem safnaði ásamt hirð sinni mestum skuldum í íslenskum bönkum, auk þess sem hann beitti fjölmiðlum sínum gegn hinum fáu, sem mæltu varnaðarorð.

Íslenska þjóðveldið féll, þegar jafnvægið raskaðist og 39 goðorð urðu að stórgoðorðum í höndum fimm fjölskyldna. Borgarastríð skall á, uns leita varð til Noregskonungs 1262 um frið og aðföng. Árið 2004 raskaðist jafnvægið hér á svipaðan hátt. Þrír auðmannahópar áttu bankana, stærstu fyrirtækin (viðskiptavini bankanna) og fjölmiðlana. Margir auðjöfranna eru mætir menn. En þá vantaði aðhald. Þegar Davíð Oddsson skynjaði hættuna og ætlaði með fjölmiðlafrumvarpi að tryggja dreifingu valds og eitthvert aðhald, synjaði forseti Íslands því staðfestingar. Vinstrisinnar klöppuðu fyrir forsetanum af sama kappi og hann fyrir útrásarmönnum. Áræðnir auðmæringar töldu sér eftir þetta alla vegi færa. Sá gæðingur, sem kapítalisminn getur verið beislaður, breyttist í ótemju. En lausnin nú er hvorki að auka ríkisvaldið né flytja það til útlanda, heldur að veita auðmönnum nauðsynlegt aðhald, um leið og kraftar þeirra eru nýttir öllum til góðs.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ÚTVARPSLEIKHÚSIÐ** frumflytur nýtt leikrit eftir írsk-íslenska leikskáldið Brian FitzGibbon á Rás 1 á sunnudaginn klukkan 14. Leikritið heitir Annar maður og er í leikstjórn Eddu Heiðrúnar Backman.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447





*Gjafabréf Perlunnar*

*Góð tækifærisgjöf!*

# Villibráðar-hlaðborð

*16. október - 19. nóvember*

Matreiðslumeistarar Perlunnar velja hráefni frá öllum heimshornum til að útbúa bestu villibráð sem hægt er að bjóða upp á. Nú getur þú notið þess besta í villibráðarhlaðborði Perlunnar.

*Fyrir mat er gestum boðið að bragða á sérvöldum eðalvínum frá Chile og Argentínu.*

Verð 7.750 kr.

*Tilboð mánudaga-miðvikudaga*

***6.750 kr.***

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 20. nóvember

*Tilboð mán.-þri. 6.250 kr. — Verð: 7.250 kr.*

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207

*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot




Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur eldar á hverjum degi eitthvað gott og hollt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Eldar sjaldan vondan mat

**Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur er matargat. Hún er tilraunaglöð í eldhúsinu og vill borða góðan og hollan mat og segir langt síðan henni tókst að elda eitthvað vont.**

„Ég elda nokkurn veginn á hverjum degi og finnst mikilvægt að fá bæði hollan og góðan mat,“ segir Unnur María Bergsveinsdóttir og viðurkennir að hún sé matargat.

„Ég er alin upp við góðan mat og mamma er ofboðslega góður kokkur. Þegar ég var lítil fannst krökkum oft skrítinn matur heima hjá mér en mamma eldaði mikið grænmetisrétti og baunarétti og tófú. Ætli ég hafi ekki tilraunagleðina í eldhúsinu frá henni.“

Unnur er sagnfræðingur að mennt og verkefnisstjóri miðstöðvar munnlegrar sögu á Þjóðarbókhlöðunni. Hún eldar oftast einfalda rétti eins og grænmetisrétti með hrísgrjónum eða núðlum og salöt. Spurð um uppáhaldsmatinn segist hún eiga erfitt með að gera upp á milli.

„Ég er mjög hrifin af grænmetis- og fiskréttum en ef ég á að velja eitthvað alveg uppáhalds þá væri það sushi. Ég útbý það oft sjálf og það er engin kúnst ef maður á hrísgrjónapott. Erfiðast er að fá hrísgrjónin góð en svo er þetta bara smá æfing að rúlla og móta bitana.“

Unnur er dugleg að setja saman eigin uppskriftir og fer sjaldan eftir tilbúnum uppskriftum, les þær einungis til innblásturs. Hún segir æfinguna skapa meistarann þegar kemur að eldamennsku.

„Eftir nokkur ár af misheppnuðum tilraunum þá lærist hvað má og hvað má ekki. Fyrst þegar ég fór að búa borðaði ég oft eitthvað sem var alls ekki gott, en það er langt síðan mér hefur tekist að búa til eitthvað vont.“

Uppskriftin sem Unnur býður lesendum upp á er að kjúklingarétti sem hún eldar þegar hún vill gera vel við gesti. Uppskriftin er á síðu 4.

*heida@frettabladid.is*





# Ristaðar Konnyaku núðlur

## með eggjum, kjúklingi og grænmeti.

**Við hjá Nings erum stolt af því að kynna japanskar Konnyaku heilsunúðlur.**

Í 1500 ár hafa Japanir borðað Konnyaku núðlur og telja þær vera með því allra hollasta sem þeir borða. Þær eru nær algjörlega kaloríu- og fitulausar en eru fullar af góðum trefjum og steinefnum og flokkast sem basískur matur. Þær eru sagðar grennandi og bæta meltinguna ásamt því að hreinsa eiturefni úr líkamanum.

Allir heilsuréttirnir okkar eru eingöngu kryddaðir með ferskum hvítlauk, engifer og ferskum chilli og eru án salts og sykurs.

**Nings hefur frá upphafi verið leiðandi í að innleiða nýja og hollari siði í austurlenskri matargerð á Íslandi.**

NINGS

**Konnyaku heilsutilboð 899 kr.**



**www.nings.is**

**Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899**

**CAFÉ CENTRAL** er nýr staður sem var að opna í Pósthússtræti. Á Café Central er lögð áhersla á góðan mat, góða þjónustu, þægilegt andrúmsloft og gott verð.






# Dvöl
## athvarf í Kópavogi

Markmiðið með starfsemi Dvalar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum, auka lífsgæði, efla andlega, líkamlega og félagslega vellíðan þeirra sem glíma við geðraskanir. Athvarfið er öllum opið og koma gestir í athvarfið á eigin forsendum. Fyrir marga hefur það verið mikið gæfuspor að heimsækja Dvöl.

Opið er **virka daga kl. 9-16** (10-16 á fimmtudögum) og **kl. 11-14 á laugardögum.**

Á laugardögum er gestum boðið upp á léttan hádegisverð þeim að kostnaðarlausu.

Dvöl er samstarfsverkefni Kópavogsdeildar Rauða kross Íslands, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**

Reynihvammi 43 // Kópavogi // sími 554 1260// dvol@redcross.is // www.redcross.is/dvol




Fjórhjólaferðir SÖS hafa notið mikilla vinsælda meðal fyrirtækja að sögn Sigurðar Arnar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Heilmikið sjónarspil

**Fyrirtækið SÖS stendur fyrir fjórhjólaferðum um Haukadalsskóg og -heiði.**

„Skemmtilegasti tíminn er núna, þegar hægt er keyra um í snæviþöktum skóginum,“ segir Sigurður Örn Sigurðsson eigandi fyrirtækisins SÖS, sem býður upp á fjórahjólaferðir við Geysi í Haukadal allan ársins hring. Keyrt er með hópa um Haukadalsskóg, þar sem ekið er yfir ár og læki og endað uppi á Haukadalsheiði. „Ef aðstæður leyfa er hægt að fara í lengri ferðir, allt upp í dagslangar, alveg inn að Hagavatni þar sem hægt er að sjá hvar jökullinn brotnar ofan í lónið,“ bætir hann við og lýsir því sem heilmiklu sjónarspili.

Að sögn Sigurðar eru ferðirnar fjölbreyttar, skipulagðar með hliðsjón af hópnum hverju sinni. Lágmarksþátttaka eru fjórir í hóp en fyrirtækið tekur við allt að 45 manns. „Hjólin taka tvo. Greiða þarf 12.000 krónur fyrir manninn, en 9.500 krónur ef tveir ferðast saman. Ef barn ferðast með fullorðnum ber hann fulla ábyrgð á því. Þess má geta að við veitum tuttugu prósent afslátt ef hópurinn samanstendur af tíu eða fleirum.“

Fyrirtækið útvegar leiðsögumenn og allan búnað í ferðirnar, hjálma og fatnað auk farartækja, sem eru af gerðinni Polaris 500 x 2. „Við biðjum reyndar fólk að mæta vel skóað, því hætt er við að það blotni,“ segir Sigurður og kveður auðveldast að bóka sig í gegnum heimasíðu fyrirtækisins, www.fjorhjol.is. *- rve*

# Heimspeki yfir kaffinu

**Heimspekilegar umræður verða á kaffihúsinu Bláu könnunni á Akureyri klukkan 11 næstu sunnudaga.**

Fjórir nemendur Verkmenntaskólans á Akureyri hafa framsögu á fyrsta kaffispjalli haustsins á Bláu könnunni. Þar velta þeir því upp hvaða ástand getur skapast í kjölfar kreppu. Efnið er liður í nýrri fundarröð sem Félag áhugafólks um heimspeki, hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri og Bláa kannan standa fyrir.
Dögg Jónsdóttir kennari er umsjónarmaður fundarins. „Nemendurnir hafa rýnt í söguna og byggja erindi sín á þeim athugunum,“ segir Valgerður. „Með því að fá innlegg þeirra sá ég fyrir mér nýtt fólk sem kæmi til að hlusta og taka þátt í umræðunum.“ *- gun*



Bláa kannan, í hjarta höfuðstaðar Norðurlands. MYND/KK.


# Jólahlaðborð
## á Hótel Stykkishólmi

**Jólahlaðborðið á Hótel Stykkishólmi er í hæsta gæðaflokki í umhverfi sem er einstakt, hér er ekkert til sparað í hráefni, umgjörð eða þjónustu. Hótel Stykkishólmur er glæsilegt, nýuppgert hótel í hinu ægifagra umhverfi Snæfellsness. Öll herbergin eru vel búin með t.d. þráðlausu interneti og hótelið státar af einni glæsilegustu svítu landsins.**







Föstudaginn 21. nóvember
Föstudaginn 28. nóvember
Föstudaginn 5. desember

Laugardaginn 22. nóvember FULLBÓKAÐ
Laugardaginn 29. nóvember FULLBÓKAÐ
Laugardaginn 6. desember FULLBÓKAÐ

**Verð á Jólahlaðborði er aðeins 5.500 kr. á mann**
Gisting á **föstudagskvöldið** er **4000 kr.** á mann með morgunmat
Gisting **laugardagskvöld** er á **4.500 kr.** á mann með morgunmat

### MATSEÐILL

**Úr sjó og vatni**
Fennel grafinn lax með sinnepssósu
Skelfisksalat og paté með ferskum kryddjurtum
Reyktur silungur með piparrótarkremi
Jólasíld að skandinavískum hætti
Ciabatta með kavíar og sýrðum rjóma

**Villibráð**
Grafin gæs með kastaníuhnetumauki
Hreindýra paté með bláberja- og krækiberja compott
Dádýrasteik með ristuðum villisveppum og spergli
Kalkúnabringa með súrsuðum sveppum og sætum kartöflum

**Salöt og meðlæti**
Epla & sellerí-salat, rauðrófusalat, súrsað gúrkusalat, kartöflusalat, brauðbollur, laufabrauð, rúgbrauð, smjör

**Aðalréttir**
Gljáð ofnbökuð hunangsskinka
Nautahryggvöðvi „léttreyktur“ með steiktum lauk
Hangikjöt með uppstúfi og kartöflum
Ofnbakaður saltfiskur með kremuðu bankabyggi

**Transerað af kokkunum**
Íslenskt lambalæri & Grísa-purusteik

**Meðlæti**
Gratineraðar kartöflur, sykurbrúnaðar kartöflur, ferskt markaðs grænmeti og rauðkál
rauðvínssósa, villisveppasósa

**Eftirréttir**
Ris a la mande með sólberjasaft og kirsuberjum,
Hindberjaberja- og Apríkósuband,
Ávaxtasalat, Créme brûlée,
Vanillusósa, Hindberjasósa

**Hotel Stykkishólmur**
hotelstykkisholmur@simnet.is
Pantaðu í síma: 430 2100
www.hotelstykkisholmur.is

Hringhotels
www.hringhotels.is

# Ógnvekjandi Kaffi Babalú

**Beinagrindur og heilar úr kindum er ekki algengt skraut á veggjum veitingastaða borgarinnar en má þó sjá á Kaffi Babalú þessa helgi þegar andi hrekkjavökunnar sest þar að.**



Það er orðið draugalegt um að litast á Babalú. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við ætlum að halda heljarinnar hrekkjavökugleðskap hérna á Babalú á morgun, laugardag. Gleðskapurinn er opinn öllum og það er ekki aldurstakmark," segir Glenn Barkin, annar eigenda Babalú kaffihússins í miðborg Reykjavíkur.

„Við munum bjóða upp á nammi og kökur fyrir börnin yfir daginn, en svo verður stemningin kannski aðeins meira fyrir eldri kynslóðina þegar fer að líða að kvöldi og við verðum með sérstök hrekkjavökutilboð á barnum. Hrekkjavakan sjálf er í dag og við erum búin að breyta staðnum í draugahús. Á morgun verðum við með alls konar illa útlítandi en gómsætan mat á boðstólum og hryllingstónlist verður spiluð í anda dagsins," heldur Glenn áfram og það er ljóst að andi hrekkjavökunnar er að ná tökum á honum.

Þótt hrekkjavakan sé í raun og veru nýjung á Íslandi býst Glenn við góðri útkomu á laugardaginn. Hann segist sjálfur hafa haldið upp á hrekkjavökuna síðastliðin fimm ár hérna á Íslandi og var í fyrra með yfir hundrað manns í hrekkjavökupartíi heima hjá sér. Hrekkjavakan á Babalú er sú fyrsta sem hefur verið haldin á staðnum, en Glenn tók við rekstri hans í júní á þessu ári.



„Það er engin skylda að mæta í búningi en við mælum samt sterklega með því," segir Glenn og bætir við að verðlaun verði veitt fyrir besta búninginn. Hann segir það hernaðarleyndarmál í hverju hann verði en það séu allar líkur á því hann verði ekki í sama búningnum báða dagana. „Laugardagurinn er fyrir alla fjölskylduna og meðal rétta á boðstólum verða smákökur í laginu svo sem grasker; kökur þaktar köngulóarvef og kirkjugarða-súkkulaðikökur skreyttar legsteinum svo fátt eitt sé nefnt."

Andi dagsins verður fjölskyldutengdur, en þegar líða fer að kvöldi breytist dagskrá staðarins örlítið. „Við setjum reykvélarnar í gang þegar fer að dimma og ætli tónlistin verði ekki aðeins draugalegri. Við setjum ekkert aldurstakmark á staðinn um kvöldið en hins vegar býst ég við að foreldrar fari heim með börnin og mæti síðan barnlaus aftur í gleðskapinn," segir Glenn og hlær. Tilboð verða á drykkjum á barnum og mælir Glenn sérstaklega með snafsi kvöldsins. „Við bjuggum til heilasnafs sem við verðum með fyrir fullorðna fólkið," segir Glenn, og bætir við: „Snafsinn er þannig útbúinn að það lítur út fyrir að það sé heili í glasinu."

*agnesosk@frettabladid.is*







**ASIAN** á Suðurlandsbraut hefur um tíma selt tilbúinn mat fyrri hluta dags sem hægt er að taka með heim. Nú hefur afgreiðslutíminn verið lengdur til 19.30 svo líka er hægt að notfæra sér þessa þjónustu þegar kemur að kvöldmat.



# Hagkvæm hollusta Sollu

**Þegar vetur gengur í garð með víðtækum hörkum í veðri og efnahag er tími til kominn að leita hófanna í íslenskri nýtni, heimagerðum mat og dugandi húsráðum kunnáttufólks í hagkvæmum kosti.**



Sólveig Eiríksdóttir er menntaður textílhönnuður sem fór úr ullinni yfir í kálið og er því nú matarhönnuður. Hún er Íslendingum að góðu kunn fyrir frábær og dugandi ráð í hollustumatseld og ógrynni unaðslegra uppskrifta sem allar stuðla að heilnæmum kroppi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég er að fara af stað með námskeið þar sem ég kenni fólki að nota baunir, heilt korn og annað virkilega ódýrt hráefni í meira mæli, því allt er það notadrjúgur og bráðhollur efniviður í matargerðina. Þannig eykst getan til að halda áfram að velja sér lífrænan og hollan kost þótt ástandið sé nú eins og það er,“ segir Sólveig Eiríksdóttir matarhönnuður, sem í næstu viku fer af stað með „kreppunámskeið“ í kennslueldhúsi Hagkaupa í Holtagörðum.

„Ég óttast að fólk láti minni auraráð bitna á matseðlinum í kreppunni, en það er í senn óskynsamlegt og má ekki gera börnunum. Í velmeguninni sofnuðum við mörg á verðinum og nýttum okkur í meiri mæli tilbúna rétti en námskeiðið færir okkur til baka að upprunanum, þegar við eyddum meiri tíma í eldhúsinu við dugandi búráð og matseld frá grunni,“ segir Sólveig sem ítrekar að hollustumatseld sé leikur einn þegar kunnátta sé til staðar.

„Margir telja mikið mál og tímafrekt að leggja baunir í bleyti og nota áfram, en það er svo margt fleira hægt að gera við baunir en að sjóða þær í grænmetisbuff. Til dæmis má drýgja hamborgara með baunum og nota þær í pottrétti, en þannig verður maturinn næringarríkari, drýgri og ódýrari, sem öllu skiptir í dýrtíðinni nú. Á sama tíma hefur úrval gæðahráefnis aukist í verslunum og margt bæði hollt og bragðgott í boði sem nýta má fyrir lítið fé,“ segir Sólveig sem á námskeiðinu ætlar að kenna nemendum sínum að baka brauð, útbúa meðlæti, salöt, aðalrétti og ábætisrétti.

„Réttirnir eiga allir sameiginlegt að vera með eindæmum einfaldir, fljótlegir, ódýrir og hollir, og í framhaldi verð ég með námskeið í matreiðslu hráfæðis, sem er meðal þess vinsælasta í dag, en með hráfæði er átt við matreiðsluaðferð þar sem reglan er að hita hráefni ekki upp fyrir 47 gráður,“ segir Sólveig sem verður með eftirréttanámskeið þegar nær dregur jólum.

„Á aðventunni er dásamlegt að geta lifað í vellystingum og borðað kökur og sætindi með góðri samvisku, því hægt er að gera ótrúlega góða hluti í kökugerð með rétta hráefninu.“

Skráning á www.himnesk.is.

*thordis@frettabladid.is*

## UPPSKRIFT UNNAR



### FYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR

*Unnur María býður upp á fylltar kjúklingabringur þegar hún vill gera sérstaklega vel við gesti.*

*Skerið paprikur í fjóra hluta, penslið þær með ólífuolíu og grillið í ofni á 230 gráðum þangað til þær byrja að sviðna vel. Látið kólna í skál undir plastfilmu.*

*Skerið kjúklingabringurnar í tvennt á þykktina og bankið með buffhamri. Fyllið með papriku, geitaosti og spínati. Rúllið upp og festið saman með sláturgarni eða tannstönglum. Bakið bringurnar við 190 gráður þar til þær eru fallega gylltar.*

*Sósan er búin til með því að sjóða saman berjavín og soð af kjúklingabringunum, salt og pipar eftir smekk og smá sítrónusafa. (Ef þið eigið ekkert berjavín, prófið þá trönuberjasafa eða góða sultu). Þykkið með því að hrista saman kalt vatn og maísenamjöl og hella út í.*



Vetrarstígvél
Nýkomið úrval af flottum leðurstígvélum fóðruðum með flís.
Margar gerðir.
Litir: svart, brúnt og rautt.
Stærðir: 36 - 42
Verð frá 16.785.- til 22.895.-
Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

Teg. Bianca - glæsilegur “push up” haldari
í A,B,C,D skálum á kr. 4.890,-
og flottar buxur fást í stíl
á kr. 2.990,-”

MISTY - LAUGAVEGI 178,
105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl 10-18 lau kl.10-14

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
SUN. 11 - 16

Barna kuldaskór
Beaver SPR377-257 - Svartir
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Barna kuldaskór
Beaver SPR377-257 - Bleikir
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Herraskór
SPR641106
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Götuskór
SPR641801
Verð nú: 4.995 kr.-
SÉRVERÐ


Kuldaskór
NEUR38041701
Verð nú: 3.995 kr.-
SÉRVERÐ


Kuldaskór
SPR121018
Verð nú: 4.995 kr.-
SÉRVERÐ


Toppskórinn
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18
LAU. 11 - 16
SUN. 11 - 16
SENDUM Í PÓSTKRÖFU

vísir.is
“...ég sá það á vísi”


Flottar úlpur frá
no secret
Fæst í svörtu, grænu og rauðu
Stærðir 42-56
belladonna
Skeifunni 11 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460 • Fax: 517-6465
www.belladonna.is

DÍVA
Sími 55 10 10 2 - www.diva.is
Komdu með auglýsinguna og fáðu 10% afslátt þegar þú pantar
Nudd
Hársnyrtistofa
Snyrtistofa
Varanlegförðun
Naglastofa
Hárlengingar

OPNUM KL 08:00 Á MORGNANA

Bjóðum í afmæli 1. nóv frá 19:00 - 21:00
Viðskiptavinir og aðrir velkomnir
Hverfisgötu 125 við Hlemm (móti Devitos pizza)

ALLT BÍLAR

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 31. október 2008



Hrefna Björk Jóhannsdóttir Sætran kippir sér ekkert upp við það að vera eina stelpan í kokkalandsliðinu

## KOKKUR Í KLÆÐUM

### BÚIN AÐ SETJA ÍBÚÐINA Í LEIGU

Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir eru á leið í útrás.

### ÉG ER ALGERT KAMELLJÓN Í KLÆÐABURÐI

Pattra Sriyanonge á ævintýralegan fataskáp og elskar að klæða sig upp.

### SITUR SVEITT VIÐ SKRIFTIR

Þórdís Elva Bachmann er með sína fyrstu bók í burðarliðnum.




Þú nærð góðum árangri með

ULTRATONE

Þingeyri/Ísafjörður 868-8503 & Heilsubyltingin Hafnarfirði 544-5300

Keflavík – Reykjavík – Selfoss – Vestmannaeyjar – Seyðisfjörður – Akureyri

Vantar Ultratone í þitt bæjarfélag ? Hringdu í síma 869-7090 eða sendu línu á ultratone@simnet.is

# núna

✻ innrás í stað útrásar ...



**MARÍA MAGNÚSDÓTTIR SÖNGKONA** Helgin mín verður bara skemmtileg og kósí. Ég verð með skrautlegt dívupartí heima á föstudagskvöldið þar sem verður örugglega mikið sungið. Laugardaginn ætlaði ég síðan að nota í afslöppun og vinnu. Á sunnudaginn ætlaði ég að hafa kaffiboð, en dagurinn endar vonandi á því að mér verði boðið í mat til mömmu. Er það ekki, mamma?

helgin MÍN

### Ekki nefbrotinn

Síðan bankahrunið átti sér stað hefur bærinn logað í sögum um bankastjórana fyrrverandi. Ein lífseigasta sagan er sú að Lárus



Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, hafi verið nefbrotinn af reiðum viðskiptavini bankans fyrir utan World Class. Föstudagur hafði samband við Ágústu Margréti Ólafsdóttur, eiginkonu Lárusar. Hún sagðist ekki kannast við þetta og sagði að Lárus væri við góða heilsu. Fyrir tveimur árum keyptu Lárus og Ágústa húsið Árskóga af Írisi Björk Tönyu Jónsdóttur á 130 milljónir.

þetta HELST



### Húsið er falt fyrir 100 millur

Meira af Írisi því í viðtali við Föstudag fyrir tveimur vikum sagði hún frá húsabraski sínu og játaði að hafa tapað töluverðum peningum. Hún sagðist samt ætla að búa áfram í húsinu sínu að Tjarnarflöt 10 sem hún er búin að taka allt í gegn. Nú er húsið hins vegar komið á sölu og er falt fyrir rúmar hundrað milljónir. Þegar Föstudagur hafði samband við Írisi sagðist hún hafa augastað á öðru húsi. Hún viðurkenndi að þetta væri ekki í fyrsta skipti sem þetta gerist. Þegar hún hafi sýnt húsið Árskóga í Veggfóðri hafi hún verið búin að selja það nánast áður en blaðið kom úr prentun.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Ritstjóri** Marta María Jónasdóttir *martamaria@365.is* **Penni** Alma Guðmundsdóttir *alma@frettabladid.is* **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

## Gísli Örn Garðarsson og Nína Dögg Filippusdóttir:

# ÍSLENSKIR LEIKARAR VINSÆLIR Í BRETLANDI

Þrátt fyrir allt flakkið og rótið er þetta rosalega gefandi," segir Gísli Örn Garðarsson leikari, sem fer með hlutverk kvennabósans Don Juan í sýningunni Don John. Leiksýningin verður sett upp í Royal Shakespeare Company í desember og er byggð á hinni þekktu óperu Don Giovanni. Nína Dögg Filippusdóttir, eiginkona Gísla, fer einnig með hlutverk í sýningunni og því munu þau leigja út íbúð sína fullbúna í Bergstaðastrætinu meðan á dvöl þeirra í Englandi stendur. Gísli Örn situr ekki auðum höndum þessa dagana því hann fer einnig með hlutverk í kvikmyndinni Prince of Persia: The sands of time, og hefur verið við tökur í Marokkó og London síðastliðið hálft ár.

„Við Nína verðum úti í nokkra mánuði og höfum ekki endanlega ákveðið hvenær við komum heim.



Nína Dögg Filippusdóttir fer með hlutverk í sýningunni Don John, þar sem Gísli Örn, eiginmaður hennar, leikur kvennabósann Don Juan.

Við byrjum að æfa Don John í næstu viku, frumsýnum um miðjan desember og svo verður leikið á hverju kvöldi. Ég verð því eins og jójó á milli æfinga í leikhúsinu og við tökur á bíómyndinni," útskýrir Gísli og brosir.

Aðspurður segist hann vera með mörg járn í eldinum og eftir að sýningum lýkur í Royal Shakespeare Company er stefnan tekin heim.

„Ég er að vinna að leikgerð á leikritinu Faust ásamt breskum leikara og rithöfundi sem leikur með mér í Don John. Ég ætla sjálfur að leikstýra, en Nick Cave mun semja tónlistina við verkið, sem verður sett upp á Íslandi, Þýskalandi og London. Það er búið að bjóða okkur að setja verkið upp í Berlín í ágúst á næsta ári, svo við stefnum á að frumsýna það næsta haust," segir Gísli að lokum.

*alma@frettabladid.is*



Síðastliðið hálft ár hefur Gísli Örn Garðarsson verið við tökur á kvikmyndinni Prince of Persia: The sands of time, í Marokkó og London.



Barber theatre verður opnuð í lok nóvember og verður minnsta leikhús og bíósalur í Reykjavík.

## Anna Sigríður Pálsdóttir og Aron Bergmann Magnússon:

# Opna leikhús og bíósal

„Við erum að vinna í þessu á fullu og opnum von bráðar," segir Anna Sigríður Pálsdóttir sem á og rak hárgreiðslustofuna Gel í sjö ár þangað til stofan lokaði í byrjun hausts. Anna og Aron Bergmann Magnússon, meðeigandi hennar, hafa nú ákveðið að opna bíósal og leikhús þar sem stofan var áður til húsa, á Hverfisgötu 37, undir heitinu Barber theatre.

„Við erum búin að vera með galleríið í fjögur ár og langaði að breyta til. Hugmyndin kviknaði í haust þegar við fórum að ræða hvernig við gætum nýtt rýmið og ákváðum að nota helminginn undir leikhús og bíósal. Aron verður skipaður leikhússtjóri, en ég verð áfram með aðstöðu til að klippa. Fólk getur svo leigt rýmið sem fundaraðstöðu eða fyrir einkasamkomur og nokkrir leikarar hafa nú þegar sýnt því áhuga að setja upp sýningar," útskýrir Anna og segir fyrstu sýninguna þegar vera tilbúna. „Lilja Nótt Þórarinsdóttir er búin að semja einleik, sérstaklega með þetta rými í huga, en við verðum með svolítið öðruvísi sýningar þar sem áhorfendur munu taka mikinn þátt. Þetta verður án efa minnsta leikhús og bíósalur í Reykjavík," segir Anna og brosir. *-vg*

Back on Track®

— leiðin að betri líðan

Back on Track vörunar byggja á fornri kínverskri þekkingu og reynslu. Niðurstaðan er einstök vefnaðarvara með innbrenndu keramik sem endurvarpar líkamshita í formi hitageislunar og eykur svæðisbundið blóðflæði sem hefur góð verkjastillandi áhrif.

- Léttir á verkjum og bætir líðan.
- Dregur út vöðvaspennu.
- Flýtir fyrir bata.







Í Back on Track vörulínunni er að finna vörur fyrir hesta, hunda og manneskjur.
Pantanir i síma 694 - 2333 / 691 - 5005, á http://www.natturaogheilsa.com




allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 20 ár
1988-2008

KORTER.IS - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

# GÆÐI ALLA LEIÐ

PROMAX er háhreinsað protein fyrir alla sem vilja byggja upp og ná hámarksárangri

AF HVERJU PROTEIN ?

Nægilegt protein í fæðuvali þínu er nauðsynlegt til að viðhalda og auka vöðvavöxt sérstaklega fyrir fólk sem er í reglulegum átökum eða vill minnka fituhlutfall líkamans.
PROMAX inniheldur Biomax sem er háhreinsuð blanda mysuproteina. Biomax tryggir hámarks amminosýruflæði sem stuðlar að endurhleðslu vöðva eftir erfið átök. Ekkert eggja, mjólkur eða sojaprotein er í blöndunni þar sem það getur valdið magaþemdu hjá mörgum einstaklingum.
PROMAX inniheldur vöðvastuðningsblöndu "Nitrogain" sem er blanda NAC, Taurine, Chromium Polynicotinate og Glutamin peptides.

Vegna góðrar virkni sinnar er PROMAX orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hvers konar íþróttir og hreyfingu. PROMAX er mest selda proteinblandan í Bretlandi og nú meðal viðskiptavina HREYSTI.

PROMAX blandast og bragðast vel, fæst í 6 bragðtegundum auk PROMAX natural sem ekki er bragðbætt og án viðbættra aukaefna.

Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun.




MAXIMUSCLE
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Kíktu á nýja og betri netverslun www.hreysti.is

SKEIFAN 19 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1717 WWW.HREYSTI.IS OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10-18 - LAUGARD. 11 - 15

# núna
✻ hláturinn lengir lífið ...

**HRÆDDUR UM LÍF SITT** Lítið hefur farið fyrir Sigurjóni Árnasyni, fyrrverandi forstjóra Landsbankans, upp á síðkastið. Föstudagur hefur þó heimildir fyrir því að hann taki enga sénsa og sé búinn að ráða lífvörð í fullt starf sem búi á heimili Sigurjóns daga og nætur og fylgi honum hvert fótmál.



## algjört möst

1



**Superfit-make-up frá Clinique sem gefur létta og fallega áferð. Ekki veitir af á þessum tímum.**

2



**Partíbuxurnar í ár fást í Ilse Jacobsen.**

3



**Immortelle er leyndarmál eilífrar æsku. Þetta er olía sem er borin á húðina á nóttunni til að gera hana unga og ferska.**

4



**Gallalínan frá G-Star er afar flott fyrir bæði kyn. Vörurnar fást í samnefndri verslun á Laugaveginum.**









1 Kjóll úrí Rokki og rósum. Leggings frá Aftur. 2 Pönkdrottningin Vivienne Westwood hannaði þessa tösku. Pattra fékk hana í afmælisgjöf. 3 Jimmy Choo hælaskór sem voru keyptir á Spáni. 4 Þennan svarta kjól hannaði hún sjálf. Rósabeltið er í raun klútur frá Patriziu Pebe og keyptur í GK. 5 Dolce&Gabbana „mittispils“ sem keypt var á Spáni. 6 Pelsinn fékk hún fyrir slikk í Glamúr. 7. Perlufestar úr Fríðu frænku.

Pattra Sriyanonge, verðandi leikkona

# KAMELLJÓN *Í KLÆÐNAÐI*

***Getur þú lýst þínum stíl?*** Ég er algjört kamelljón þegar kemur að fatnaði.

***Hvað dreymir þig um að eignast fyrir veturinn?*** Mig langar í kósý kjólapeysu, Það væri óskandi að fá stærri fataskáp þar sem ég bý í lítilli íbúð á Laugavegi eins og er. Ég væri meira en til í flottar leðurbuxur og ég þrái ekkert heitar en að endurheimta Patriziu Pepe-dúnúlpuna mína sem virðist hafa gufað upp við síðustu flutninga, þeir sem vita um hana vinsamlegast hafið samband!

***Hvað keyptir þú þér síðast?*** Fyrir stuttu gerði ég mér glaðan dag hjá myndarlegum skvísum sem voru með fatamarkað á Hverfisgötunni og fjárfesti í kjólapeysu, samfestingi og pallíettutoppi.Ég er enn í skýjunum yfir þessum góðu kaupum. Ég dýrka samfestinga þó það geti reynst pínu erfitt að skreppa á klósettið í þeim.

***Uppáhaldsverslun?*** Ég er sjúk í „vintage/second-hand“-búðir og hér á Íslandi er uppáhaldið mitt Rokk og rósir, ég verð aldrei vonsvikin þegar ég kíki þangað. Í Fríðu frænku leynast alls konar gersemar og Kron Kron er glæsileg verslun, ég elska að kíkja þangað og skoða gullfallegar flíkur þó ég eigi ekki mikið þaðan í fataskápnum mínum.

***Uppáhaldsfatamerki?*** Patrizia Pepe er í miklu uppáhaldi ásamt Jimmy Choo, en ég er mikill skófíkill. Mér finnst kjólarnir hjá Hervé Légér afskaplega fallegir og mig dreymir um að eignast einn slíkan í framtíðinni.

***Finnst þér merkið á fötunum skipta máli?*** Merkjavörur eiga það til að endast mun lengur að mínu mati en það er alls ekki mikilvægt að velja á sig föt bara eftir merki, Mér finnst langskemmtilegast að blanda saman hönnun og „second-hand“ og geri það gjarnan, ég geng til að mynda mjög oft í minni eigin hönnun.

***Eru einhver tískuslys í fataskápnum þínum?*** Nei, ég er nefnilega ekki með öll fötin mín hérna heima en það er bókað mál að eflaust er hægt að finna eitthvað alveg hrikalegt ef ég myndi fara í geymsluna mína.

***Í hvað myndir þú aldrei fara?*** Doppóttar flíkur því ég hef aldrei þolað þær.

***Hvaða snið klæðir þig best?*** Það er ekkert endilega eitt snið sem hentar mér best, ég skoða tímarit í miklum mæli og er alltaf að finna upp á einhverju nýju til þess að prófa mig áfram. Ég tel samt að formlausar flíkur klæði nánast engan en það er ekkert sem belti getur ekki fixað.

***Af hvaða líkamsparti ertu stoltust og hvernig undirstrikar þú það í klæðaburði?*** Ég reyni að leggja áherslu á mittið, ég fæ aldrei nóg af mittispilsinu mínu því það er svo kvenlegt og flörtí. Svo nota ég belti í mittið óspart.

***Hvert er skuggalegasta fatatímabilið þitt?*** „Skopparatímabilið mikla“ þar sem ég gekk um götur í Fubu-gallabuxum sem héngu fyrir neðan rass og það var ekkert meira kúl en Tupac-höfuðbandið mitt. Ég var í Buffaloskóm til þess að fullkomna dressið og þeir voru ekki einu sinni alvöru heldur úr Hagkaupum!



SOHO
CATERING
VEISLUÞJÓNUSTA
WWW.SOHO.IS

JÓLAHLAÐBORÐ - JÓLA TAPAS - VEISLUÞJÓNUSTA


MANDARIN
HÚSGÖGN 40% afsláttur
allar
MOTTUR 40% afsláttur
öll KERTI
30% afsláttur
allir PÚÐAR
30% afsláttur
the PIER
tilboðin gilda frá
30. október til 5. nóvember
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# PASSAR UPP Á MATARÆÐIÐ

**Hrefna Rósa Jóhannsdóttir Sætran er nýkomin frá Þýskalandi þar sem íslenska kokkalandsliðið stóð sig með mikilli prýði. Hún segist hafa gengið með kokkinn í maganum síðan hún var barn og elskar að prófa sig áfram.**

*Viðtal:* **Alma Guðmundsdóttir**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**


**UNG OG EFNILEG** „Ég vaknaði bara einn daginn og sagðist ætla að verða kokkur," segir Hrefna, sem nú á og rekur veitingastaðinn Fiskmarkaðinn ásamt Ágústi Reynissyni.

Hrefna man enn þá þegar hún fór í fyrsta skipti út að borða, þá var hún fjögurra ára í fylgd ömmu sinnar og afa á Arnarhól sem var einn flottasti veitingastaðurinn í bænum á þeim tíma. „Ég pantaði mér lax og man hvað mér fannst hann flottur á diskinum, með sítrónusneið yfir. Ég sat prúð og var tilbúin að smakka allt sem fullorðna fólkið borðaði," útskýrir Hrefna sem byrjaði snemma að elda. Hún segist hafa vaknað einn daginn og vitað að hún vildi verða kokkur. „Þetta var þegar ég var nítján ára og stödd með vinkonum mínum. Þær hlógu bara að mér, en þarna ákvað ég þetta," útskýrir Hrefna sem segist ekki hafa verið kunnug faginu fram að því nema náttúrlega bara í gegnum sjónvarpskokkinn Sigga Hall. Í framhaldinu komst hún að því að hún gæti lært kokkinn. „Það voru mjög fáar stelpur í faginu og námsráðgjafinn ráðlagði mér eindregið að læra matartækninn frekar en kokkinn, en ég vildi það ekki." Í framhaldinu fékk hún vinnu á Apótekinu og Maru og var í bóklegu námi með í MK.

### OPNAÐI EIGIN STAÐ

Hrefna á og rekur veitingastaðinn Fiskmarkaðinn ásamt Ágústi Reynissyni í miðbæ Reykjavíkur. Frá því að staðurinn var opnaður í fyrra hefur hann vaxið gríðarlega og nú vinna þar um 40 manns.

„ Mig langaði ekki að vera alltaf að vinna undir öðrum og vildi opna eigin stað. Við Ágúst unnum saman á Sjávarkjallaranum, þar sem hann var eigandi og vann í salnum og ég kokkur, og eftir að við hættum ákváðum við að opna Fiskmarkaðinn í sameiningu."

Rétt áður en bankarnir voru þjóðnýttir sýndu ónefndir aðilar mikinn áhuga á því að kaupa Fiskmarkaðinn, en Hrefna segir það hafa verið ótímabært að selja.

„Við opnuðum staðinn með því hugarfari að gera hann flottan og skemmtilegan og opna svo hugsanlega annan stað útfrá honum. Okkur fannst því ekki tímabært að hugsa um að selja, en maður útilokar ekki neitt ef gott tilboð býðst," segir Hrefna.

Aðspurð segist hún óhjákvæmilega hafa fundið fyrir kreppunni þegar kemur að rekstrinum en sem betur fer sé ennþá nóg að gera. „Aðsóknin hefur minnkað aðeins, en helsti munurinn er kannski að það eru aðeins færri Íslendingar en alveg jafn mikið af útlendingum. Við finnum samt mest fyrir því hvað hráefni hefur hækkað, svo maður hefur neyðst til að hækka verðið aðeins til að halda rekstrinum gangandi. Sjálf versla ég allan mat í Bónus og ég var í matarboði hjá vinkonum mínum um daginn þar sem aðalumræðuefnið var hvernig maður gæti eldað kreppumat," útskýrir Hrefna.

Spurð hvort hún sé alltaf fengin til að elda þegar vinkonuhópurinn hittist segir hún vini og vandamenn vera undir meiri pressu að bjóða sér í mat. „Mér finnst rosalega gaman að halda matarboð og geri mikið af því, en mér finnst líka æðislegt að vera boðin í mat. Þá lendi ég samt mikið í því að sá sem býður afsakar sig í bak og fyrir og þá tekur oft dágóða stund að sannfæra viðkomandi um að mér finnist maturinn virkilega góður," bætir hún við og hlær.

### EINA KONAN Í LANDSLIÐINU

Hrefna er nú nýkomin frá Erfurt í Þýskalandi með kokkalandsliðinu þar sem það lenti í 10. sæti á Ólympíumóti matreiðslumeistara. Íslenska liðið fékk tvenn gull- og tvenn silfurverðlaun sem er besti árangur þess fram til þessa. Hrefna hefur verið í kokkalandsliðinu frá því 2002. Þá byrjaði hún sem aðstoðarmaður, en eftir að hún útskrifaðist komst hún inn og hefur verið eina konan í liðinu frá því hún byrjaði.

„Það er svolítið eins og það hljómar, að vera eina stelpan í liðinu, án þess að það sé nokkuð neikvætt. Þeir fela mér stundum verkefni sem þeim finnst ég gera betur en þeir, til dæmis að skrifa eitthvað," útskýrir Hrefna brosandi. „Allar æfingarnar með landsliðinu eru fyrst og fremst áhugamál, en við fáum keppnisferðirnar greiddar frá Klúbbi matreiðslumeistara. Tveimur mánuðum fyrir mót er daglegur undirbúningur og við tökum mjög margar æfingar áður en við förum út, sem margborgaði sig. Við kepptum bæði í þriggja rétta hádegisverði og köldu borði og þegar við undirbjuggum það vorum við vakandi í fjóra sólahringa," segir Hrefna alsæl með árangurinn, en viðurkennir að það hafi tekið nokkra daga að jafna sig eftir keppnina.

### HOLLUSTAN Í FYRIRRÚMI

Aðspurð segist Hrefna hugsa vel um eigið mataræði og leggur mikið upp úr því að borða hollan mat. „Ég reyni að forðast hveiti og borða lítið af mjólkurafurðum. Ég hef prófað margt í gegnum tíðina og er bara komin niður á það sem mér líður best af og borða það ósjálfrátt. Ég er til dæmis mjög hrifin af sushi, laxi og nýjasta æðið hjá mér er tofu. Ég borða eiginlega ekkert rautt kjöt því mér finnst það of þungt í maga og maður er heilar 36 klukkustundir að melta það," útskýrir Hrefna, sem er með spennandi hugmyndir varðandi veitingahúsarekstur í framtíðinni.

„Mig langar mikið til að læra hráfæðimatreiðslu, þar sem maturinn er ekki eldaður upp fyrir 32°C. Það er enginn virkilega flottur veitingastaður sem sérhæfir sig í þannig matargerð hér á landi líkt og erlendis. Hráfæði er bæði hollt og gott og þarf alls ekki að vera leiðinlegt. Mig langar að prófa að bjóða uppá slíka rétti á Fiskmarkaðnum sem væri framreiddur líkt og á fínustu veitingastöðum. Ég er líka mjög hrifin af asískri matargerð, þar sem er lagt mikið upp úr hollustu og langar gjarnan að fara til Asíu og læra meira í framtíðinni," segir Hrefna að lokum.



Dömu og herra götuskór
frá kr. 11.500
Þráinn Skóari Skóbúð • Grettisgata 3


### * bak við tjöldin

**Uppáhaldsmatur:**
Það breytist mjög oft hjá mér en í augnablikinu er það tofu. Gaman að elda það og borða.

**Diskurinn í spilaranum:**
Björk á „shuffle".



**Besti tími dagsins:**
Eftir kl. 20.00. Er svona kvöldúdtlari.

**Líkamsræktin:**
2-5 sinnum í viku ef ég er heppin.

**Bíllinn minn er:**
Mjög krúttílegur.

**Stjörnumerki:**
Ég er konungur dýranna. Lít stundum út eins og ljón líka þegar hárið er í rugliinu.

**Lífsmottó:**
„Þú uppskerð eins og þú sáir."

**Mesti lúxusinn:**
Fara í freyðibað með fartölvuna og horfa á Simpsons í baði.



**Uppáhaldsárstími:**
Sumarið á Íslandi er skemmtilegast en haustið fallegast.

**Hverju myndirðu sleppa ef þú þyrftir að spara?**
Fótsnyrtingu og bensíni.

**Best geymda leyndarmálið í Reykjavík?**
Það er einn staður úti á Granda niðri við sjóinn sem er æði að fara með teppi á, setjast á stein og slappa af. Ætla ekki að gefa frekari leiðbeiningar þangað því þá væri hann ekki leyni lengur.



MYND/VALLI

**Vindkápan** Er hönnun Helgu Ólafsdóttur.



**Helga Ólafsdóttir.**

Vetrarlínan frá Ilse Jacobsen er fögur

# Skvísulegur jakki

Í versluninni Ilse Jacobsen er að finna ýmislegt fínerí frá samnefndu merki en sportjakkinn hefur vakið mikla lukku. Helga Ólafsdóttir fatahönnuðurinn hannaði jakkann fyrir Ilse Jacobsen. Hún segir að með jakkanum hafi hún reynt að búa til skvísulegan útivistarjakka. „Konur eiga að geta verið fínar þótt þær séu að fara út að labba,“ segir Helga.



***Í hátíðarskapi*** Gunnar Andri Þórisson, sölumaður og eigandi leikhus.is, er hér ásamt Margréti Jónu Margeirsdóttur.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Leikstjórinn** Jón Gunnar Þórðarson er hér ásamt Mekkín Ragnarsdóttur.

Þórdís Elva Bachmann var glæsileg á frumsýningu Dansaðu við mig

# Með bók í smíðum

Stykkið Dansaðu við mig eftir Þórdísi Elvu Bachmann var frumsýnt í Iðnó síðastliðið föstudagskvöld. Þrúður Vilhjálmsdóttir og Höskuldur Sæmundsson fara með aðalhlutverkin en leikstjórn er í höndum Jóns Gunnars Þórðarsonar. Þórdís Elva var ákaflega ánægð með frumsýninguna. „Við fengum rosalega góð viðbrögð og það er mjög ánægjulegt því við vorum ekki með neina fjárhagslega bakhjarla og þurftum því að leggja mikið á okkur sjálf til að láta hlutina ganga upp,“ segir hún. Spurð um næstu verkefni segist hún vera að vinna að bók sem muni líklega koma út í mars. „Ég var að ná útgáfusamningi um mína fyrstu bók og núna er ég að vinna náið með ritstjóranum mínum. Þetta er ekki skáldsaga heldur bók um ofbeldismál. Ég byrjaði á því að skrifa aðsenda grein í blöðin en þegar ég var komin upp í 18 síður sá ég að það væri eitthvað meira í þessu. Þess vegna má segja að þetta verkefni hafði fæðst að sjálfu sér enda heimsótti þetta verkefni mig á allt annan hátt en önnur,“ segir hún. *- mmj*



**Glæsileg** Þórdís Elva Bachmann, höfundur verksins, er hér ásamt Sveini Kjartanssyni, matreiðslumanni í Fylgifiskum, og Viðari Eggertssyni leikstjóra.




G-STAR RAW

REYKJAVIK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

OPERATED BY V8 EHF

OPIÐ FÖSTUDAG 11-18:30

OG LAUGARDAG 11-17:00

INNRI FRIÐUR OG SÁLARRÓ SKIPTIR MÁLI

G-STAR RAW DENIM · RAW DEFENDER · RAW DENIM 3301 · RAW · g-star.com

© 2008 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# heima
✻ er hið nýja heimili svona?

**BLEIKT GÓLFTEPPI** Þegar landið hristist til skiptir ógurlegu máli að hafa svolítið hlýlegt og notalegt í kringum sig. Gólfteppi er það sem koma skal og ekki er verra ef teppin eru í einhverjum litum. Þetta bleika teppi getur dimmu í dagsljós breytt …



MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR martamaria@365.is

## ER ÞETTA NÝJA ÍSLAND?



Yfirleitt hefur hið nýja þótt betri kostur en hið gamla en þegar hið Nýja Ísland er annars vegar sýnist mér dæmið snúast við. Í fyrstu hugsaði ég þetta sem spennandi verkefni. Að spara í alvörunni með því að kaupa engan óþarfa og hugsa mig alltaf tvisvar um áður en ég renndi kortinu í gegn í stað þess að hugsa bara um það meðan ég gæddi mér á parmesanosti og klettasalati. Síðan ég fór að temja mér þennan hugsunarhátt hefur hvert áfallaði eftir annað dunið yfir og þótt kona reyni að spyrna við fótum dugir það ekki til. Ómyndarlegustu húsmæður eru farnar að ræða það af alvöru að taka slátur á laugardagskvöldi í stað þess að hittast yfir vínglasi á smartheitabar. Þá finnst mér vera fokið í flest skjól þótt slátur sé herramannsmatur.

**EKKERT MYSUPRÓTEIN** Síðan ég stofnaði heimili hef ég vanið mig á að kaupa ákveðna hluti. Ég á til dæmis alltaf mysupróteinduft inni í skáp sem ég þeyti í blandaranum út í sojamjólk og frosin ber. Þetta er ljómandi fínn morgunmatur og bragðast eins og rjómaís. Það fór um mig hrollur þegar ég fór í heilsuverslun í vikunni og ætlaði að kaupa próteinið. Dunkurinn hafði hækkað um 1.500 krónur, úr þrjú þúsund í fjögur og fimm. Þetta fannst mér algert glapræði og hugsaði með mér að þessu myndi ég sleppa í kreppunni. Samt gat ég ekki annað en brosað út í annað því ég hafði aldrei flokkað undraduftið sem lúxus, heldur bara hluta af því að vera til.

**500 KRÓNA POKI** Næsta dag var því bara sojamjólk, ber og banani í drykknum enda var ég að borða góðærisleifarnar úr frystinum. Mér brá því töluvert þegar ég fór í mína vikulegu Bónusferð og tók eftir því að berin sem ég hef verið að kaupa kosta núna rúmlega fimm hundruð krónur pokinn. Ég kunni nú ekki við að skila pokanum fyrst stúlkan á kassanum var búin að stimpla hann inn en ákvað að þessi ber yrðu ekki keypt aftur fyrr en kreppunni lyki.

**ÓGEÐSDRYKKUR** Nú er það bara gamli góði hafragrauturinn á morgnana eða „ógeðsdrykkur" þar sem afgöngum af káli og ávöxtum er skellt í blandarann með vatni og þeytt í öreindir. Nú er enginn tími til að spá í hveiti-, ger- eða sykurlausa tilveru. Maður fer að verða þakklátur að fá bara eitthvað í bumbuna … Kannski verður kreppan til þess að ummál landans minnki og þegar öllu er á botninn hvolft komumst við kannski niður fyrir offitumörk. Er það ekki bara málið?

## NEW YORK
BORGIN mín

**Þrúður Vilhjálmsdóttir**



**MORGUNMATURINN:** Á Delí á 44. stræti eða 45. stræti.

**SKYNDIBITINN:** Starbucks.

**RÓMÓ ÚT AÐ BORÐA:** Spicemarket eða Budda kahn!!!

**LÍKAMSRÆKTIN:** Fer ekki í líkamsrækt þar í borg.

**BEST GEYMDA LEYNDARMÁLIÐ:** Píanóbarinn Don´t tell mama.

**BEST VIÐ BORGINA:** Fólksfjöldinn, maturinn, verslanirnar og leikhúsin.

**UPPÁHALDSVERSLUNIN:** Barns and Nobels-bókabúðirnar.

**AFÞREYINGIN:** Leikhús og matur, matur, matur !



**Leikur með rými.** Hér eru skápar notaðir til að skilja herbergi að og beinar línur fá að njóta sín.



**Óhefðbundin** Eldhúsinnréttingin virkar vel og til að gera hana enn þá flottari nota þeir falda lýsingu.



**Ekkert flísafyllirí.** Skálinurnar fá að njóta sín í speglinum og baðherbergið er alls ekki flísalagt í hólf og gólf heldur bara að hluta.



**Notalegt svefnherbergi.** Falda lýsingin gerir herbergið dásamlega fallegt.

W íbúðahótel í New York slær í gegn

## FRAMÚRSKARANDI

W New York Downtown heitir splunkunýtt lúxusíbúðahótel sem er á 123 Washington Street. Það er hannað af bandarísku arkítektastofunni Gwenthney Siegel. Sú stofa hefur verið starfrækt frá árinu 1968 og hlotið fleiri en 100 hönnunarverðlaun. Þótt byggingin sé falleg þá er það innanstokkshönnunin sem vekur hvað mesta athygli. Það er þýska arkitektastofan Graft sem sá um innréttingarnar en sú stofa hannaði meðal annars sumarhús og vinnustofu Brads Pitt ásamt fjölda hótela, veitingastaða og heimila víða um heim. W lúxushótelið er einfalt en um leið ákaflega fallegt, stílhreint og hlýlegt. Innanhússarkitektarnir nota skálínulögun til að tengja saman eins og sést á eldhúsinnréttingunni og speglinum á baðinu. Þeir leggja mikla áherslu á falda lýsingu og einföld smáatriði setja svip sinn á hönnunina. Á baðherbergjunum er til dæmis ekki verið að flísaleggja í hólf og gólf heldur eru flísar aðeins notaðar á þeim svæðum sem mest mæðir á. Þeir sem vilja upplifa ævintýri í New York geta pantað sér gistingu á / www.123washingtonstreet.com.

martamaria@365.is

## Hlýlegur smartheitakassi

**Hið nýja Ísland kallar á nýjar áherslur inn á heimilin. Svart/hvítir smartheitakassar víkja fyrir veggfóðruðum veggjum og gamaldags gluggatjöldum. Það er þó ekki þar með sagt að smartheitin séu eitthvað minni, þau eru bara öðruvísi. Það þarf ekki nema eina speglakommóðu til að gera heimilið svolítið glamúrlegt. Það er líka auðvelt að breyta svart/hvíta smartheitakassanum í hlýlegt glamúrheimili með réttum fylgihlutum. Loðnar mottur eru fallegar á gólfin, ásamt púðum, teppum og stórum vösum. Þegar farið er út í að gera smartheitakassann hlýlegri er mikilvægt að velja sér þrjá liti sem passa vel saman. Fjólublár, bleikur og drapp eru til dæmis mikið móðins núna og því auðvelt að finna eitthvað í þeim litum.** *- mmj*




Skódagar í viku!
31. október – 7. nóvember



20% AFSLÁTTUR



Opið til kl. 16:00 laugardaginn 1. nóvember.
Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN
Ármúla 36 – s. 588 1560
EKKI LÁTA ÞETTA FRAMHJÁ ÞÉR FARA!
Fótboltaskór á góðu verði.







# Opnum á morgun í Smáralind eftir glæsilegar breytingar

*Opnunartilboðin gilda einnig í Kringlunni*

**JACK & JONES®**
Smáralind - Kringlan

**VERO MODA®**
Smáralind - Kringlan

# tíðin

✻ taktu Madonnu á þetta

**FÖSTUDAGUR** Ef þú ert í massa stuði skaltu kíkja á Óliver í kvöld en þar verður magnað kvennakvöld. Beggi og Pacas eru veislustjórar ásamt því að sjá um veitingarnar, vaxtarræktargæjar hnykla vöðvana og allar konur labba út með glaðning.

**LAUGARDAGUR** Samtökin 78 standa fyrir glæsilegu grímuballi á Tunglinu í anda hrekkjavökunnar. Dj Yamaho og manny halda uppi stuðinu. Sá sem mætir í besta búningnum fær ferðavinning frá Iceland Express. Það er ekkert annað í stöðunni en að taka fram saumavélina og keppast við að vera flottust/astur.

## DÍANA MIST

***Föstudagur 24. október:*** **Dagur til að endurskipuleggja …**

Þessi vika var ekkert smá klikkuð. Hef ekki upplifað það lengi að hafa nægan tíma. Fyrst ég var heima var ekkert annað í stöðunni en að taka til í geymslunni og reyna að hafa uppi á einhverjum verðmætum. Eftir massíva tiltekt fann ég svo mikið af flöskum og dósum að ég ákvað að fara með þær í endurvinnsluna. Viti menn, fékk heilan fimm þúsund kall fyrir það. Það sem eftir lifði dags dundaði ég mér við að mynda flíkur sem ég hafði aldrei farið í og setti myndirnar síðan á netið. Ef öll góðærisfötin eiga eftir að seljast mun ég geta framfleytt mér næstu mánuði án þess að þurfa að setja rautt ljós í gluggann. Ákvað að eyða 5000 kallinum á 101 í stað þess að kaupa prótíduft í Heilsuhúsinu. Þar voru hárgeiðslugæjarnir Simbi og Svavar Örn, Kalli og Esther í Pelsinum og Bentína Björgólfsdóttir Guðmundssonar. Eftir fjögur rauðvínsglös var ég orðin alveg hellud og fór heim … Kíkti aðeins á Boston á heimleiðinni. Eina fræga andlitið sem ég hnaut um var Björk í allri sinni dýrð.





***Laugardagur 25. október:*** **Vér mótmælum allir …**

Hef sjaldan upplifað eins mikinn skítakulda og þennan laugardag. Ekki nóg með að maður eigi engan pening heldur frýs maður alveg inn að beini. Klæddi mig í dúnkápuna og arkaði niður í bæ með mótmælaspjald. Fyrir utan ráðherrabústaðinn í Tjarnargötu var Guðný Halldórsdóttir í dúnúlpu, Dagur B. Eggertsson, stjörnuarkitektinn Rut Káradóttir og Gísli Örn Garðarsson leikari. Eftir mótmælin fór ég í heitt bað, kíkti í tölvuna og viti menn, ég fékk boð í fimmtán flíkur og það sem eftir lifði dags hafði ég ekki undan því að taka á móti fólki sem vildi eignast gömlu fötin mín. Endaði á að selja tólf flíkur og var því með þó nokkurn aur í vasanum þegar ég kíkti á Boston um kvöldið. Þar var Tómas Lemarquis, Urður í Gus Gus, Natalie plötusnúður og Hrafnhildur töskuhönnuður. Retró Stefson var líka á svæðinu... Sá samt enga sleikvæna og ákvað að drífa mig heim áður en ég væri búin að eyða öllum ágóðanum.







## MAGNÚS SIGURÐUR JÓNSSON

**leikari**

### TOPP 10



**MÁLVERK** eftir Hrafnhildi Ingu Sigurðardóttur, mömmu mína.



**BULLWORKER,** allrahanda líkamsræktartæki frá 1965.



**GAMLI BENSINN.**




**BESTA „PROSACIГ Í DAG.**

**FATASTANDUR** frá afa mínum, Magnúsi Sigurlássyni frá Þykkvabæ.



**SNÁKASTÓLL** frá ömmu og afa í Þykkvabænum.



**LUKKUHESTUR STÚDÍÓSINS MÍNS,** sem Hekla dóttir mín gerði í smíði.





**ÚR SEM ÉG ERFÐI** frá Magnúsi afa mínum.



**LAMBALOÐHÚFA** sem pabbi gaf mér og er ótrúlega þægileg.



**ERMAHNAPPAR FRÁ AFA.**




Madonna veit að hún kemst langt í réttu fötunum

# Mætti í byssuskóm í teiti

Söngkonan Madonna er alltaf með puttana á púlsinum þegar kemur að fatavali. Þrátt fyrir að vera í miðju skilnaðarferli lét hún sig ekki vanta í Dolce & Gabbana teiti sem haldið var á The Thompson hótelinu í New York. Eins og hún á vanda til sópaði hún að sér athygli. Í þetta sinn var það reyndar ekki út á eigin hæfileika heldur út á skótauið. Hún klæddist svörtum Dolce & Gabbana skóm og það sérstaka við þá er hælinn er eins og byssa í laginu. Geri aðrar betur.



**Svaðalegir skór** Takið eftir hælnum, hann er eins og byssa í laginu. MYND/GETTYIMAGES



**Flottur kjóll** Madonna mætti í svörtum glæsikjól í Dolce & Gabbana teitið í New York á dögunum. Skótauið vakti þó meiri athygli

MYND/GETTYIMAGES




**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK. OPNUM Í SMÁRALIND Í VETUR.

GK REYKJAVÍK

# KLINGENBERG SPÁIR



## Ólafía hrönn Jónsdóttir leikkona

Ólafía Hrönn Jónsdóttir er fædd 07.12.1962. Þegar þessar tölur eru lagðar saman kemur út talan 28. Þegar 2 og 8 eru lagðar saman kemur út 1 sem er lífstalan hennar. Þegar afmælisdagurinn er hins vegar lagður saman við 2008 kemur árstalan 2. „Ólafía Hrönn er búin að vera á sérstaklega spennandi tímabili undanfarið ár. Hún hóf nýtt tíu ára tímabil árið 2007 og er á fullu að blómstra á því tímabili. Kraftur hennar og orka hefur aldrei verið meiri og það sem heldur hennar tilfinningaorku á floti er að hafa nóg að gera. Ólafía Hrönn þarf að passa sig á því að hafa ekki móral yfir því að geta ekki sinnt öllu. Því allt mun hafa sinn tíma og raðast niður hárrétt fyrir hana. Ólafía Hrönn er afskaplega tilfinningarík, mikil manneskja og stórkostlegur leikari. Þegar hún tekur allar þessar tilfinningar og kemur þeim fram í andrúmsloftið þá getur enginn sigrað hana. Þar sem er oft ofsalega þægilegt að hafa hana í kringum sig á eftir að rigna yfir hana tilboðum í þessari kreppu. Nú er að velja og hafna. Ef hún finnur gleði í sólarplexus þá þýðir það já. Þá á hún að taka því tilboði. Ef hún fær kvíða í sólarplexus þá á hún að segja nei. Ólafía Hrönn er með mjög gott innsæi og hún á eftir að taka á móti verðlaunum á erlendri grundu fyrr en hana grunar. Hún er að fara á bráðskemmtilegt ár þar sem hennar stærstu óskir munu rætast og það er bara rétt byrjunin. Eina sem hún þarf að gera er að hafa orkuna í jafnvægi svo hún yfirkeyri sig ekki. En hún hefur kraftinn, orkuna og þorið og hjá henni verður endalaust vorið.

*www.klingenberg.is*






# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Herdís Þorgeirsdóttir prófessor í lögfræði**

1 **Föstudagur er dagur ákveðins hugarástands – dagur fyrirheita.**



2 **Ef ég sé hugtök eða orð í litum þá er föstudagur gylltur.**



3 **Það er einhver eftirvænting í loftinu á föstudögum og því gaman að vera í bænum eða innan um fólk.**



4 **Föstudagskvöld eru oft „kósíkvöld“ með krökkunum mínum.**

5 **Föstudagskvöld eru einnig þau kvöld þegar maður helst hittir vini sína.**







# Ekki láta peningana gufa upp !!

# Notaðu þá í eitthvað áþreifanlegt...




VERÐ 4.782.000,-

VIÐ AUGLÝSUM EKKI VERÐ FRÁ

Chevrolet Captiva
7 manna sjálfskiptur sportjeppi

Hluti af staðalbúnað:

- **DCS** - Eykur öryggi niður brekkur
- **Tölvustýrð miðstöð og loftkæling**
- **ESP** - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
- **Hraðastillir** (Cruise control) Stjórnað í stýri
- **Kæling í hanskahólfi**
- **Tenging fyrir MP3 spilara**
- **Bakkskynjari**
- **ARP** - Veltivörn
- **Tölvustýrð spólvörn**
- **Aksturstölva**
- **Sjálvirkur birtustillir**
- **Fjöldiskaspilari**
- **18" Álfelgur**
- **LRS** - Heldur hæð við hleðslu
- **TOD** - Sjálfvirk drifstýring
- **Áttaviti og útihitamælir**
- **ISOFIX** - festing fyir barnastól
- **Og margt fleira....**

Bílabúð Benna
www.benni.is
Tangarhöfða 8-12 • Sími 590 2000

**Egilsstaðir**
Bílasala Austurlands
Fagradalsbraut 21-23
Sími 471 3005

**Akureyri**
Bílasalan ÓS
Njarðarnesi 1
Sími 462 1430

**Reykjanesbær**
Bílahornið hjá Sissa
Brekkustíg 38
Sími 420 3300

**CAPTIVA** er glæsilegur sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og er útkoman áberandi glæsilegur bíll. Kraftmikil túrbo dísilvél, 5 þrepa sjálfskipting og þú getur valið 5 eða 7 manna bíl. Komdu við hjá okkur, við erum á Tangarhöfðanum - Alltaf heitt á könnunni.

Chevrolet gæði
frábært verð.

CHEVROLET

Til leigu eftirfarandi íbúðir: Studioíbúð með húsgögnum í 112 laus 2ja herb 72 fm fm íbúð Hraunbæ.laus 2 ja herb 70fm íbúð nýstandsett m/ húsg. Við Miklubraut laus. Einbýlishús 115 fm við Helgubraut 200 Kóp laus. Uppls kort@internet.is S. 892 2506.

3ja herb. íbúð í 105 Rvk. Ný uppg., leiga 120þ. pr. mán. Uppl. í s. 867 8871.

Ægisíða falleg 5 herb.íbúð til leigu í þríbýli.Arinn, litlar svalir og garður. Með nýjum húsgögum.3svefnherbergi. Reyklaus og ekki dýr. Leiga 175.000 kr á mán + trygging, rafm. og hiti. Laus frá 1.nóv. Uppl. 4311237 og disadoraol@yahoo.no

Hafnarfj. miðbær snyrtileg stúdíóíbúð til leigu, 70þ á mán.+ trygg. laus strax Uppl. s. 8984551

Notaleg, falleg og reyklaus 2ja herbergja 55fm ÃbÃºÃ° Ã BÃ¶kkunum 109 Rvk. V.95 Ã¾Ãºs Innfl.raf/hit/hÃºssj. LangtÃmaleiga,Einn mÃin fyrirfram leiga. Uppl.S: 6946401 Laus 1 des.

Herbergi í miðbænum með sérbaði og eldunaraðstöðu. Aðgangur að þvottavél og þurrkara. 50þ. Laust. 6924247

Mjög snyrtil. og björt 10-25 fm herb. til leigu á 2. hæð í hverfi 105, frá 41 þús á mán. Aðgangur að eldh., baði og þvottah. Intern. innifalið. Uppl. í síma, 8635514

Til leigu í Hveragerði,3herb raðhús á góðum stað sanngjörn leiga.Uppl 8947424 & 8647424

Herbergi til leigu með aðgangi að eldhúsi og baðherbergi. Uppl. í s. 695 8636.

Til leigu herbergi með eldhúsi, aðgangi að baðherb. og interneti í 101 rvk. Leiga 45 þús. á mán. 2 mán fyrirfram. Uppl. í s. 695 8636.

4 herbergja íbúð til leigu í kóp reyklaus og reglusemi .150 þúsund á mánuði upplýsingar 8470891 Ásdís

Herbergi til leigu í kjallara svæði 105 9fm 28000 Aðg á 2 h. að öllu+net 6637686

Glæsileg stúdíóíbúð með öllum húsgögnum til leigu á mjög góðum stað í hafnarfj. Uppl. í s. 899 7004.

Mjög gott herbergi til leigu í hafnarfj. Eldunar og þvottaaðstaða. Uppl. í s. 899 7004.

Nýleg 20 fm stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 69þ. S. 663 5791.

3 Herbergja íbúð við Hátún til leigu. V100.þ mán. S. 848 3763.

Rúmgott herbergi í 101 til leigu. Aðgangur að eldhúsi og baðherbergi. Uppl í síma 770 6090.

Grafavogur:til leigu er 4ra herb íbúð.Leigutími er frá 1nóv.Uppl í síma.8209408

3 herb. ný rúmgóð og falleg íbúð í Hfj. Leiga 120þ. Langtímaleiga. Uppl. í s. 899 7262.

Til leigu herb. í Álftamýri. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

Mjög góð 4 herb. útsýnis íbúð á Kleppsvegi. V. 140 þ. Hiti og hússjóður innifalið. Uppl. í s. 898 0187.

### Íbúðir til leigu

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Til leigu 45fm íbúð í 200 Kópavogi. Leigist með húsgögnum ef óskað er. Leiga eftir samkomulagi. Leigist með hita og rafmagni. 1 mán. fyrirfram + trygging. Uppl. í síma 8455016.

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

## Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklings íbúð eða herbergi. 101 kemur ekki til greina. S. 896 3899.

Óska e. 2 herb. íbúð í Árbæ, Höfða eða Breiðholti. Greiðslug. ca. 80þ. er í traustri vinnu. Jóhann s. 864 5497.

## Sumarbústaðir

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 60 fm iðnaðarhúsnæði við Dalshraun Hafnarf. S. 868 1451.

100 fm lagerhúsnæði í Síðumúla til leigu til skamms eða langtíma. Uppl. í s. 897 3710.

105 Reykjavík. Vel skipulögð, snyrtileg og björt 2 herb íbúð 50fm. 120 þús. með rafmagni og hita. laus 5. nóv. 849-0577

Verslunarhúsnæði við Laugarveg, 100 fm til leigu. Laust frá 1. Des. Uppl. í s. 822 8168.

## Geymsluhúsnæði

### geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Vetrargeymsla Þökkum frábærar móttökur við geymsluhúsnæði okkar í Hveragerði og að Kvíarhóli. Eigum 12 stæði laus fyrir ferðavagna í vetur. Klárum að fylla í Hveragerði núna um helgina, fyrstir koma fyrstir fá. S3 ehf. S.856 1848

### Síðustu plássin í ódýru tjaldvagna og fellihýsageymslunni

Tjaldvagnar kr. 13.000, lítil fellihýsi 20.000 kr. miðlungs 25.000 stór 30.000 S. 893 3347.

Húsnæði fyrir tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og fleirra til leigu í Reykjavík. Verð 3500per/fm fyrir tímabilið. Lágmarksverð 20þúsund, staðgreitt. Nánari upplýsingar í síma 824-8468, Pétur.

Tjaldvagna, felli- og hjólhýsageymslur Upphitað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu til leigu fyrir tjaldvagna, felli-/hjólhýsi og húsbíla. Uppl. í síma 893 9777.

### geymslaeitt.is

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

## Gisting

### Gisting í Kaupmannahöf

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




Vantar þig vinnu ? Vantar þig tekjur ? Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.4ever.is - Atvinnutækifæri Guðmundur A Jóhannsson Sími. 662 2445.

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið í Nóv-Jan. Uppl. í s. 821 0881.

Óskum eftir vélvirkja, bifreiðavirkja eða vönum manni í bifreiðaviðgerðum. Verkstæðið sérhæfir sig í viðgerðum á diesel vélum. Áhugasamir sendi inn umsókn í afgreiðlsu fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, fyrir 5. nóv. Merkt „611183“

Vanan stýrimann vantar á tæplega 200 tonna netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Einnig vantar vélstjóra á 80 tonn netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522.

Fjölskyldu í Hafnarfirði vantar aðstoð með heimilishaldið. 20 klst á viku, góð laun í boði. Þrif, þvottur og matreiðsla. Áhugasamir hafið samband við Björgvin í síma 8665130.

### HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

## Atvinna óskast

33 ára gamall maður háskólamenntaður, vanur smíði, vanur á gröfu, með meirapróf, vanur bifvélavirki, mjög góð ensku kunnátta. Allt kemur til greina. S. 856 9683.

36 ára dugleg kona óskar eftir vinnu, t.d. við ræstingar. Uppl s. 824 4733

Hörkuduglegur 24.ára karlmaður óskar efir vinnu, er með margra ára reynslu af ýmissi trésmíði og einnig sjómennsku. Get unnið sjálfstætt. Skoða HVAÐA djobb sem er. Uppl. í S:8662655

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

### HENDUR.IS

Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Blátt Everest-Catic-kk hjól fannst í síðustu viku á Hofsvallagötu. uppl. í s: 8239229

## Tilkynningar

**BAR POLONIA**
**ZAPRASZAMY NA HALLOWEEN PARTY ! IMPREZA OD GODZ 22.00 SOBOTA 01.11.08. NIE SPODZIANKA DLA NAJLEPIEJ PRZEBRANYCH!!!**
**WIECEJ WIADOMSCI NA STRONIE INTERNETOWEJ WWW.BARPOLONIA.IS. ZAPRASZAMY WSZYSTKICH SERDECZNIE HAFNARFJÖRÐUR FLOTAHRAUN 21.**

## Ýmislegt

Gefðu þér tíma.

EKRON STARFSÞJÁLFUN

www.ekron.is

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### stefnumot.is

Mjög vandaður vefur fyrir lögráða fólk á öllum aldri sem leitar nýrra kynna með félagsskap, vinskap eða varanleg kynni í huga.

### 908 6969 símatorg

Hæ ég er 22 ára ljóshærð, grönn og sæt ég hef ekki mikla reynslu, langar þig að kenna mér eitthvað í kvöld? Ég er pínu feimin en ég treysti þér. Enginn símsvari og engar tafir.

## Þjónusta

JB pípulagnir ehf.

Getum bætt við okkur verkefnum.

Endilega hafið samband í s. 860 8089 og 860 8088

## Atvinna

### Pizza Bakari til Austur-Grænlands

Arctic Wonderland Tours í Tasiilaq óskar eftir vönum pizzugerðarmanni til að aðstoða við uppbyggingu og rekstur pizzastaðar í bænum. Um er að ræða 2 mánaða samning í byrjun með möguleika á framlengingu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf nú þegar.

***Innifalið í ráðniningarsamningi er fríar flugferðir, fæði og húsnæði.***

**Nánari upplýsingar á www.arcticwonder.com**
Arctic Wonderland Tours
Sími 00 299 981 293 - Mike eða Per.
Eða tölvupóstur: mike@arcticwonder.com

## Til sölu

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

### - Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtalin framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

**Flokkunar- og endurvinnslustöð Seyru ehf. á Siglufirði, Fjallabyggð**

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Hana er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **1. desember 2008.**

**Skipulagsstofnun**

## Til sölu

**RJÚPNASKOT**




INTERSPORT
VEIÐIDEILD - OPIÐ ALLA DAGA
Bíldshöfða, s: 585 7239. Skógarlind 2, s: 585 7262

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið



# Ný og áleitin skáldsaga

eftir verðlaunahöfundinn

**AUÐI JÓNSDÓTTUR!**




## *„Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir ...“*

**Týnd vinkona, fjarstaddur sambýlismaður, ókunnur stjúpsonur, annríki í vinnunni, glæpasagnanámskeið, grunsamlegir menn sem birtast hvað eftir annað ...**

**Sunna á erfitt með að henda reiður á lífi sínu og þegar hún fer að grafast fyrir um afdrif vinkonu sinnar stendur hún óvænt frammi fyrir knýjandi spurningum um gildismat, lífsviðhorf og lífsblekkingu.**

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

Um *Tryggðarpant:*

„Með ***Tryggðarpanti*** hefur Auður Jónsdóttir ... skipað sér í hóp athyglisverðustu rithöfunda á Íslandi – og þótt víðar væri leitað.“

SOFFÍA AUÐUR BIRGISDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

Um *Fólkið í kjallaranum:*

„Stórglæsileg frásögn.“

JYLLANDSPOSTEN

**EINAR BENEDIKTSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1795**

*„Aðgát skal höfð í nærveru sálar.“*

***Þessi frægi málsháttur er ljóðlína úr kvæðinu Einræður Starkaðar eftir Einar Benediktsson. Það birtist í bókinni Vogar sem kom fyrst út árið 1921.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. OKTÓBER 1517

## *Upphaf siðaskiptanna*



Marteinn Lúter hengdi upp skjal á kirkjudyr í Wittenberg þar sem hann mótmælti sölu á aflátsbréfum kirkjunnar. Í 95 liðum setti hann fram kenningar sínar um kristna trú og leiðir til þess að endurbæta hana.

Með þessum gjörningi kom hann af stað mótmælendahreyfingunni innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar sem þróaðist loks í evangelísku-lútersku kirkjuna.

Í gagnrýni sinni á aflátsbréfunum sagði Lúter að páfinn gæti ekki veitt fyrirgefningu heldur Guð og að ekki væri hægt að kaupa fyrirgefninguna.

Annað sem hann gagnrýndi hjá kaþólsku kirkjunni var að maðurinn yrði ekki sáluhólpinn vegna verka sinni heldur veitti Guð sanntrúuðum sem iðruðust náð. Dýrlingadýrkun ætti ekki rétt á sér. Prestar skyldu fá að kvænast og munkalíf ætti að afnema. Lúter giftist líka sjálfur, fyrrverandi nunnu.

Lúther vildi að menn gætu lesið Biblíuna til að skilja Guðs orð og þýddi því Nýja testamentið á móðurmál sitt, þýsku.

Við siðaskiptin urðu þjóðhöfðingjar eða söfnuðir yfirmenn kirkjunnar í stað páfa.

## MERKISATBURÐIR

**1922** Mussolini verður leiðtogi Ítalíu.

**1931** Strætisvagnar Reykjavíkur hefja akstur. Fyrsta leiðin var Lækjartorg-Kleppur.

**1936** Útgáfa Þjóðviljans hefst. Hann studdi Kommúnistaflokkinn og síðar Sósíalistaflokkinn og Alþýðubandalagið.

**1954** Frelsishreyfing Alsíringa hefur uppreisn gegn yfirráðum Frakka.

**1963** Lagið You´ll Never Walk Alone með Gerry and the Pacemakers kemst í efsta sæti breska vinsældalistans.

**1999** Þota frá flugfélaginu EgyptAir hrapar á leið frá New York. Allir um borð, 217 manns, látast.

## AFMÆLI



**DAN RATHER** fréttamaður er 77 ára.



**PETER JACKSON** leikstjóri er 47 ára.



**MARCO VAN BASTEN,** fótboltakappi og þjálfari Hollands, er 44 ára.



**LARRY MULLEN JR.,** trommuleikari U2, er 47 ára.



**JOHNNY MARR,** gítarleikari og lagahöfundur The Smiths, er 45 ára.



**VAL KILMER** leikari er 49 ára.




# 50 ára afmæli

Í tilefni af 50 ára afmæli mínu 3. nóvember nk. býð ég ættingjum og vinum til móttöku laugardaginn 1. nóvember kl. 17.00-19.00 á Gullfoss sushi & grill, Pósthússtræti 2.
Kveðja,

**Jón Páll Haraldsson**




†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Rögnvaldar Þórs Þórðarsonar**
frá Ísafirði, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

sem lést 13. okt. síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við deild 11E á Landspítalanum við Hringbraut og starfsfólki Karítas fyrir allan ykkar stuðning við okkur.

**Elín Skarphéðinsdóttir**
**Magnea Rögnvaldsdóttir**
**Rósa Matthíasdóttir** **Freyr Baldursson**
**Skarphéðinn Smith** **Sigurpála Birgisdóttir**
**Elín Rósudóttir** **Jón Heiðar Víðisson**
**Andri Þór Bjarnason**
**Ragna Lind Bjarnadóttir**
**Anita Ýr Ævarsdóttir**
**og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**SILJA ÁSAMT LEIKHÓPNUM** Á stuttverkadagskránni eru níu verk sem eiga það sameiginlegt að fjalla um afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**HUGLEIKUR:** FAGNAR 25 ÁRA STARFSAFMÆLI MEÐ STUTTVERKADAGSKRÁ OG AFMÆLISSÝNINGU

# Leggja rækt við sprota og rætur

„Stuttverkasýningin Ó, þessi tæri einfaldleiki, sem frumsýnd verður í Listasafni Reykjavíkur í kvöld, markar upphaf afmælisársins en síðan verðum við með stóra afmælissýningu með vorinu,“ segir Silja Björk Huldudóttir, formaður leikfélagsins Hugleiks, sem fagnar 25 starsári sínu.

Á stuttverkadagskránni eru níu leikverk sem eiga sameiginlegt að fjalla um afmæli með einhverjum hætti. Þá eru öll verkin samin af félagsmönnum.

„Við erum með mjög öfluga höfundasmiðju innan okkar raða og standa sex höfundar á bak við verkin. Eitt af aðaleinkennum leikfélagsins er að við setjum upp verk eftir félagsmenn eða aðlaganir eftir þá,“ segir Silja.

Hún segir félagsmenn bæði skrifa verk í fullri lengd en einnig sé mikil gróska í gerð stuttverka og einþáttunga. „Okkur þótti kjörið að rækta þann sprota nú á þessum tímamótum. Þannig fá margir höfundar að láta ljós sitt skína og er um að ræða fjölbreytta sýningu þar sem farið verður um víðan völl og spilað á allan tilfinningaskalann.“

Með vorinu verður ný leikgerð á leikritinu Ó þú, sem byggir á persónum og stefjum úr Pilti og stúlku, sett á svið en það var samið fyrir Hugleik fyrir rúmum 20 árum.

„Það má í raun segja að með þessum tveimur viðburðum séum við annars vegar að leggja rækt við sprotana og hins vegar við ræturnar í félaginu. Með stuttverkasýningunni erum við að hlúa að nýjabruminu en með leikgerðinni erum við að leika okkur með okkar eigin menningararf með sama hætti og við höfum leikið okkur með hinn íslenska menningararf í gegnum árin.“

Hugleikur er elsti starfandi áhugaleikhópur í Reykjavík og hefur oft á tíðum leitað fanga í þjóðsagnaarfinum, sögu þjóðarinnar og gullaldarbókmenntunum. Silja segir um 35 félagsmenn koma að stuttverkasýningunni en í heildina eru félagsmenn í kringum 80. Þeir búa bæði yfir formlegri og óformlegri menntun á sviði leikhúslista.

Stuttverkadagskráin hefst klukkan 20 í kvöld en auk þess verða sýningar á laugardag og sunnudag. Miðasala fer fram á vefsíðunni www.hugleikur.is og við inngang Listasafns Reykjavíkur.

**vera@frettabladid.is**



†

*Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma,*

**Margrét Guðnadóttir**
Herjólfsgötu 36,

sem lést föstudaginn 24. október sl. verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 31. október kl. 15.00.

**Elín Gísladóttir** **Gunnar Linnet**
**Guðni Gíslason** **Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir**
**Ingunn Gísladóttir** **Halldór Jónas Ágústsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður V. Welding**
Árskógum 6, Reykjavík,

lést á líknardeildinni á Landakoti 22. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju í dag, 31. október kl. 15.00.

**Snorri F. Welding** **Ásta S. Lárusdóttir**
**Viðar F. Welding** **Kristín Á. Björnsdóttir**
**Kristín F. Welding** **Ólafur Guðvarðarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Góð kaup í Hagkaup

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum






## JVC ferðaútvarp RCEZ31

- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Segulband
- Fjarstýring

**8.990kr**

## Lenco ferðaútvarp SCD25

- FM útvarp
- Vandaður geislaspilari
- Spilar CD, CD-R/RW og MP3/WMA
- Heyrnartólstengi
- Góðir hátalarar

**6.990kr**






**Toshiba DVD spilari** SD180

- Progressive Scan • Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD • Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS • Scart (með RGB), Component og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

**10.990kr**



**Toshiba DVD spilari** SD370

- Fjölkerfa DVD DivX spilari • Progressive Scan • Video Upscaling í 720p / 1080i (í gegnum HDMI) • 192kHz/24 bit Audio DAC
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX • Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG • Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), HDMI, Component, SVHS og CVBS tengi • Digital Coaxial tengi • Fjarstýring

**14.990kr**

**United 19" sjónvarp** TVD7056

**69.990kr**

- 19" 16:9 LCD skjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Innbyggður DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG
- Sjónsvið (h/v): 150/130° og birtustig: 300 cd/m2
- Skerpa: 500:1 og svartími: 8ms
- 12v og 220v
- Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi, textavarp, 12v snúra fylgir
- Borðstandur fylgir

**United DVD ferðaspilari** DVP7046

**21.990kr**

- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgja







**29.990kr**

Verð áður 34.990.-

**Philips heimabíókerfi** HTS3154

- Fyrirferðalítið og nett heimabíókerfi • 300w (4x37.5w og 2x75w RMS) digital magnari
- Fjölkerfa DivX DVD spilari • 5 litlir hátalarar og bassabox
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0/Ultra
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG • Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum • SCART (með RGB), USB tengi, fjarstýring

Gildir til 6. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



OPINN DAGUR Í LISTAHÁSKÓLANUM

FÖSTUDAGINN 31. OKTÓBER 2008

MYNDLISTARDEILD / KENNARANÁM — LAUGARNESVEGUR 91 — KL. 11-18

HÖNNUNAR - OG ARKITEKTÚRDEILD — SKIPHOLT 1 — KL. 11-18

LEIKLISTARDEILD / TÓNLISTARDEILD — SÖLVHÓLSGATA 13 — KL. 14-18

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.LHI.IS

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS — ICELAND ACADEMY OF THE ARTS



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

# Þar fór góður biti í hundskjaft

Við iðkun þess nördalega áhugamáls míns að skoða ævaforn dagblöð á vefnum rifjaðist upp fyrir mér að þegar ég var ungur og myndarlegur (nú er ég bara ungur) var hart tekist á um hvort leyfa ætti hundahald í borginni. Sá grunur læddist að mér að meðlimir þess fjölmenna hóps sem taldi, og telur vonandi enn, að hundahald sé fásinna í borgarumhverfi hafi lent í álíka áfallastreituheilkennisvaldandi reynslu og ég upplifði fyrir stuttu.



Frönsku pulsurnar í pulsuvagninum hjá Laugardalslauginni eru munaður sem ég leyfi mér einungis á tyllidögum. Eftir sigurleik Liverpool gegn Manchester United á dögunum fannst mér kjörið að fagna með tveimur frönskum pulsum með aukasósu, og ákvað að leyfa fjölskyldunni að njóta veiganna með mér. Það voru því fjórar pulsur sem ég rogaðist með, með erfiðismunum, að bílnum eftir innkaupin, ásamt tveimur glösum af kók og fernu af Trópí. Skipti þá engum togum að undan nálægum bíl stökk forljótur hundur og hljóp beint að mér, geltandi og froðufellandi með brjálæðisheift í augum. Eðlilega krossbrá mér og missti öll herlegheitin á götuna. Allt út um allt og pulsurnar og kókið ónýtt. Trópífernan slapp.

Konan sem bar ábyrgð á hundinum og rétt náði að hóa í skepnuna áður en hún át mig með húð og hári, sagði að sér þætti þetta „ósköp leiðinlegt“ og hún hefði sko keypt handa mér nýja pulsu ef hún hefði ekki „skilið debetkortið eftir heima“. Gamla trixið. Ég pungaði því út fyrir nýjum pulsum og hélt heim á leið, þunglyndur, spældur, beiskur og bældur í huga.

Hver skyldi svo hafa verið að rífa í sig pulsurnar með bestu lyst í þann mund sem ég beygði út af bílastæðinu? Hundkvikindið!

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott




Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning í Kassanum
fös. 31/10, lau. 1/11 **örfá sæti laus**

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Ástsælt verk sem hittir okkur öll í hjartastað
fös. 31/10 **uppselt**, þri. 4/11 kl. 14 **uppselt**

Ástin er diskó, lífið er pönk
Hallgrímur Helgason
lau. 1/11, **örfá sæti laus**
Þrjár sýningar eftir

Macbeth
William Shakespeare
fim. 30/10, fös 31/10, sun 2/11
Síðustu sýningar

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 2/11 **örfá sæti laus**

Klókur ertu, Einar Áskell
Bernd Ogrodnik
Heillandi og krúttleg brúðusýning
sun. 2/11 **örfá sæti laus**, sýningum fer fækkandi

Sá ljóti
Marius von Mayenburg
Fimm sýningar á Smíðaverkstæðinu í nóvember.
Tryggið ykkur sæti í tíma



www.leikhusid.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá Bjarti samfélagslýsingin Gómorra - Mafían í Napolí eftir Roberto Saviano í þýðingu Árna Óskarssonar. Höfundurinn vakti heimsathygli fyrir verkið sem rekur




þræði glæpastarfseminnar sem gegnsýrir allt samfélagið á heimaslóðum hans á sunnanverðri Ítalíu. Skipulögð glæpastarfsemi hefur haldið borgum og bæjum í grennd við Napolí í heljargreipum um langt skeið. Glæpasamtökin Camorra hafa alþjóðleg tengsl og láta mikið að sér kveða í byggingarstarfsemi, tískuiðnaði, eiturlyfjasölu og förgun eiturefna. Til þess að kynnast glæpastarfseminni innan frá vann Saviano sem aðstoðarmaður hjá kínverskum fataframleiðanda, starfaði sem byggingaverkamaður og sem þjónn í brúðkaupi innan raða glæpasamtakanna.

Ljósaskipti, skáldsaga Stephenie Meyer er komin út hjá Forlaginu. Magnea J. Mattíasdóttir þýddi. Sagan var og er á metsölulista New York Times; á lista Publishers Weekly yfir bestu bækur ársins; útnefnd besta bók áratugarins hingað til hjá Amazon; á úrvalslista Teen People. Isabella Swan flytur til smábæjarins



Forks þar sem hún kynnist Edward Cullen, dularfullum og gullfallegum pilti, og leyndardómsfullri fjölskyldu hans. Þau Edward verða innilega ástfangin en málin flækjast þegar á daginn kemur að Edward er vampíra. Bella þráir ekkert heitar en að vera með Edward, sama hvað það kann að kosta hana, en hún sér ekki fyrir hætturnar sem steðja að henni og öllum sem henni eru kærir.

Fluga á vegg - Sönn lygasaga - eftir Ólaf Hauk Símonarson er komin út hjá Skruddu. Fluga á vegg er bók sem lýsir uppvaxtarárum ungs drengs




í Vesturbæ Reykjavíkur um miðja síðustu öld. Skrautlegar persónur, tíðarandi, viðburðir, vinir, óvinir, myndir sem greipast í hugann. Segir forlagið í tilkynningu: „Eins og við er að búast frá hendi Ólafs Hauks Símonarsonar, bók full af gamansemi, dramatík, átökum og hugljúfum stemningum.“

Út er komin bókin ÉG ef mig skyldi kalla – seinþroskasaga eftir Þráin Bertelsson. Bókin er sjálfstætt framhald metsölubókarinnar Einhvers konar ég. „Hér talar Þráinn opinskátt um líf sitt af hinni alkunnu snilld,“ segir í tilkynningu frá forlaginu. Horfist í augu við sjálfan sig ungan og rifjar upp atvik úr




fortíðinni. Þetta er þroskasaga manneskju. Seinþroskasaga. Útgefandi er Sögur útgáfa.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Bókatíðindi væntanleg


**BÆKUR** Kristján B. Jónasson, formaður Félags bókaútgefenda.

Bókatíðindi ársins 2008 eru nú í prentun, á áætlun og líður því að því að þau verði borin út á öll heimili. Fyrirfram hafði verið búist við fækkun titla. Niðurstaðan er að um 40 færri titlar eru í Bókatíðindum í ár en árið 2007, eða 759 alls. Þetta eru því önnur stærstu Bókatíðindi til þessa. Árið 2006 var fjöldi titla 677. Árið 1998 voru þeir 418. Fækkunin er mest í flokknum Þýddar barnabækur, en þar virðist sem erlent samprent verði fyrir barðinu á erfiðleikum við eðlileg viðskipti við útlönd. „Fregnir berast af því að bækur séu stopp á hafnarbökkum Austurlanda fjær,“ segir Kristján B. Jónasson formaður Félags bókaútgefenda sem stendur fyrir útgáfunni. Athygli vekur að sumir flokkar vaxa. Í ár eru skráðir 53 titlar í ljóðaflokknum en voru 45 í fyrra, voru 28 árið 1998 (sem var annars gott ár í bókaútgáfu). Einnig handbækur, þær eru 59 í ár en voru 53 í fyrra, 33 árið 1998. Þýdd skáldverk eru líka fleiri og þar kemur kiljuútgáfan sterk inn, í ár eru 84 titlar en voru 79 í fyrra, voru 66 árið 2006 og 71 árið 2005, 44 árið 1998. Með öðrum orðum: Aldrei hafa jafn margar þýðingar á erlendum skáldverkum verið skráðar til leiks í Bókatíðindum og nú, en jafnan eru allflestar slíkar þýðingar skráðar í Bókatíðindi.

Fækkun í öðrum flokkum er lítil svo munar 2-5 titlum og er ekki mikil m.v. t.d. árin 2006 og 2005. Frumsamdar barnabækur eru 76 í ár, voru 51 árið 2006 og 39 árið 2005, 49 árið 1998. Frumsamin ísl. skáldverk eru nú 72, voru 79 í fyrra, 63 árið 2006 og 67 árið 2005, 49 árið 1998. Ævisögur eru 40 í ár, voru 44 í fyrra, 33 árið 2006 og 36 árið 2005, 24 árið 1998. Einn stærsti flokkurinn er Fræði og bækur almenns efnis. Hann er nánast jafn stór og í fyrra, var þá 204 en er nú 202, sem er rosafjölgun frá 2006 (156) og 2005 (162) og 124 árið 1998.

Mjög stór hluti þýðinganna er nú þegar kominn út sem og mikið af fræðibókunum. Hitt fer allt inn á jólamarkaðinn.

Það verður mikið úrval af bókum þessi jólin. Enginn þarf að kvíða vöruskorti þar.

Aldrei hafa komið út jafn margar ljóðabækur. Ævisögur, skáldverk, ísl. barnabækur og fræði eru í sögulegum hápunkti.




Konukvöld í kvöld
frá kl. 20 til 22
- Flottur AFSLÁTTUR af öllum vörum.
- HAPPDRÆTTI - dregið úr kassakvittunum sem fara í pott. Aðalvinningur: Úttekt fyrir 50. 000 í Debenhams og Make over í samstarfi við Haffa Haff, Vikuna og Supernova HAIR & AIRBRUSH STUDIO
- Sýnikennsla í FÖRÐUN.
- GJAFIR fyrir fyrstu 100 sem versla.
- Tónlist og léttar veitingar. Egill Ólafsson og Jónas Þórir leika nokkur lög kl. 20.30.
- KJÚKLINGASALAT á tilboði á Adesso fyrir konukvöldsgesti. Aðeins 1490 kr. Opið til ca 20.

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR




Packard Bell

# SL81 u149

## BLU-RAY FARTÖLVA

Ein öflugasta og best búna fartölva á Íslandi í dag með Blu-Ray spilara, digital sjónvarpskorti og fjarstýringu.

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 4GB DUAL DDR2 667MHz minni
- 640GB DUAL SATA RAID diskur
- BLU-RAY spilari og DVD skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort HDMI
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**




Packard Bell u146

# SL81 FARTÖLVA

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI HD3650 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**109.900**




TOSHIBA

# TOSHIBA L300

- Intel Core 2 Duo T2390 1.86GHz
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 120GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB Intel X3100 skjástýring
- Windows VISTA Business og XP

**79.900**

Birt með fyrirvara um breytingar, myndabrengl og villur




TOSHIBA

# U400 13N

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Nýjasta tækniundrið frá Toshiba er þessi örþunna og fislétta fartölva sem er aðeins 1.9KG og ótrúlega nett með 13,3" skjá.

- Intel Core 2 Duo T5750 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 13,3" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB Intel X3100 skjákort HDMI
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Premium

**129.900**




# GIGABYTE

TINY LINUX TÖLVUTILBOÐ

- AM2 Sempron64 1100+ 1.9GHz
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 160GB SATA2 8MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti DL skrifari
- 512MB ATI X1200 skjástýring
- Fjöldi forrita eins og ritvinnsla ofl.
- Linux Ubuntu stýrikerfi

**39.900**




# GIGABYTE

ÖFLUGT X2 TÖLVUTILBOÐ

- Intel Core 2 Duo E7200 2.53GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti DL skrifari
- 512MB GDDR3 9500GT skjákort
- 20" CrystalClear skjár 1000:1, 5ms
- Windows VISTA Home Premium

**134.900**



# GIGABYTE

SILENT Q2 TÖLVUTILBOÐ

- Intel Core 2 Duo E8400 3.0GHz
- GIGABYTE P43-DS3L móðurborð
- 4GB DDR2 1066MHz OCZ minni
- 750GB SATA2 32MB NCQ diskur
- 1GB ATI HD4850 SILENT skjákort
- Antec P182 hljóðeinangraður turn
- Windows VISTA Home Premium

**169.900**

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is


SJÓÐHEIT
TILBOÐ
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI
ALLT AÐ 40% LÆKKUN AF ÖLLUM CREATIVE VÖRUM
AÐEINS ÞESSA HELGI
2GB 800MHz DDR2 VINNSLUMINNI 4.990
HVERGI BETRA VERÐ
750GB HARÐDISKUR 32MB BUFFER 12.900
ALLT AÐ 20% LÆKKUN AF ÖLLUM GIGABYTE MÓÐURBORÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
500GB SJÓNVARPS FLAKKARI 24.900
NÝ VERSLUN
HÖFUM OPNAÐ NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31

## >HARKA FÆRIST Í LEIKINN

Madonna vill gjarnan ganga frá skilnaði sínum við Guy Ritchie utan dómstóla. Það gæti þó reynst henni erfitt því Ritchie hafnaði boði hennar um 31 milljón dollara greiðslu. Auk peninga deila þau um forræði barna sinna. Madonna vill flytja til New York en Ritchie vill hafa börnin nálægt heimili sínu í London.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Brynjar Már vandar til verka

Fyrsta plata Brynjars Más Valdimarssonar, eða BMV, kemur út á laugardaginn. Nefnist hún The Beginning og hefur að geyma vönduð popplög sem tekin voru upp í New York fyrr á árinu.

„Þegar maður horfir tvö ár aftur í tímann þá er þetta búið að taka smá tíma. Það er alltaf gaman að leggja lokahönd á eitthvert verkefni og sjá það verða að veruleika,“ segir Brynjar Már, sem semur öll lög plötunnar. Á meðal þeirra eru Runaway, Forget About Me og Endlessly, sem hafa vakið athygli að undanförnu. Hafa þau tvö síðasttöldu til að mynda náð á vinsældalista í Asíu, Austur-Evrópu, Portúgal og auðvitað hér á landi.

Fjórir erlendir textahöfundar semja textana á plötunni og segist Brynjar hafa valið þessa leið því hann vildi vanda til verka. „Ef ég ætlaði að gera þetta á ensku þá vildi ég gera enska texta, ekki ísl-enska. Orðaforðinn hjá Íslendingum á ensku er bara svo takmarkaður þannig að mig langaði að fara þessa leið,“ segir hann.



**BMV** Brynjar Már Valdimarsson gefur á laugardaginn út sína fyrstu plötu, The Beginning. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brynjar ætlaði að gefa plötuna út erlendis fyrir jólin en varð að bíða með það sökum efnahagsástandsins. „Bara að gefa plötuna út hérna heima hækkaði framleiðsluna um 60 prósent en samt hækkar maður ekkert verðið á plötunni.“ Vonast hann til að gefa plötuna út erlendis eftir áramót og fylgja henni þá eftir með tónleikaferð. Þar mun raddþjálfunarnám hans í FÍH væntanlega koma að góðum notum „Ég ætlaði að fara til Danmerkur en þegar þetta nám kom hingað var ég ekki lengi að skella mér á það. Þarna er kennd önnur nálgun á raddböndin sem hljóðfæri og þetta er í fyrsta skipti sem er verið að kenna rytmískan söng en ekki bara klassískan,“ segir Brynjar. - fb

# Arrival réttir Íslendingum hjálparhönd

Sænska Abba-tökulagabandið Arrival hefur lækkað þóknun sína vegna tónleikanna í Valshöllinni. Annars hefði rosaleg veiking íslensku krónunnar líklega gengið endanlega frá tónleikunum. „Þetta er það minnsta sem við getum gert fyrir frændur okkar í norðri,“ segir Tomas Jernberg, umboðsmaður sveitarinnar. „Þær hremmingar sem Íslendingar hafa gengið í gegnum undanfarnar vikur hafa ekki farið fram hjá okkur og því ákváðum við að hjálpa til og lækka þóknun okkar svo af sýningunni geti orðið. Við hlökkum mikið til að koma til landsins og mætum til leiks með fullkominn ljósa- og hljóðbúnað og getum því lofað kraftmiklum tónleikum,“ bætir hann við.

Fjölmargir hafa tryggt sér miða á sýninguna. Hún fer fram laugardaginn 8. nóvember og enn má fá miða á midi.is. Miðaverð er kr. 4.900 kr. - drg



**ARRIVAL** Þrettán manns á sviði.

# Hrekkjavökubúningar kreppunnar

Hrekkjavakan er í dag. Það eiga auðvitað fáir aura til að kaupa nýjan búning út úr búð svo það er um að gera að nota hugmyndaflugið. Hér koma nokkrir hagkvæmir kreppubúningar.



**Verðbólgudraugurinn**

Hvítt lak með götum fyrir augun er klassískur og ódýr búningur. Læðist um og vælið: „Úúú … ég er verðbólgudraugurinn. Ég brenni upp kaupið þitt og kem þér á kúpuna. Úúú … Þú munt neyðast til að flytja til Svíþjóðar út af mér.“

**Útrásarvíkingur**

Teinótt jakkaföt og víkingahjálmur úr plasti er það eina sem þarf í þennan búning. Arkið um og gólið af öryggi: „Ha ha ha, ég er útrásarvíkingur! Ég er miklu betri en þú og fæ fimmfaldan lottóvinning í laun á hverjum mánuði! Samt skilur enginn af hverju ég er svona ríkur! Ha ha ha, svo fer ég á hausinn og kem grenjandi í slorið!“



**Davíð Oddsson**

Davíðs-plastgrímur voru framleiddar um árið og ef til vill má enn finna svoleiðis. Ef ekki, dugar hárkolla með krullum. Verið reið og glöð til skiptis og segið með festu: „Það eru óreiðumenn sem borga ekki skuldirnar sínar. Amma mín sagði það. Samt borga ég ekki krónu! Átján prósent stýrivextir? Ha ha ha, hvaða hvaða. Tíminn líður hratt á gervihnattaöld! Þið losnið aldrei við mig. Aldreiii!!!“





**IMF-skrímsli**

Jakkaföt eða dragt er nóg fyrir þetta gervi. Verið settleg og segið með ýktum erlendum hreimi: „Ég er frá IMF og ég ætla að redda þessu skeri með því að merg-sjúga það. Déskotans sukkararnir ykkar, þið fáið sko aldeilis að svitna núna! Mú-ha ha ha!“



# 30 milljónir

**Nú er potturinn fimmfaldur og stefnir í 30 milljónir.**

**Náðu þér í Lottómiða fyrir kl. 18.40 á laugardag.**

Lottó

Taktu Lottó í áskrift! Sölustaðir lotto.is

ENNEMM / SÍA / NM34822




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| QUARANTINE LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| SKJALDBAKAN & HÉRINN | kl. 4 - 6 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 3.45 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MAX PAYNE | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| HOUSE BUNNY | kl. 6 - 8 - 10.10 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHERE IN THE WORLD IS OSAMA BIN LADEN | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| HÉR ER DRAUMURINN | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| THE WOMEN | kl. 5.30 - 8 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 10.15 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 8 - 10* | 16 |
| MY BEST FRIENDS GIRL | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 | 14 |

* KRAFTSÝNING

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR


# Fullt hús hjá Fresco

Íslenska hjómsveitin Agent Fresco fær fullt hús stiga, eða fimm „K“, hjá breska rokktímaritinu Kerrang! fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves-hátíðinni sem lauk á dögunum.

Sérstakt Kerrang!-kvöld var haldið á skemmtistaðnum Nasa þar sem fjöldi rokksveita kom fram. Þótti blaðamanni Kerrang! spilamennska Agent Fresco hafa komið mest á óvart þetta kvöld. „Það er auðvelt að heyra af hverju þessi hljómsveit vann Músíktilraunirnar. Hrærigrautur þeirra af poppi, rokki, djassi og þungarokki hljómar eins og blanda af The Dillinger Escape Plan og System of a Down.“



**AGENT FRESCO** Fær fullt hús stiga hjá Kerrang! fyrir tónleika sína á Airwaves.

Íslensku sveitirnar Vicky og We Made God fá einnig mjög góða dóma fyrir sína frammistöðu, eða fjögur „K“ hvor. „Endilega hlustið á fyrstu plötu sveitarinnar sem kemur út í Bretlandi í desember,“ segir blaðamaðurinn um síðarnefndu sveitina. - fb

# Heimildarmynd um Sálina í kvöld

Heimildarmyndin Hér er draumurinn í leikstjórn Jóns Egils Bergþórssonar, sem fjallar um Sálina hans Jóns míns, verður frumsýnd í Háskólabíói í kvöld. Í myndinni, sem er í fullri lengd, er farið yfir 20 ára feril sveitarinnar. Gríðarlega fjölbreytt myndefni var notað við vinnslu myndarinnar ásamt gömlum viðtölum sem komu að góðum notum.

„Það er komið ár síðan við byrjuðum að móta þetta og átta okkur á því hvernig mynd þetta ætti að vera,“ segir Jón Egill. „Síðan fór vinnan af stað í vor að útvega allt þetta myndefni, sem var alveg gríðarlegt.“ Þótt Sálin hafi verið afar vinsæl um árin hefur hún átt í innbyrðis vandræðum eins og kemur fram í myndinni. „Þótt það hafi gengið svona vel í músíkinni er þetta átakaband og þeir hafa margoft tekið sér hálfsárs leyfi, oft í kjölfarið á innbyrðisdeilum og óánægju. Við erum ekkert að draga fjöður yfir það. En það var mjög gaman að gera þessa mynd, sérstaklega út af því að þetta eru menn sem eru ekki alltaf að hjakka í sama farinu,“ segir Jón Egill. - fb



**JÓN EGILL BERGÞÓRSSON** Heimildarmynd Jóns Egils um Sálina hans Jóns míns verður frumsýnd í Háskólabíói í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 31. október 2008**

### Kvikmyndir

**Andspyrnubíó** - Pólitíst kvikmyndahátíð 31. okt.-2. nóv. í Kaffi Hljómalind, Laugavegi 23. Nánari upplýsingar www.kaffihljomalind.org.

### Tónleikar

**20.30 Svona eru menn** KK verður með tónleika í Duushúsi, Duusgötu 2-8, Reykjanesbæ.

**22.00 Hljómsveitin Krummafótur** leikur bræðing af evrópskum og amerískum djassi frá bann- og kreppuárunum. Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

### Leiklist

**20.00 Ó, þessi tæri einfaldleiki** Leikfélagið Hugleikur frumsýnir níu stuttverk í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu.

### Opnanir

**Handverk og hönnun** Sýning á íslensku handverki, listiðnaði og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur. Sýningin stendur til 3. nóv og er opin 11.00-19.00 fös. og mán. en 12.00-18.00 um helgina.

### Opinn Dagur

**Opinn dagur** í öllum deildum Listaháskólans. Nánari upplýsingar um dagskrá og opnunartíma deilda á www.lhi.is.

### Myndlist

**Í óbyggðum** Nikulás Sigfússon sýnir vatnslitamyndir í Grafíksafni Íslands, Tryggvagötu 17. Sýningin stendur til 9. nóv og er opin fim.-sun. 14.00-18.00.

**Þorsteinn Gíslason, Steini**, sýnir verkið Reisn-Dignity-Würde á VeggVerk, Strandgötu 17, Akureyri.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| QUARANTINE | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| EAGLE EYE | kl. 8 og 10.15 | 16 |
| SKJALDBAKANN OG HÉRINN | kl. 4 og 6 (650 kr.) - ÍSL.TAL | L |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI | kl 4 | L |
| MAMMA MIA | kl. 4, 6 og 8 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HSM 3 | kl. 3:30D - 5 - 6D - 7:30 - 8:30D - 10:10 | L |
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:30 | VIP |
| EAGLE EYE | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| SEX DRIVE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 | L |
| DARK KNIGHT | kl. 10:10 vegna áskorana | 12 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |
| SVEITABRÚÐKAUP | kl. 3:40 Síð sýn. | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 DIGITAL | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:30 DIGITAL | 12 |
| SEX DRIVE | kl. 8:20 - 10:30 | 12 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 3:30 | L |
| WILD CHILD | kl. 3:40 - 5:50 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:40 - 8 | L |
| SEX DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| JOURNEY Síð sýn. | kl. 5:40 | L |
| BURN AFTER READING | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 6 | L |
| EAGLE EYE | kl. 8 - 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:30 - 8 | L |
| MAX PAYNE | kl. 10:10 | 16 |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 8 | 14 |
| BANGKOK DANGEROUS | kl. 10:10 | 16 |
| SKJALDB.OG HÉR. m/ísl. tali | kl. 6 | L |







Kolsvört kómedía um glataðar sálir

Martin McDonagh er eitt vinsælasta samtímaleikskáldið. Verk hans þykja með eindæmum vel skrifuð. Fjögur önnur leikrit hans hafa verið sýnd hér á landi og hlotið feiknagóðar viðtökur, **Fegurðardrottningin frá Línakri** (LR), **Halti Billi** (Þjóðleikhúsið), **Koddamaðurinn** (Þjóðleikhúsið) og **Svartur köttur** (LA), auk þess sem margir kannast við kvikmyndina **In Bruges** sem McDonagh bæði leikstýrði og skrifaði handritið að.

Leikstjóri Jón Páll Eyjólfsson

Sett upp í samstarfi við Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Miðasala er í síma 568 8000 og á borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið



Fjarðarkaup og Góa kynna með stolti
Póstlistaforsala í dag
Þeir sem eru skráðir á póstlista Bravó klukkan 14:00 í dag fá tölvupóst sem gefur þeim tækifæri á að tryggja sér miða áður en almenn sala hefst.
Skráðu þig núna á www.bravo.is.
Athugið, takmarkað magn miða í boði.
Jólagestir
Björgvins
Laugardaginn 6. desember
í Laugardalshöllinni
Björgvin Halldórsson
Eyjólfur Kristjánsson
Guðrún Gunnarsdóttir
Helgi Björns
Krummi & Daníel Ágúst
Laddi
Páll Óskar & Monika
Raggi Bjarna
Sigga Beinteins
Stefán Hilmarsson
Svala Björgvins
Sérstakur gestur
Kristján Jóhannsson
Stórhljómsveit Björgvins · Karla- og Barnakór
Strengjasveitin Reykjavík Session Orchestra
Miðasala hefst á mánudaginn kl. 10:00
FK
Fjarðarkaup
Góa
Stofnað 1968
Miðasala á midi.is og á sölustöðum Miða.is
bravó!
Góðar stundir




TM styður kvennaknattspyrnu

**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON:** HRÓSAÐI ÍSLENSKA LIÐINU Í HÁSTERT Í GÆRKVÖLD

## *Stelpurnar stóðu sig eins og hetjur*

Landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson var eðlilega í skýjunum með sannfærandi sigur gegn Írlandi í gærkvöld þegar íslensku stelpurnar tryggðu sér þátttökurétt á lokakeppni EM 2009 sem fram fer í Finnlandi. „Stelpurnar stóðu sig eins og hetjur, bæði þær sem voru inni á vellinum og þær sem sátu á bekknum," segir Sigurður Ragnar.

Sigurður Ragnar tók við landliðsþjálfarastöðunni í byrjun árs árið 2007 og markaði liðinu strax þá stefnu að komast á lokakeppni EM 2009.

**sport**

Markmið sem virkaði ef til vill fjarlægt þá, en er nú orðið að veruleika.

„Þessi tæpu tvö ár sem við höfum verið saman hafa verið meiri háttar. Þessi hópur er frábær og allir þeir sem hafa komið nálægt liðinu hafa unnið stórkostlega vinnu og við erum að uppskera samkvæmt því. Það er sannarlega mikill heiður að fá að taka þátt í þessu," segir Sigurður Ragnar stoltur.



Nú getur íslenska liðið farið að hlakka til þess að spila á lokakeppni EM í Finnlandi á næsta ári en er landsliðsþjálfarinn strax farinn að láta hugann reika um undirbúning fyrir átökin þar?

„Nei, nei, það er nægur tími til undirbúnings fyrir lokakeppnina. Nú er bara frí og tími til þess að fagna vel og innilega. Við plönum bara undirbúninginn fyrir Finnland í rólegheitunum," sagði Sigurður Ragnar sigurreifur í leikslok í gærkvöld.

# Stelpurnar okkar á EM

**Írar réðu ekki við leikni Dóru Maríu Lárusdóttur sem skoraði tvö mörk og lagði upp eitt í 3-0 sigri íslenska kvennalandsliðsins í seinni umspilsleiknum við Íra.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusaga Íslands var endurskrifuð við íslenskar aðstæður á Laugardalsvellinum þegar stelpurnar okkar tryggðu sér sæti í lokakeppni EM í Finnlandi á næsta ári með því að vinna öruggan 3-0 sigur á Írum. Íslenska kvennalandsliðið vann því samanlagt 4-1 og er því fyrsta A-landslið karla eða kvenna í fótbolta sem kemst alla leið í úrslitakeppni stórmóts.

Aðstæður á Laugardalsvellinum í gær voru í raun ekki boðlegar fyrir eins mikilvægan leik og þetta. Írarnir létu víst vel í sér heyra og heimtuðu að þýski dómarinn flautaði leikinn af og það er kannski mögulegt að dómari sunnar í Evrópu hefði aldrei látið leikinn fara fram á frosnu grasinu. Sem betur fer þrjóskaðist sú þýska við og kláraði leikinn.

Íslensku stelpurnar byrjuðu vel og pressaði írska liðið frá fyrstu mínútu. Íslenska liðið reyndi mikið af stungusendingum fram á upphafskafla leiksins en það var hins vegar þegar þær spiluðu boltanum laglega upp hægri kantinn á 23. mínútu að þær náðu að skora fyrsta markið. Eftir laglega sókn upp hægri kantinn hrökk fyrirgjöf Ástu Árnadóttur út til Dóru Maríu Lárusdóttur sem var ekkert að hika heldur lagði boltann á snyrtilegan hátt upp í bláhornið. Fallegt og mikilvægt mark.

Íslenska liðið var meira með boltann og átti hættulegri sóknir en það var alltaf hætta á mistökum á gaddfreðnum vellinum og því var ekkert öruggt í hendi fyrr en stelpurnar næðu að bæta við




**GULLTRYGGT** Dóra María Lárusdóttir átti frábæran leik og hér skorar hún seinna mark sitt og gulltryggir Íslandi sætið á EM í Finnlandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

marki. Það mark kom eftir korter í seinni hálfleik og eftirleikurinn var draumur að rætast fyrir stelpurnar okkar.

Það var við hæfi að Margrét Lára Viðarsdóttir skyldi koma íslenska liðinu í 2-0 enda búin að fara fyrir uppkomu kvennalandsliðsins síðustu ár. Markið skoraði hún með flottum skalla úr markteig eftir frábæra fyrirgjöf Dóru Maríu Lárusdóttur. Þetta var tólfta mark Margrétar í undankeppninni.

Maður leiksins, Dóra María Lárusdóttir, gerði hins vegar út um leikinn á 69 mínútu þegar hún skaut íslenska liðinu endanlega til Finnlands. Dóra María afgreiddi þá boltann í netið eftir að hafa fengið glæsilega stungusendingu Margrétar Láru inn fyrir vörnina. Dóra María virtist kunna vel við sig á frosnum vellinum.

Það sem eftir lifði leiks var íslenska liðið með góð tök á leiknum, miðjan vann vel fyrir liðið og öll varnarlínan var mjög traust. Allir leikmenn liðsins voru jafnt einbeittir og skynsamir í sínum aðgerðum og það var að sjá að þarna færu stelpur sem kunna að stilla spennustigið sitt rétt þegar mest við liggur.

Árangur íslenska kvennalandsliðsins undir stjórn Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar er stórkostlegur. Nú tekur við annað ævintýri – að takast á við bestu þjóðir Evrópu í Finnlandi næsta haust.

ooj@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### *Undankeppni EM 2009*

| | |
|---|---|
| Ísland-Írland | 3-0 (4-1 samanlagt) |

1-0 Dóra María Lárusdóttir (23.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (60.), 3-0 Dóra María (69.)

**Lið Íslands:** María Björg Ágústsdóttir - Ásta Árnadóttir, 8 Katrín Jónsdóttir, Guðrún Sóley Gunnarsdóttir, Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir - Dóra Stefánsdóttir, Edda Garðarsdóttir, Sara Björk Gunnarsdóttir (84. Katrín Ómarsdóttir) - Dóra María Lárusdóttir, Hólmfríður Magnúsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir.

**Ísland**, Ítalía, Rússland, Úkraína og Holland komust í úrslitakeppnina í gegnum umspilið. EM fer fram í Finnlandi 23. ágúst til 10. september á næsta ári.

**Það verður dregið** í þrjá fjögurra liða riðla í Helsinki 18. nóvember næstkomandi. Auk fyrr nefndra liða munu Finnland, Þýskaland, Svíþjóð, Danmörk. England, Frakkland og Noregur vera í pottinum. Ísland er í neðstra styrkleikaflokki

### *Iceland Express-deild karla:*

| | |
|---|---|
| Tindastóll-Stjarnan | 84-78 (40-31) |

Stig Tindastóls: Ben Luber 26 (15 frák.), Darrel Flake 17 (6 stoðs.), Svavar Birgisson 14, Helgi Rafn Viggósson 8, Hreinn Birgisson 7, Ísak Einarssn 6, Sören Flæng 6.

Stig Stjörnunnar: Justin Shouse 26, Jovan Zdravevski 22, Fannar Freyr Helgason 16 (13 frák.), Birkir Guðplaugsson 4, Guðjón Lárusson 4, Hjörleifur Sumarliðason 3, Hilmar Geirsson 2, Ólafur Sigurðsson 1.

| | |
|---|---|
| ÍR-Njarðvík | 69-73 |
| Þór Akureyri-FSu | 99-89 |

Dóra María og Margrét voru í skýjunum í leikslok:

# Ólýsanleg tilfinning

**FÓTBOLTI** Markaskorararnir Dóra María Lárusdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir voru gríðarlega ánægðar í leikslok í gær eftir frækinn sigur.

„Það er eiginlega ekkert hægt að útskýra hvernig mér líður, þetta er bara ólýsanleg tilfinning. Stemningin í liðinu var frábær og að fá svona stuðning og ná markmiði okkar við þessar aðstæður er náttúrlega bara yndislegt," segir Dóra María sem átti hreint út sagt magnaðan leik í gærkvöld og skoraði tvö mörk og lagði upp eitt.

Margrét Lára tók undir með Dóru Maríu og hrósaði liðsheildinni fyrir frábæran sigur.

„Þetta var yndislegt. Þetta er bara eins og að vera heimsmeistari, maður getur ekkert lýst þessu. Við erum að brjóta blað í sögu íslenskrar knattspyrnu og erum bara að gera þetta íþróttaár á Íslandi enn betra og fallegra," segir Margrét Lára glöð.

Margrét Lára skoraði annað mark Íslands og lagði upp þriðja mark Dóru Maríu í gærkvöld. En fagnið hennar í öðru markinu var einkar skemmtilegt þar sem hún stoppaði við, klappaði frosnum



**KOMNAR YFIR** Stepurnar fagna fyrra marki Dóru Maríu Lárusdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

vellinum og gaf merki, „þumal upp", um að vallaraðstæður væru ekkert svo slæmar.

„Mér fannst ég verða að fagna með þessum hætti, bæði til þess að hrósa því góða fólki sem lagði nótt við dag til þess að gera völlinn eins góðan og mögulegt var og síðan líka út af því að írsku stelpurnar voru eitthvað að grenja yfir vallaraðstæðunum. Við vorum alla vega ekkert að pirra okkur á vallaraðstæðunum og létum það ekkert stoppa okkur," segir Margrét Lára kát. - óþ




LEIKUR ÁN FORDÓMA

MasterCard KSÍ

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn MasterCard Coca-Cola vodafone VÍS Lengjan ICELANDAIR

KSÍ

> **Mandy Moore**

„Það fer í taugarnar á mér þegar fólk segir að ég sé komin á toppinn því ég er bara rétt að byrja og á heilmikið eftir.“ Moore leikur í myndinni License to Wed sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON FÉKK UPPLJÓMUN

# *Dagurinn sem digitalið dó*

Öllu jafnan eru miðvikudagar með eindæmum leiðinleg sjónvarpskvöld. Nema þegar Stöð 2 Sport blæs til veislu hjá Meistaradeildinni. Þá er heimilið yfirleitt sett á annan endann, börnunum komið fyrir inni í herbergi og sagt að lesa bók því það sé svo gott fyrir sálina. Svo sest heimilisfaðirinn niður og einokar sjónvarpið frá kvöldi til miðnættis. Segir að hann verði hreinlega að horfa á alla leikina. Étur svo prins póló og kók og mælir vart eitt orð.

En Meistaradeildin var í fríi. Í staðinn var hins vegar heil umferð í ensku úrvalsdeildinni. Þar á meðal átti uppáhaldslið húsbóndans að spila.

Og sirkusinn endurtók sig. Börnin voru sett í rúmið. Sagt að lesa. Síðan var haldið upp á daginn með því að elda egg og beikon með pylsum. Allt samkvæmt óskum húsbóndans. Þegar nær dró leik var öllum loks sagt að hafa sig hæga, gera sem minnst því nú tækju við taugatrekkjandi níutíu mínútur. En þá dó digitalið. Vildi sýna allar aðrar rásir en einmitt íþróttarásirnar.

Og hið merkilega er að húsbóndinn fann ekki hið minnsta fyrir fótboltaleysinu. Þrátt fyrir að hafa vissulega eytt korteri í að reyna að laga digitalið sjálfur. En eftir því sem frá leið varð honum minna og minna sama og beið bara eftir því að úrslitin rötuðu á netið. Fótboltinn reyndist ekki vera þessi lífsnauðsynlegi hlutur sem húsbóndinn hafði alltaf talið að hann væri.



**EKKI LÍFSNAUÐSYNLEGT** Umferðin í enska boltanum reyndist ekki jafn lífsnauðsynleg og fyrirfram hafði verið talið.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Logi í beinni** STÖÐ 2



▶ **20.00 The Big Nothing** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00 Law & Order** SKJÁREINN



▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Happy Hour** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Káta maskínan** (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar** (58:65)

**17.47 Músahús Mikka** (28:55)

**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty II) (26:41)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Útsvar** Í þetta skiptið eigast við lið Fljótsdalshéraðs og Vestmannaeyja. Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.

**21.15 Þjóðhöfðinginn** (Head of State) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Forsetaframbjóðandi demókrata deyr í miðri kosningabaráttu og flokkurinn velur óvænt lítilsiglדan borgarráðsmann í Washington í hans stað. Aðalhlutverk: Chris Rock, Bernie Mac, Dylan Baker og Nick Searcy.

**22.50 Landsliðsþjálfarinn Mike Bassett** (Mike Bassett: England Manager) Bresk gamanmynd frá 2001. Þjálfari enska fótboltalandsliðsins fær hjartaáfall og hafin er leit að eftirmanni hans. Aðalhlutverk: Ricky Tomlinson, Amanda Redman, Bradley Walsh og Philip Jackson.

**00.20 Nýliðinn** (Training Day) Bandarísk spennumynd frá 2001. Ungur maður sem er að hefja störf í fíkniefnalögreglunni lendir með vinnufélaga sem er ekki allur þar sem hann er séður. Aðalhlutverk: Denzel Washington, Ethan Hawke, Scott Glenn og Tom Berenger. (e)

**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Weather Man**

**10.00 The Mupptet's Wizard of Oz**

**12.00 Hot Shots!**

**14.00 The Weather Man**

**16.00 The Mupptet's Wizard of Oz**

**18.00 Hot Shots!**

▶**20.00 The Big Nothing** Spennandi grínmynd með David Schwimmer og Simon Pegg í aðalhlutverkum.

**22.00 The Exorcism of Emily Rose**

**00.00 Anonymous Rex**

**02.00 U.S. Seals 3. Frogmen**

**04.00 The Exorcism of Emily Rose**

**06.00 Breaking and Entering**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Smá skrítnir foreldrar, Dynkur smáeðla, Tommi og Jenni, Louie og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (182:300)

**10.20 Grey's Anatomy** (27:36)

**11.15 The Moment of Truth** (13:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (62:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (63:114)

**14.30 Meistarinn** (5:15)

**15.25 Bestu Strákarnir** (14:50)

**16.00 A.T.O.M.**

**16.23 Bratz**

**16.48 Nornafélagið**

**17.08 Dexter's Laboratory**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.35 The Simpsons** (20:22) Marge fær hreinsunaræði og þarf að búa til sérlega sterka blöndu til að ná síðasta drullublettinum á Simpsons-heimilinu. Þegar hún andar efninu að sér fellur hún í yfirlið og þegar hún vaknar hefur hún misst minnið.

▶**20.00 Logi í beinni** Lauflettur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.

**20.50 Ríkið** (10:10)

**21.15 License to Wed**

**22.50 Blast!** Hörkuspennandi mynd um Michael Kittredge sem hefur í hug á að fremja hryðjuverk við strönd Kaliforníu. Hann dulbýr sig sem umhverfisverndarsinna og kemur sér fyrir á olíuborpalli þar sem hann hyggst láta til skarar skríða.

**00.20 The Full Monty**

**01.50 Enemy Mine**

**03.20 Christmas With The Kranks**

**04.55 Ríkið** (10:10)

**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**11.55 Formúla 1 2008 - Brasilía** Bein útsending frá æfingum liðanna.

**15.55 Formúla 1 2008 - Brasilía** Bein útsending frá æfingum liðanna.

**17.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**18.30 Utan vallar** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málin.

**19.20 Inside the PGA**

**19.45 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum.

**20.25 Spænski boltinn**

**20.55 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**21.25 NFL deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.

**21.55 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.

**22.55 UFC Unleashed**

**23.55 World Series of Poker 2008**

**00.50 Utan vallar**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.50 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Middlesbrough og Man. City.

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Chelsea.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. Utd og West Ham.

**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum.

**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Sheffield - Coventry, 1995.

**22.50 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í enska boltanum. Farið yfir viðureignir helgarinnar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**23.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Portsmouth.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Game tíví** (8:15) (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**19.20 Friday Night Lights** (7:15) (e)

**20.10 Charmed** (7:22) Bandarískir þættir um þrjár fagrar og kyngimagnaðar örlaganornir. Pabbi Paige fær hana til að vernda mann sem hvarf fyrir 50 árum en náði nýverið að sleppa frá djöfli sem veiðir fórnarlömb sín með ljósmyndum.

**21.00 Singing Bee** (7:11) Íslensk fyrirtæki keppa í skemmtilegum leik þar sem keppendur þurfa ekki að kunna að syngja heldur einungis að kunna textann við vinsæl lög. Kynnir þáttarins er Jónsi og hljómsveitin Buff sér um tónlistina. Núna er röðin komin að starfsfólki Nýherja og EJS að spreyta sig í þessum skemmtilega leik.

▶**22.00 Law & Order** (6:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Kona sem skrifað hafði metsölubók finnst látin í hótelherbergi sínu. Hún hafði nýlega gengist undir lýtaaðgerð hjá kærulausum lýtalækni

**22.50 Swingtown** (11:13) (e)

**23.40 CSI. Miami** (6:21) (e)

**00.30 In Plain Sight** (6:12) (e)

**01.20 America's Funniest Home Videos** (18:42) (e)

**01.45 America's Funniest Home Videos** (19:42) (e)

**02.10 Almost a Woman** (e)

**03.40 Jay Leno**

**04.30 Vörutorg**

**05.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Ríkið - lokaþáttur



Það er komið að lokaþættinum af Ríkinu. Þátturinn hefur vakið mikla athygli, ekki hvað síst fyrir frumleg og fersk efnistök og nýstárlegan húmor. Þættirnir gerast á óræðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega starfsfólkið. Hér er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundagamni, vinnustaðarómantíkinni og hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi.
Nú þegar Ríkið rennur sitt skeið á enda er vonandi að íslenskar þáttaraðir eigi eftir að verða fleiri því vinsældir þeirra hafa verið miklar.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### LICENSE TO WED

### STÖÐ 2 KL. 21.10

Rómantísk gamanmynd um Ben og Sadie sem eru ástfangin og ákveða að ganga í hið heilaga. Fyrst þurfa þau að ljúka undirbúningsnámskeiði hjá fjölskylduprestinum séra Frank en presturinn sá tekur hlutverk sitt sem sálnahirðir ákaflega alvarlega og leggur á hjónaefnin ýmsar þolraunir. Með aðalhlutverkin fara Robin Williams, Mandy Moore og John Krasinski.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Rigning í nóvember
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (49:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (50:260)
**17.00 Ally McBeal** (19:23)
**17.45 Skins** (9:10)
**18.30 Happy Hour** (12:13)
**19.00 Hollyoaks** (49:260)
**19.30 Hollyoaks** (50:260)
**20.00 Ally McBeal** (19:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
**20.45 Skins** (9:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
▶ **21.30 Happy Hour** (12:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Prison Break** (5:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.45 Magick** (4:4)
**23.10 Twenty Four 3** (23:24)
**23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Konur tjá sig hispurslaust um allt sem stendur og situr, rís og hnígur, vakir og sefur á þessari plánetu. Umsjónarkona er Kolfinna Baldvinsdóttir.
**21.00 Vitleysan** Grínistarnir Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson láta gamminn geisa. Það sannast að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni en hér eru synir Ladda og Karls Ágústs Úlfsonar mættir til leiks.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Hvor er vi landet? **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Min funky familie **16.30** Det kongelige spektakel **16.45** Den lille prinsesse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** Talent 2008 **20.00** TV Avisen **20.30** Reimers **21.10** Præsident på frierfødder **23.00** Hajen

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Jessica Fletcher **13.00** NRK nyheter **13.05** Barmeny **13.30** ,Allo, ,Allo! **14.00** NRK nyheter **14.03** Megafon **14.30** Ace Lightning **15.00** NRK nyheter **15.10** Hannah Montana **15.35** Mona Mørk **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Newton **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fragglene **17.25** Jack og Pedro **17.35** Pip **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Kodenavn Hunter **22.10** Kveldsnytt **22.25** Si at du elsker meg **23.15** Sex, dop og president Bush **00.10** Korte grøss **00.30** Kulturnytt

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Mitt i naturen **12.40** Carin 21.30 **13.10** Svensson, Svensson **13.40** Andra Avenyn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Hannah Montana **15.30** Djursjukhuset **16.00** Disneydags **16.50** Helgmålsringning **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Doobidoo **20.00** Robins **20.30** Crash **22.20** Morgonsoffan **22.50** Kulturnyheterna **23.05** The opposite of sex **00.45** Sändningar från SVT24




KREPPAN



*„Ég hef aldrei sótt lífshamingju mína í mammon enda lítinn þátt tekið í græðgissamfélagi síðustu ára. Ég tók strax ákvörðun um að horfa áfram á bjartari hliðar tilverunnar, því vinátta, hlýja og kærleikur eru margfalt dýrmætari en demantar!“*

Hermann Gunnarsson útvarpsmaður.

# Danir bíða eftir gjaldþrotum Íslendinga

Vefútgáfa danska dagblaðsins Extrabladet heldur áfram að fjalla um efnahagshrun Íslendinga. Með sínu nefi. Mörgum fannst heldur grátt gaman hjá vefsjónvarpi blaðsins þegar tveir blaðamenn hófu að safna peningum fyrir Íslendinga í söfnunarbauk. En nú er ljóst að danska þjóðin er smám saman að missa þolinmæðina gagnvart íslenskum athafnamönnunum sem lögðu undir sig mörg af þekktustu vörumerkjum Dana.

Blaðamaðurinn Fredrik Bjerre Andersen lætur þannig að því liggja í nýrri umfjöllun vefsjónvarpsins að nú eigi danskir neytendur hreinlega að planta sér fyrir utan aðrar verslanir sem hafi íslenska tengingu og bíða eftir rýmingarsölunni. Því þess sé ekki langt að væntа að þær fari sömu leið og Merlin. Andersen leggst síðan niður fyrir framan Illum og Magasin du Nord með miða sem á stendur: „Bíð eftir næstu rýmingarsölu.“ Til að stytta sér stundir drekkur Andersen síðan Royal-bjórinn sem er einnig að hluta til í eigu Íslendinga.




**DANIR HALDA ÁFRAM** Lesendur Ekstrablaðsins spá því að Magasin verði næsta fyrirtækið í Danmörku sem fari á hausinn vegna efnahagsþrenginganna á Íslandi.

Lesendur geta síðan tekið þátt í könnun á vegum blaðsins. Og niðurstöðurnar gefa það glöggt til kynna að Dönum er hreinlega heitt í hamsi. Meira en helmingur telur að eigur Íslendinga í Danmörku hafi glatað hinum danska sjarma og verði því að redda sér sjálfar. Helmingur dönsku þjóðarinnar trúir því ekki að Sterling verði endurreist og þegar spurt er hvaða „íslenska“ fyrirtæki fari næst á hausinn í Danmörku stendur ekki á svörunum. 46 prósent spá því að Magasin Du Nord fari fyrst en aðeins einn af hverjum tíu telja að Illum verði næsta fórnarlamb íslensku efnahagslægðarinnar. **- fgg**



**LÁRÉTT**
**2.** steintegund, **6.** ógrynni, **8.** gegnsær, **9.** kóf, **11.** voði, **12.** hólf, **14.** matarsamtíningur, **16.** klafi, **17.** atvikast, **18.** fát, **20.** tveir, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** ólæti, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** svikull, **10.** fúadý, **13.** framkoma, **15.** afgangur, **16.** tíðum, **19.** svörð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kalk, **6.** of, **8.** tær, **9.** kaf, **11.** vá, **12.** klefi, **14.** snarl, **16.** ok, **17.** ske, **18.** fum, **20.** ii, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** at, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** falskur, **10.** fen, **13.** fas, **15.** leif, **16.** oft, **19.** mó.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Frá Rússlandi.
2. Pálmi Haraldsson og Jóhannes Kristinsson.
3. Guðjón Valur Sigurðsson.






EGILL ÖRN: ÞJÓÐVERJAR ELSKA ERLEND LÖGREGLUFORINGJA

# Arnaldur Indriðason rýfur fimm milljóna múrinn

„Já, þetta er nokkuð gott. Og hlýtur að vera mikið gleðiefni hvernig gengið hefur með þessar bækur mínar um allan heim: Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Noregi, Hollandi og svo í 36 útgáfulöndum öðrum,“ segir Arnaldur Indriðason metsöluhöfundur.

Arnaldur hefur nú náð þeim einstæða áfanga að rjúfa fimm milljóna múrinn. Það er: Hann hefur selt fleiri eintök bóka sinna en fimm milljónir á heimsvísu. Enginn núlifandi rithöfundur íslenskur kemst með tærnar þar sem Arnaldur hefur hælana í þessu sambandi. Talið er að bækur Halldórs Laxness hafi farið í viðlíka eintakafjölda og hugsanlega Nonna-bækur séra Jóns Sveinssonar en engar ábyggilegar upplýsingar eru fyrirliggjandi þar um. Af þessum fimm milljónum hafa þrjár milljónir selst í Þýskalandi. Arnaldur segist svo sem ekki hafa neinar skýringar á því nema af vera kynni að þeim Þjóðverjum þyki Erlendur, helsta söguhetja bóka Arnaldar, svona skemmtilegur. „Og svo er náttúrlega rótgróinn áhugi á Íslandi þar. Kannski að þetta tvennt ráði þessu,“ segir Arnaldur. Hann segir bærilega hafa gengið með útgáfu bóka sinna á Bandaríkjamarkaði, sem er gríðarlega stór, en þar er mjög erfitt fyrir nýja höfunda að komast að.“

Á laugardaginn kemur út ný bók eftir Arnald – Myrká – sem verður frumprentuð í stærra upplagi en áður hefur þekkst á Íslandi eða í uppundir þrjátíu þúsund eintökum. Plastið verður rifið af bókabrettinu með viðhöfn í Eymundsson við söng Lögreglukórsins auk þess sem upplesari Íslands, Hjalti Rögnvaldsson leikari, mun lesa upp úr bókinni. Aðspurður hvort ekki gæti spennu hjá höfundi í tengslum við þetta segir Arnaldur: „Þetta er nú tólfta bókin á jafn mörgum árum. Maður er farinn að taka því aðeins rólegar en auðvitað er alltaf spenningur.“

Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins, er að vonum ánægður með árangurinn: „Þjóðverjar elska Arnald. Það er ljóst. Frábær árangur hjá Arnaldi að vera búinn að selja þrjár milljónir eintaka í Þýskalandi einu. Ekki eru til nákvæmar tölur um hversu mörg eintök bóka Arnaldar hafa selst á Íslandi en slá má á að þau séu rúmlega 300 þúsund sem þýðir eitt eintak á hvern íbúa. Sem hlýtur að teljast tækt í heimsmetabók Guinness,“ segir Egill.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun Myrká koma lesendum á óvart burtséð frá þeim glæp sem um ræðir en sjálfur Erlendur kemur nánast ekkert við sögu heldur virðist hann týndur á fjöllum. Yfirgefinn bílaleigubíll hans finnst við kirkjugarð austur á fjörðum og er það því Elínborg sem leiðir málið. Og fá lesendur meðal annars að kynnast betur matargerðaráhuga hennar sem má heita tilbreyting frá fábreyttri fæðu sem Erlendur lögregluforingi leggur sér til munns.

jakob@frettabladid.is



**ARNALDUR INDRIÐASON** Hefur nú náð þeim einstæða árangri að selja yfir fimm milljónir eintaka bóka sinna - þar af þrjár milljónir í Þýskalandi.

Auglýsingasími 512 50 50 Mest lesið

FRÉTTIR AF FÓLKI



Skáldin leggja eitt af öðru eitthvað til málanna í kreppunni. Nú er komið að **Óttari M. Norðfjörð**, en hans innlegg, teiknimyndasagan Tíu litlir bankastrákar er væntanleg. Í bókinni tapa níu bankastrákar tölunni og fyrstur til að fara er **Hannes Smárason**. Í lokin er bara **Davíð Oddsson** eftir. Þá stendur í bókinni: „Hann sótti handjárnin og hjakkaðist á þíu og fyrr en varði urðu bankastrákarnir aftur tíu.“ Í fyrra gaf Óttar út teiknimyndabókina **Jón Ásgeir** og afmælisveislan, sem fjallaði um góðærið.



Glænýtt myndband við lagið Kate Bush á væntanlegri plötu **Hauks Magnússonar** og félaga í rokksveitinni Reykjavík! er komið á netið. Myndbandið fer varla í mikla spilun á Skífu TV enda hvorki sætar stelpur í því né sætir strákar að spila á hljóðfæri. Í staðinn er þysjað inn og út á eina af risabyggingunum í Höfðatorgi, eins konar draugagangur góðærisins, vill sveitin meina. Á heimasíðu Höfðatorgs segir hins vegar að Reykjavík „iði af orku og athafnagleði“ og að „mannlífið blómstri og menningin dafni“. Alllangt er síðan heimasíðan var uppfærð.

**Kolfinna Baldvinsdóttir** og félagar hennar í baráttusamtökunum Nýjum tímum hafa kynnt nýja útgáfu af fána samtakanna. Fréttablaðið sagði í gær frá óánægju með fyrri fána samtakanna, en **Dóra Ísleifsdóttir** sagði hann nasistalegan í samtali við blaðið. Samtökin virðast hafa tekið gagnrýni Dóru alvarlega. Um miðjan dag í gær hafði rauður litur fánans verið tónaður mikið niður á heimasíðu samtakanna. Síðdegis í gær kom svo nýi fáninn inn á síðuna. Hann er byggður á grunni íslenska fánans, sem er einmitt hugmynd sem téð Dóra vildi fá fram.



**- drg, hdm**

# Gerðu grín að þætti Kompáss

Rúmlega 1.500 manns hafa séð á síðunni Youtube myndband þar sem gert er grín að umfjöllun sjónvarpsþáttarins Kompáss um handrukkara.

Mennirnir á bak við myndbandið eru þeir Helgi Jean Claessen og Hjálmar Jóhannsson, sem gáfu fyrir síðustu jól út bókina Konur eru aldrei hamingjusamar því þær eru með svo litlan heila, þar sem gert var grín að bók Þorgríms Þráinssonar, Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama?

„Við fórum að hugsa þetta eftir að við sáum samtölin í þættinum inni á Vísir.is,“ segir Helgi og líkir Kompás-þættinum við senu í bíómynd. „Þetta var svo flott atriði að það hefði getað verið í hvaða bíómynd sem er. Það var flott uppbygging á þessu og flott hvernig stemningin var búin til. Þetta leit rosalega bíómyndalega út og við ákváðum að gera smá grín að því.“

Helgi segir myndbandið hafa fengið mjög góð viðbrögð en vonar um leið að allir þeir aðilar sem komu nálægt Kompásþættinum séu sáttir. „Þetta er fyrsta skrefið á þessum vettvangi. Við eigum eftir að koma með eitthvað fleira.“ Áhugasamir geta séð myndbandið á slóðinni http://www.youtube.com/watch?v=m1Muq_fb460. **- fb**



**GRÍNISTAR** Félagarnir Hjálmar Jóhannsson (til vinstri) og Helgi Jean Claessen gerðu í myndbandi sínu grín að umfjöllun Kompáss um handrukkara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







heimahúsið1008

KYNNINGARVERÐ:
**149.800,-**



Tvíbreitt rúm. 180x200 sm.
Tvískipt gormadýna m. pokagormum og Memori Foam.
**Verð: 198.800,- / Kynningarverð: 149.800,-**

KYNNINGARVERÐ:
**149.800,-**



Rafmagnsrúm 96x200 sm.
Rafmagnsbotn, tvískipt dýna
m. pokagormum og Cold Foam.
**Verð: 179.800,- / Kynningarverð: 149.800,-**

HEIMA HÚSIÐ
mood heima
Öndvegi

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudaga 13-16. Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi
á **kr. 5.000** nóttin

Uppbúið rúm
í svefnpokaplássi
**kr. 2.000** nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is





**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar


## *Eftir atvikum*

Sem betur fer þurfum við ekki að halda sönsum til að líkaminn sinni grunnskyldum sínum; hjartað heldur áfram að slá og lungun að draga andann jafnvel þótt við missum meðvitund. Þá ríður hins vegar á að skrúfa ekki fyrir súrefnið.

**JÚ,** ástandið er slæmt – en ekki endilega jafn slæmt og það sýnist. Sjúklingurinn hefur vissulega orðið fyrir nokkuð svæsinni eitrun, sem helgast aðallega af óreglusömu líferni undanfarin ár. Hann er ungur og hvatvís. Af stráksskap gelgjuáranna innbyrti hann talsvert magn af bragðgóðri ólyfjan, sem í stað þess að brotna niður í líkamanum og hverfa í gegnum svitaholur, safnaðist upp í innvortis kaunum.

**UTANAÐKOMANDI** þrýstingur virðist hafa orðið til þess að graftarkýlið sprakk. Eitrið vellur nú úr því og líkaminn keppist við að hreinsa það úr kerfinu. Því fylgja jafnan einkenni á borð við ákafan sviða, niðurgang og sótthita, sem þegar verst lætur getur valdið tímabundnu óráði. Við slíkar aðstæður er brýnt að koma í veg fyrir að sjúklingurinn rasi um ráð fram og kasti allri fyrirhyggju fyrir róða; það myndi bæta gráu ofan á svart.

**SÓTTIN** getur vissulega enn unnið talsvert tjón áður en hún gengur niður. Því er fyrir mestu að grípa til ráðstafana til að lágmarka skaðann og koma í veg fyrir að sjúklingurinn bíði varanleg örkuml. Mikilvægt er að hinn kranki liggi fyrir meðan hann er hvað veikastur og safni kröftum. Hann verður að öllum líkindum nokkuð rýrari þegar hann kemst aftur á lappir og talsvert máttfarinn til að byrja með. Það vinnur hins vegar með honum að hann er ungur að árum, var hraustur fyrir og vel á sig kominn. Með viðeigandi endurhæfingu og réttu hugarfari hefur hann því alla burði til að endurheimta fyrri styrk að fullu og verður jafnvel heilbrigðari en áður.

**GERUM** þó ekkert lítið úr alvöru málsins. Þótt ágætar líkur séu á að sjúklingnum batni steðjar að honum ein alvarleg hætta sem gæti riðið honum að fullu: Kreddufast sjúkralið af gamla skólanum, sem tók ekki hvorki mark á sjúkdómseinkennunum né brást við þegar ljóst var hvert stefndi, og heldur fast í þá bábilju að blóðtaka sé líklegust til árangurs.

**SPAKLEGAST** væri að skipta út gamla sjúkraliðinu sem fyrst. Áður en það teygir sig í arsenikið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 31. október, 305. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.09 | 13.11 | 17.13 |
| Akureyri | 9.03 | 12.56 | 16.48 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Regatta
GREAT OUTDOORS™

STÖNDUM SAMAN GEGN KREPPUNNI !

OKKAR FRAMLAG

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550. **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322